FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
16. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. JANÚAR 2017




Skipverji á Polar Nanoq leiddur frá borði í járnum. Hann er grunaður um að hafa upplýsingar um hvarf Birnu Brjánsdóttur. Tveir menn til viðbótar eru grunaðir í málinu. Starfsmenn tæknideildar lögreglunnar fóru um borð skömmu eftir að skipið kom að landi og hófu rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Munu krefjast gæsluvarðhalds yfir þremur Grænlendingum

**Polar Nanoq kom til hafnar í gærkvöld. Þrír menn voru leiddir út úr togaranum í járnum. Lögregla mun krefjast gæsluvarðhalds yfir þeim í dag. Mennirnir eru grunaðir um að búa yfir upplýsingum um hvarf Birnu Brjánsdóttur. Flogið var með sex sérsveitarmenn um borð í togarann í gær og handtóku þeir mennina.**

**LÖGREGLUMÁL** Grænlenski togarinn Polar Nanoq kom til hafnar í Hafnarfirði laust upp úr ellefu í gærkvöldi. Þrír skipverjar voru leiddir út úr bátnum í járnum og færðir í lögreglubíla.

Allir eru þeir grunaðir um að búa yfir upplýsingum um hvarf Birnu Brjánsdóttur. Ekkert hefur spurst til hennar síðan um aðfaranótt laugardags.

Fjöldi bíla var við hafnarbakkann þegar Polar Nanoq kom á svæðið, þar af voru að minnsta kosti fjórir lögreglubílar. Einnig var búið að reisa girðingar til að halda almenningi og fjölmiðlum í fjarlægð frá skipinu.

Mennirnir þrír verða leiddir fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í dag þar sem lögregla mun fara fram á gæsluvarðhald yfir þeim. Tveir þeirra voru handteknir um borð í Polar Nanoq um hádegisbil í gær þegar sex sérsveitarmenn fóru um borð í togarann. Sá þriðji var handtekinn nokkru seinna, þó einnig þegar hann var um borð í bátnum.

Þegar um borð í skipið var komið tóku sérsveitarmenn yfir stjórn skipsins. Þá var það um það bil níutíu sjómílur suðvestur af landinu.

Aðrir í áhöfninni eru frjálsir ferða sinna en lögregla mun taka skýrslu af þeim. Þrátt fyrir girðinguna voru allnokkrir mættir á hafnarsvæðið í gær til þess að fylgjast með gangi máli.

„Við ætluðum að koma hingað og fylgjast með því þegar skipið kemur. Það er náttúrulega ekki hægt að komast mjög nálægt en við sjáum þó eitthvað í það,“ sagði Dagur Hjálmarsson á hafnarsvæðinu í gær. Með honum í för var Jakob Kristján Þrastarson.

Þeir sögðust hafa miklar áhyggjur af málinu. Jafnframt sögðust þeir hafa lesið hvern bókstaf sem fjölmiðlar hafa skrifað um málið. Báðir voru þeir staddir á Nora Magasin, líkt og Birna, á föstudagskvöld.

„Besta vinkona Birnu er fín vinkona mín. Ég hef tekið þetta svolítið nærri mér og mér líður illa yfir þessu,“ sagði Jakob.

Dagný Guðmundsdóttir og Bergur Hrafn Jónsson voru einnig stödd á hafnarsvæðinu í gær. Líkt og Dagur og Jakob þekkja þau Birnu ekki en eiga sameiginlega vini.

Dagný sagði þau vera á svæðinu af umhyggju. „Við erum rosalega hrædd um Birnu og líkt og þjóðinni allri liggur okkur á að vita hvar hún er,“ sagði Dagný enn fremur.

„Þetta er svo óvenjulegt. Þetta gerist ekki oft hér. Það er töluvert langt síðan það var svona stórt mannhvarfsmál á Íslandi. Ég var ekki einu sinni fæddur þá,“ sagði Bergur.

thorgnyr@frettabladid.is
snaeros@frettabladid.is / sjá síður 4 og 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um refsiábyrgð og umboðssvik. 21
**SPORT** Örlög strákanna okkar í þeirra eigin höndum. 32
**VIÐSKIPTI** Brúnegg til sölu. 18
**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **KONUR Á BESTA ALDRI**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Nokkuð hvöss austanátt syðst á landinu, annars mun hægari vindur. Fer að snjóa á sunnanverðu landinu um og eftir hádegi. Þurrt veður fyrir norðan, bjart og kalt en lítils háttar snjókoma þar um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 38



**Jarðvarmi er að baki um 26% af raforkuframleiðslu á Íslandi.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslensk orka öll hrein

**ORKUMÁL** Á sama tíma og 99,99 prósent allrar raforku á Íslandi eru framleidd með endurnýjanlegum hætti, er það hlutfall 22 prósent af allri raforkuframleiðslu OECD-ríkja. Þetta kemur fram í nýjustu tölum frá Alþjóðaorkumálastofnuninni (IEA), sem Samorka segir frá.

Tölur IEA ná yfir tímabilið 2014-2016. Þar kemur fram að 60 prósent rafmagns í OECD ríkjum eru framleidd með jarðefnaeldsneyti, átján prósent með kjarnorku, fjórtán prósent með vatnsafli og loks rúmlega átta prósent með jarðvarma, vindi, sólarorku eða öðru. Athygli vekur hversu hægt dregur úr umfangi jarðefnaeldsneytis við rafmagnsframleiðsluna í ríkjum OECD, að mati Samorku.

Þegar sama tímabil er skoðað fyrir Ísland sést að vatnsafl er að baki um 73 prósentum af heildarraforkuframleiðslu á Íslandi og jarðvarmi um 26 prósentum. Að sama skapi sést að framleiðsla með vatnsafli hefur aukist en dregist saman með jarðvarma. Framleiðsla með jarðefnaeldsneyti er hverfandi. Þar sem hún mælist er líklega um varaaflstöðvar að ræða sem eru keyrðar í gang við rafmagnsleysi í flutnings- eða dreifikerfinu.

„Að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis er eitt mikilvægasta verkefni sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir í loftslagsmálum. Ítarlegar rannsóknir hafa sýnt fram á hækkandi hitastig jarðarinnar með alvarlegum afleiðingum fyrir komandi kynslóðir,“ segir í frétt Samorku **– shá**

## Byggt á Hlíðarenda



**Turn Hallgrímskirkju gnæfði yfir þessum verkamönnum sem unnu að uppbyggingu á Hlíðarenda í gær. Á Hlíðarendasvæðinu er verið að byggja íbúðarhús og er gert ráð fyrir að um sex hundruð íbúðir muni rísa á svæðinu. Þó verður einnig aðstaða fyrir atvinnustarfsemi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Munntóbaksnotkun í Noregi eykst mest meðal langskólagenginna kvenna.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fleiri konur taka í vörina

**NOREGUR** Ein af hverjum sex konum á aldrinum 16-34 ára í Noregi tekur í vörina á hverjum degi en það eru næstum því jafn margar og karlar á sama aldri. Munntóbaksnotkun eykst mest meðal langskólagenginna kvenna.

Mest munntóbak nota þær enn sem eru með minnsta skólagöngu. Munntóbaksnotkun eykst meðal kvenna á öllum aldri, óháð lengd skólagöngu.

Munntóbaksnotkun karla í Noregi hefur minnkað undanfarin ár. **– ibs**






# Venjan að hafa allt of mikinn mat á borðum

**Á vefnum er skammtareiknivél sem nýta má þegar halda á matarboð. Ef rétt er skammtað geta allir verið mettir, segir sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun sem vill sporna við matarsóun. Aukin umferð um vefinn eftir grínið í Skaupinu.**

**NEYTENDUR** Umferðin um vefinn matarsoun.is tók sérstakan kipp eftir Áramótaskaupið. „Baráttan gegn matarsóun er farin að vekja meiri og meiri athygli. Ég tók grínínu í Áramótaskaupinu, þegar Helga Braga Jónsdóttir sá til þess að ekki yrði matarögn leift á heimilinu, sem miklu hrósi og það vakti enn frekari athygli á því sem við erum að gera,“ segir Ingunn Gunnarsdóttir sem hefur umsjón með vefnum matarsoun.is fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Stofnunin sér um vefinn, sem settur var á laggirnar í mars í fyrra, ásamt fjölmörgum samstarfsaðilum.

Um 60 til 70 manns skoða nú vefinn á hverjum degi, að sögn Ingunnar sem er með meistaragráðu í umhverfisstjórnsýslu og er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. „Þar eru ýmsar leiðbeiningar fyrir almenning um hvernig hægt er að draga úr matarsóun, eins og til dæmis uppskriftir. Auk þess er þar skammtareiknivél sem er mjög hentugt að nýta sér þegar halda á matarboð. Það er mikil lenska hjá Íslendingum að hafa alltof mikinn mat á borðum. Þeir telja að boðið sé slæmt ef maturinn klárast. En ef rétt er skammtað geta allir verið mettir þótt maturinn klárist. Auðvitað borða margir afganga daginn eftir en samt er miklu hent.“

Rannsókn á vegum Umhverfisstofnunar í fyrra sýndi að hver íbúi hér á landi fleygir að meðaltali 23 kg af nýtanlegum mat á ári og 39 kg af ónýtanlegum mat. Hver íbúi hellir niður 22 kg af matarolíu og fitu og 199 kg af drykkjum.

Rannsóknin var úrtaksrannsókn og skiptist í tvo hluta, annars vegar heimilishluta þar sem matarsóun á heimilum landsmanna var mæld og hins vegar fyrirtækjahluta þar sem matarsóun í tilteknum geirum atvinnulífsins var mæld. Af 1.036 heimila úrtaki úr þjóðskrá bárust svör frá 123. Í fyrirtækjahlutanum lenti 701 fyrirtæki í úrtaki, úr 17 mismunandi atvinnugreinaflokkum. Svör bárust frá 84 fyrirtækjum úr 12 atvinnugreinaflokkum.

Í forvarnarstefnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Saman gegn sóun, sem er til 12 ára, verður lögð áhersla á baráttuna gegn matarsóun fyrstu þrjú árin, að því er Ingunn greinir frá. „Í ár verður lögð áhersla á að koma fræðslu inn í skólana. Ég er að fara að búa til kennsluefni en mikil eftirspurn hefur verið eftir því. Kennarar hafa hringt og beðið um slíkt efni.“ **ibs@frettabladid.is**



**Matarleifar í gámi. Hver íbúi hér á landi fleygir að meðaltali 23 kg af nýtanlegum mat á ári og 39 kg af ónýtanlegum mat. Hver íbúi hellir niður 22 kg af matarolíu og fitu og 199 kg af drykkjum.**

**199**

**kílóum af drykkjum er hellt niður á hverju heimili ár hvert.**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




# SÚPER ÚTSÖLU LÝKUR UM HELGINA

## FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR Á SÚPER AFSLÆTTI

FLÍSAR 30-60% • BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR & HANDÞEYTARAR (ELECTROLUX) 30%
RYKSUGUR 20-30% • BLANDARAR 25-45% • PARKET 30% • LJÓS 30-50%
BLÖNDUNARTÆKI (DAMIXA) 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40%
HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • HÁÞRÝSTIDÆLUR 30%
MÁLNING 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 25% • VINNUSKÓR 25-40%
HNÍFAPÖR, MATARSTELL & GLÖS 25% • POTTAR, PÖNNUR & BÖKUNARVARA 30%
PLASTKASSAR 25-50% • ÚTIVISTARFATNAÐUR (TRUE NORTH) 30% • JÓLAVÖRUR 50-70%
GJAFAVARA 25-50% • KERTI & GERVIBLÓM 30% • POTTAPLÖNTUR 30-50%
INNIHURÐIR 20-40% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Byggjum á betra verði

Vefverslun husa.is

## Viðbúnaður við Hafnarfjarðarhöfn klukkan 14.40 í gær




# Kafað langt fram á kvöld í Hafnarfirði

**Leitin að Birnu Brjánsdóttur hélt áfram í gær af fullum þunga. Sjö kafarar köfuðu við Hafnarfjarðarhöfn og einnig var leitað á Strandarheiði. Birna átti ekki í neinum samskiptum á Tinder eða Badoo. Móðir hennar sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hún þakkaði hlýhug.**


**Grænlenski togarinn Polar Nanoq.** MYND/VÍÐIR MÁR HERMANNSSON


**Leitað var um Strandarheiði þar sem hundateymi fóru um.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SAMFÉLAG** Töluverður viðbúnaður var við höfnina í Hafnarfirði í gær þar sem fjöldi fólks tók þátt í köfunaraðgerðum í leit að Birnu Brjánsdóttur. Þar leituðu kafarar frá sérsveit Ríkislögreglustjóra, köfunarsveit Landhelgisgæslunnar og björgunarsveitarfólk af sér allan grun. Sérhæft leitarfólk Landsbjargar leitaði einnig að Birnu á vegarslóða á Strandarheiði á Reykjanesi.

Á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði voru sjö kafarar að störfum frá Landhelgisgæslunni. Bátar gæslunnar Baldur og Óðinn tóku einnig þátt í leitinni. Sett var upp tjald fyrir kafarana til að halda á þeim hita eftir að hafa verið í ísköldu Atlantshafinu. Hafnarsvæðinu var lokað í gær þegar danska varðskipið Triton og grænlenski togarinn Polar Nanoq komu til hafnar. Í tilkynningu frá lögreglu í gær sagði að leitað hefði verið út frá þeim fjölmörgu vísbendingum sem hafa borist frá almenningi. Vísbendingum um leitarsvæði er forgangsraðað og sé unnið samkvæmt því.

Um fjörutíu björgunarsveitarmenn leituðu á um 10 ferkílómetra svæði á Strandarheiði ásamt þremur hundateymum. Guðbrandur Örn Arnarson, sem stýrði leitinni, sagði björgunarsveitarmenn fylgja eftir vísbendingum sem hafa borist vegna málsins. „Vísbendingarnar geta skipt tugum eða hundruðum og er farið í gegnum þær allar. Leitað var með fram slóðum á Strandarheiði og er þá til dæmis kannað hvort möguleiki sé á því að manneskja hafi farið þar um á bíl.“

Tvímenningarnir sem Birna sést rekast utan í þessa nótt hafa ekki gefið sig fram. Þá getur lögreglan ekki staðfest að Kia Rio-bíllinn sem er í vörslu hennar sé bíllinn sem sást aka niður Laugaveg. Starfsmaður Hafnarfjarðarhafnar sem skoðaði eftirlitsmyndavélakerfi hafnarinnar varð rauða bílsins var og sést hann koma að togaranum Polar Nanoq á milli sex og hálf sjö að morgni laugardags, um hálftíma eftir að slökkt var á síma Birnu á Hafnarfjarðarsvæðinu.

Lögreglan komst einnig inn á samfélagsmiðla sem Birna notaði; Tinder og Badoo. Engin virkni var á þeim. Lögreglan fékk leyfi til að skoða upplýsingar um farsíma sem ferðuðust með sama hætti á farsímasendum og sími Birnu en þeirri rannsókn miðar hægt. Ekki er vitað hvenær niðurstaða fæst í þeirri rannsókn.

Sími Birnu kom fyrst inn á sendi við Mál og menningu á Laugavegi um klukkan 05.25, næst á mastur við Lindargötu og er þá á gönguhraða. Því næst tengist hann mastri á horni Laugavegs og Barónsstígs og er svo kominn á ökuhraða þegar hann tengist mastri í Laugarnesi. Rúmum tuttugu mínútum síðar, eða um klukkan 5.50, er slökkt á símanum handvirkt þegar hann tengist símamastri á gömlu slökkvistöðinni við Flatahraun í Hafnarfirði.

Sigurlaug Hreinsdóttir, móðir Birnu, sendi frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla í gær. Í yfirlýsingunni þakkar hún fyrir allan þann samhug, einhug og styrk sem henni og öðrum sem tengjast Birnu hefur verið sýndur undanfarna daga.

„Takk fyrir allan þann samhug og einhug og styrk sem þið sýnið og gefið öll sem eruð að vinna í þessu. Og takk lögregla og björgunarsveitir fyrir að vera með hjartað í þessu. Við gefumst ekki upp, hún er þarna, við finnum hana.“

**thorgnyr@frettabladid.is**




Land Cruiser 120 GX - Dísel
Sjálfskiptur - Ný yfirfarinn - Ný tímareim o.fl. - Ekinn 145þ. km
Verð: 3.650.000,-
Raðnr. 100137



Renegade Trailhawk - Dísel
Upphækkaður - 6.5" snertiskjár
Sjálfskiptur - Ekinn 32þ. km
Verð: 5.350.000,-
Raðnr. 152760



Land Cruiser 120 GX - Dísel
Sjálfskiptur - 35" breyttur
Ný tímareim - Ekinn 187þ. km
Verð: 4.290.000,-
Raðnr. 100141



Land Cruiser 120 VX - Bensín
8 manna - Sjálfskiptur - Flottur og góður bíll - Ekinn 178þ. km
Verð: 2.190.000,-
Raðnr. 152834



Cherokee Latitude - Sjálfskiptur
Bensín - Panorama þak - Leður
Upphækkaður - Ekinn 58þ. km
Verð: 5.950.000,-
Raðnr. 152754



Tahoe Z71 - Sjálfskiptur - Leður
Bensín - 7 manna - Vel búin bíll
Flott eintak - Ekinn 165þ. km
Verð: 3.590.000,-
Raðnr. 152869



Explorer Limited - Sjálfskiptur
7 manna - Bensín - Leður ofl.
Einn eigandi - Ekinn 123þ. km
Verð: 5.990.000,-
Raðnr. 152891



500 Lounge - Beinskiptur
Bensín - Íslandspakki
4.9l á 100 - Ekinn 30þ. km
Verð: 2.290.000,-
Raðnr. 152780

100 bílar bílasala
100 bílar ehf.
Stekkjarbakka 4
109 Reykjavík
Sími: 517 9999
100bilar@100bilar.is
www.100bilar.is
Mikil sala - Vantar bíla á skrá - 800m2 innisalur



500X Cross - Sjálfskiptur - 4x4
Ný nagladekk - Íslandspakki ofl.
Dísel - Ekinn 37þ. km
Verð: 4.390.000,-
Raðnr. 221020



Megane Sport Tourer - Dísel
Beinskiptur - Dráttarbeisli
Ekinn 69þ. km
Verð: 2.290.000,-
Raðnr. 151792


Ford
KUGA
KUGA
#HÆFASTUR
Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursgeiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.
Ford er frábær! Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.
FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:
5.690.000 KR.
FORD ER FRÁBÆR!
Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur – komdu núna!
LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR
– þú getur fengið hann í allt að 24 tíma!
24
Þrír fá fríann Ford í þrjá mánuði!
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!
Ford
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Flest leikskólabörn í Noregi eru lengur en 40 klukkustundir á viku í leikskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Langir dagar valda streitu

**NOREGUR** Yngstu leikskólabörnin, sem dvelja lengst í leikskólanum á daginn, eru stressaðri en þau sem dvelja þar skemur. Þetta eru niðurstöður rannsóknar norskra háskóla og heilbrigðisstofnana.

Safnað var munnvatni 112 barna á aldrinum eins og tveggja ára tvisvar á dag í 85 leikskólum í sex sveitarfélögum til að mæla magn streituhormónsins kortísóls.

Norska ríkisútvarpið hefur það eftir prófessornum May Britt Dugli að mælt hafi verið klukkan 15 bæði hjá þeim sem dvelja lengi á leikskólanum og hinum sem dvelja skemur. Svo virðist sem líkami þeirra sem dvelja lengi í leikskólanum sé þá þegar farinn að búa sig undir langa dvöl.

Streitan var minni þá daga sem börnin voru heima.

Samkvæmt norsku hagstofunni eru flest leikskólabörn í Noregi lengur en 40 klukkustundir á viku í leikskólanum. – ibs

## Á flótta í frostinu




Flóttamaður treður snjóinn í Belgrad, höfuðborg Serbíu, nærri aðallestarstöð borgarinnar. Við hlið hans er veggur sem búið er að krota orðin „Flóttamenn eru Ekki hryðjuverkamenn“ á. Alls er talið að um sjö þúsund flóttamenn séu strand í Serbíu. NORDICPHOTOS/AFP

# Peningaleysi lögreglunnar tafði fyrir

**Eftirlitsmyndavélar lögreglunnar í Reykjavík voru settar upp fyrir 20 árum og geta ekki greint bílnúmer eða andlit. Lögreglan hafði ekki númer á Kia Rio-bifreiðinni sem hún leitaði í tengslum við hvarf Birnu Brjánsdóttur og þurfti því að reyna að útiloka 126 aðrar.**

**SAMFÉLAG** „Það er skelfilegt til þess að hugsa að gæði myndavéla skuli gera það að verkum að svona mikilvægur rannsóknarþáttur skuli tefjast. Það er með ólíkindum á þessari tölvuöld,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, en athygli hefur vakið hversu óskýrar myndir lögreglunnar eru af för Birnu Brjánsdóttur nóttina sem hún hvarf.

Greint var frá því á blaðamannafundi á mánudag að lögreglan hefði ekki skráningarnúmer Kia Rio-bílsins, sem hún þurfti að finna, vegna lélegra gæða eftirlitsmyndavélanna. Þurfti lögreglan því að notast við útilokunaraðferð til að finna bílinn og sagði Grímur Grímsson, sem stýrir rannsókninni á hvarfi Birnu, að lögreglan hefði skoðað 126 bíla. Hefði lögreglan séð bílnúmerið strax hefði það þrengt leitina og sparað mikinn tíma.

Lögreglan hefur fullan aðgang að átta myndavélum samkvæmt rannsókn Bryndísar Björgvinsdóttir og Valdimars Tr. Hafstein í félagsvísindum við Háskóla Íslands frá 2010. Snorri segist efast um að eftirlitsmyndavélar séu orðnar fleiri eða uppfærðar en eftirlitsmyndavélarnar voru settar upp fyrir um 20 árum.

„Ég nánast leyfi mér að fullyrða að það hafi ekki orðið nein breyting án þess að ég viti það fyrir víst. Fjárhagsstaðan hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er slík að það er útilokað að það sé búið að bæta við eða endurnýja þær vélar sem eru uppi.

Þetta eru vélar sem voru settar upp í samvinnu við Reykjavíkurborg árið 1997 og þetta voru og eru enn miklir hlunkar,“ segir hann.

Alls eru á þriðja hundrað eftirlitsmyndavélar í miðbæ Reykjavíkur samkvæmt rannsókn þeirra Bryndísar og Valdimars. Samkvæmt upplýsingum frá Securitas beinast þær yfirleitt að bakhúsum og inn í verslanir. Götur miðborgarinnar eru því lítið vaktaðar en Birna hvarf sjónum lögreglu við Laugaveg 31.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra er að setja sig inn í starfið og átti erfitt með að tjá sig um hvort eftirlitsmyndavélar lögreglunnar yrðu endurnýjaðar og betrumbættar. „En ef það eru einhverjar vélar sem eru ekki að virka verður það að sjálfsögðu skoðað. En það eru sjónarmið í þessu, bæði með og á móti, og það gilda strangar reglur um eftirlitsmyndavélar sem beinast út á götu,“ segir hún.

Snorri segist skilja persónuverndarsjónarmiðin en þau aftri rannsóknum lögreglunnar. „Búnaðurinn er orðinn þannig að það er varla hægt að nota hann. Þessar myndir sem hafa verið að birtast, það þarf að vera ansi fróður um bíla til að vita að þetta sé þessi ákveðna tegund, bara sem dæmi.“

benediktboas@365.is



Myndavélar lögreglunnar eru um 20 ára gamlar og eru aðeins átta á við og dreif um miðborgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





ALLT FYRIR HEILSUNA
Nýtt í Hagkaup
PROTEIN CHIPS
Bragðgott snakk.
· 20 g af próteini
· Aðeins 1,9 g fita
· 1,4 g trefjar
· 148 kaloríur
Nýtt í Hagkaup
Nýtt í Hagkaup
WHOLE PRÓTEINSTYKKI
· Vegan
· Glúten frítt
· GMO frítt
· Enginn viðbættur sykur
· Engar mjolkurvörur
Nýtt í Hagkaup
PRO&OATS HAFRAGRAUTUR
22 grömm af hreinu mysupróteini. Handhægar umbúðir til að taka með sér hvert sem er. Eina sem þú þarft að gera er að bæta við vatni. Hollusta hefur aldrei verið svona einföld.
Nýtt í Hagkaup
EGILS KRISTALL
Límónu og jarðarberjabragð.
Nýtt í Hagkaup
CARBZONE LÁG KOLVETNA TORTILLUR
Enginn sykur, hlaðið af próteini, hollri fitu og trefjum.
Nýtt í Hagkaup
OATLY HAFRAMJÓLK
Í grautinn, kaffið eða ein og sér.
Nýtt í Hagkaup
SUPERFRUIT FOODS
Lífrænar ofurvörur.
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
247 kr/stk
verð áður 329
NOCCO BCAA DRYKKIR
BCAA + koffín er skothellt kombó.
Nýtt í Hagkaup
ADUNA
Super-Cacao eykur blóðblæði og stuðlar að heilbrigði.
Nýtt í Hagkaup
PANDY PRÓTEIN HLAUP
16 g af próteini og 4 g af BCAA í pokanum. Sykur-, lactosa- og glúteinlaust. Soda Shakers, Sour Plates og Salty Kettlebells.
Gildir til 22. janúar á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is


Rnr. 370342
NISSAN Qashqai Acenta.
Nýskr. 06/14, ekinn 46 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 3.290 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 121182
HYUNDAI Tucson Comfort.
Nýskr. 02/16, ekinn 63 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 4.390 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1


Rnr. 330468
NISSAN Note Acenta Plus.
Nýskr. 07/15, ekinn 32 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 2.390 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 152603
KIA Ceed.
Nýskr. 05/15, ekinn 40 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 2.980 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 370285
HONDA CR-V Elegance.
Nýskr. 05/16, ekinn 27 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 5.190 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 121159
HYUNDAI I20 Classic.
Nýskr. 06/15, ekinn 37 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 1.790 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM79657




# Gagnrýna að borgin eigi Höfða

**STJÓRNSÝSLA** Viðskiptaráð Íslands birti í gær samantekt á markaðshlutdeild Malbikunarstöðvarinnar Höfða, sem Reykjavíkurborg á auk þess að skipa í stjórn fyrirtækisins. „Eignarhaldið veldur því að borgin er í samkeppni við einkaaðila um að fá úthlutað verkefnum frá sjálfri sér. Þetta fyrirkomulag virðist hafa hjálpað Höfða í samkeppninni. Markaðshlutdeild Höfða nam þannig 24% í útboðum Vegagerðarinnar en 73% í útboðum Reykjavíkurborgar á árunum 2008–2016, sé miðað við fjölda samþykktra útboða," segir meðal annars í samantektinni.

Eignarhald Reykjavíkurborgar á Höfða hefur verið rökstutt með þeim hætti að fákeppni ríki á þessum markaði. „Rökstuðningur þessi stenst ekki nánari skoðun," segir orðrétt.


**Höfði keppir við aðrar malbikunarstöðvar hérlendis um verkefni fyrir opinbera aðila.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2015 námu tekjur fyrirtækisins 1,7 milljörðum króna og hagnaður ríflega 100 milljónum króna. Heildareignir voru rúmur milljarður króna. Ef rekstur fyrirtækisins verður erfiður getur komið til þess að þessi verðmæti þurrkist út, með tilheyrandi tjóni fyrir skattgreiðendur.

Borgin hefur lengi verið eitt skuldsettasta sveitarfélag landsins og skuldaði yfir 300 milljarða króna samkvæmt ársreikningi 2015. „Það ætti því að vera forgangsmál hjá borginni að losa um óþarfa bindingu á fjármunum og nota afraksturinn til niðurgreiðslu skulda," segir í samantektinni – **bb**

# Ágreiningur uppi í aðdraganda nýs þings

**Tvö stór ágreiningsmál hafa komið upp milli stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi þótt þingstörf séu enn ekki hafin. Afar óheppilegt, segir formaður VG. Ráðherrar Bjartrar framtíðar ætla ekki að segja af sér þingmennsku um sinn.**

**STJÓRNMÁL** Alþingi kemur saman á þriðjudag í næstu viku eftir rúmlega mánaðarlangt jólaleyfi. Við hefðbundin þingstörf bætist að kjósa þarf nýjan forseta Alþingis, sem meirihluti þingmanna Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hefur komið sér saman um að verði Unnur Brá Konráðsdóttir. Þá þarf að kjósa í nefndir og formenn nefnda.

Steingrímur J. Sigfússon, starfandi forseti Alþingis, segir að dagskrá fyrsta fundardags liggi nokkuð klár fyrir en ekki sé hægt að upplýsa um hana opinberlega fyrr en hann hafi fundað með formönnum flokka.

Strax í aðdraganda fyrsta þingfundar er útlit fyrir að þingstörf hefjist í ágreiningi. Í fyrsta lagi er ósamkomulag um það hvernig skipta eigi formennsku í fastanefndum Alþingis milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Greint hefur verið frá því að meirihlutinn geri tilkall til sex formannssæta og að stjórnarandstaðan fái formennsku í velferðarnefnd og svo stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Þingskaparlög gera ráð fyrir að formenn þingflokkanna komi sér saman um niðurstöðu í þessum efnum. Þeir hittust í gær til að fara yfir stöðuna en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins náðist ekki samkomulag. Þingskaparlögin gera ráð fyrir að í slíkum aðstæðum kjósi nefndirnar sjálfar formanna.


**Fyrsti þingdagur eftir jólaleyfi verður jafnframt fyrsti þingdagurinn eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Það er mjög vont hvernig andinn er þegar þingið fer af stað.
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður VG



Þá hefur Bjarni Benediktsson forsætisráðherra valdið minnihluta í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vonbrigðum með því að afþakka boð á fund sem á að fara fram á föstudaginn. „Þetta er allt voðalega óheppilegt svo maður segi það nú bara. Það er mjög vont hvernig andinn er þegar þingið fer af stað," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður VG og nefndarmaður. Hún segir nefndinni hafa borist orðsending um að Bjarni færi ekki á fundinn með þeim skýringum að hann væri þegar búinn að tjá sig um málið opinberlega. „Ég hefði talið eðlilegt að ráðherra ætti samskipti beint við nefndina en ekki bara í gegnum fjölmiðla."

Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar, tekur undir með Katrínu: „Mér finnst að Bjarni eigi að mæta." Theodóra S. Þorsteinsdóttir, nýr þingmaður Bjartrar framtíðar, hafði ekki heyrt af ákvörðun Bjarna og gat því ekki tjáð sig um hana.

Hún segist þó hafa miklar væntingar til komandi þings. „Ég vænti þess að við náum að vinna vel saman til að ná betri árangri. Auðvitað hlakka ég til að fara að vinna efnislega að þeim málum sem eru í þessum stjórnarsáttmála. Það er mjög margt gott í honum og margt sem Björt framtíð stefnir að," segir hún.

Í fjölmiðlum hefur verið rætt um að þeir þingmenn Bjartrar framtíðar sem tóku ráðherrasæti segi af sér þingmennsku svo þingmenn eigi betri kost á að sinna vinnu í fastanefndum. Theodóra segist ekki gera ráð fyrir að af þessu verði. „Við höldum þessu bara svona," segir Theodóra og bætir við að þeir þingmenn flokksins sem ekki skipa ráðherrasæti verði einfaldlega að sýna hvað í þeim býr.

Ráðgert er að stefnuræða ráðherra verði flutt fljótlega eftir fyrsta þingfundardag, jafnvel í næstu viku. Á sama tíma verður þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar birt opinberlega. **jonhakon@frettabladid.is**

# Gagnrýnir ákæruvaldið eftir sýknu umbjóðanda síns

**DÓMSMÁL** Tveir menn voru sýknaðir í gær í Héraðsdómi Norðurlands eystra en þeim var gert að sök að hafa gengið í skrokk á manni á Raufarhöfn á sjómannadaginn með þeim afleiðingum að fórnarlambið höfuðkúpubrotnaði auk þess sem það hlaut áverka á síðu.

Óumdeilt er að fórnarlambið varð fyrir áverkum þennan dag vegna barsmíða en ekki verður sannað að ákærðu hafi veitt honum þá áverka. Fleiri höfðu sig í frammi þetta kvöld og vitni sögðu ákærðu ekki hafa verið aðalgerendur í þessum slagsmálum. Skynsamlegt var því að mati dómara að sýkna mennina.


**Magnús Davíð Norðdahl** lögmaður

Magnús Davíð Norðdahl, verjandi annars mannsins, segist fagna sigrinum en gagnrýnir að sama skapi ákæruvaldið fyrir að hafa ákært í málinu. Sagði Magnús Davíð í viðtali við Fréttablaðið þann 25. nóvember síðastliðinn að aldrei hefði átt að ákæra í málinu. Ekkert sé í málinu sem renni stoðum undir sekt hinna ákærðu og framburður fórnarlambsins mjög óskýr. „Ég vil bara ítreka það sem ég sagði í lok nóvember um málið," segir Magnús Davíð. „Það er með öllu óásættanlegt í réttarríki að einstaklingar séu ákærðir á veikum grunni." – **sa**




Brimborg | Bíldshöfða 8
110 Reykjavík | 515 7000
mazda.is

mazda.is

FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010




# Einungis stjórnsýslan færist til Bjarna

**STJÓRNSÝSLA** „Það eru bara hin stjórnsýslulegu málefni Seðlabankans sem færast milli ráðuneyta en ekki hin daglegu málefni,“ segir Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Eins og greint hefur verið frá var samið um það í síðustu stjórnarmyndun að málefni Seðlabankans myndu flytjast frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu yfir í forsætisráðuneytið.

Benedikt var spurður út í málið á opnum fundi hjá Viðreisn í fyrradag. Hann segir að málefni sem snerta afnám hafta, fjármálastefnuna og sölu eigna og því um líkt verði eftir í fjármálaráðuneytinu. Mótun efnahagsstefnunnar verði eftir í ráðuneyti hans.

„Það er eiginlega bara hin stjórnsýslulega umgjörð Seðlabankans sem færist til forsætisráðherra. Hvað getur það þýtt? Það getur til dæmis þýtt það að ef lagaumgjörð Seðlabankans er breytt þá er það forsætisráðherra sem ber fram lagafrumvarpið en ekki fjármálaráðherrann. En svona frá degi til dags er þetta ekki mikil breyting fyrir starfsmenn ráðuneytisins.“

Benedikt var spurður hvers vegna málefni Seðlabankans hafi verið færð á milli ráðuneyta en svaraði því ekki beint. **– jhh**

**Opinn fundur vegna skipulagstillögu nýs aðalskipulags Snæfellsbæjar.**

Vegna vinnu við tillögu nýs aðalskipulags Snæfellsbæjar verður haldinn kynningarfundur í samræmi við ákvæði 30. greinar skipulagslaga, 2. málsgrein og skv. grein 4.6.1 í skipulagsreglugerð.

Tilgangur með kynningunni er að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri.

**Kynningarfundurinn verður haldinn í Klifi Ólafsvík, fimmtudaginn 26. janúar kl. 20:30.**

KALT ÚTI
MÚRBÚÐAR VERÐ
20% AFSLÁTTUR
Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
~~8.990~~ 7.192
25% AFSLÁTTUR
Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
~~4.990~~ 3.743
INDUSTRIAL GRADE
Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa 6.890
Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa 8.890
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa 12.830
Rafmagnshitablásari 2Kw 1.990
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ



Ef fram heldur sem horfir er að hefjast fordæmalaus uppbygging í Reykjanesbæ – sem tengist ekki síst fjölgun ferðamanna á Íslandi. MYND/REYKJANESBÆR/ODDGEIR

# Lóðir í Reykjanesbæ rifnar út á síðasta ári

**Lóðir runnu út eins og heitar lummur í Reykjanesbæ í fyrra. Ekki seldist lóð heilu árin eftir hrun. Atvinnuleysi var um 20% eftir hrun en mælist vart í dag. Eldri eignir vantar í sölu og til leigu. Fordæmalaus fjölgun starfa í kortunum.**

**REYKJANESBÆR** Algjör viðsnúningur hefur orðið í eftirspurn eftir lóðum í Reykjanesbæ. Um árabil var engum lóðum úthlutað en nú eru allar lóðir eftirsóttar hvort sem þær eru ætlaðar undir íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Eysteinn Eyjólfsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, segir merki um áhuga á lóðum í Reykjanesbæ hafa kviknað um mitt árið 2015, en í fyrra hafi skriðan farið af stað.

„Undanfarna mánuði höfum við úthlutað fjölda lóða undir allar tegundir húsnæðis, en einnig stórum lóðum fyrir flug- og þjónustutengda starfsemi sem samþykktar voru í síðasta deiliskipulagi. Þær fóru allar,“ segir Eysteinn. „Þetta er ánægjuleg þróun en þess utan fóru stórar lóðir við flugvöllinn.“

Eysteinn bendir á að skipulögð hafi verið íbúðabyggð í svokölluðu Hlíðahverfi – en svæðið er meðal heimamanna oftast kallað nikkelsvæðið fyrir ofan Reykjaneshöllina. Byggingarfélag Gylfa og Gunnars keypti það af Landsbankanum fyrir um 650 milljónir króna, en þar rísa á fjórða hundrað íbúðir. Þá eru komnar á deiliskipulag fjórar blokkir á Vatnsnesi fyrir 90 íbúðir og auglýstar hafa verið 72 íbúðir við Keflavíkina sjálfa og fleiri við Nesvelli.

„Við eigum lóðir fyrir áætlaða vaxtarþörf okkar til ársins 2019. Eins höfum við endurskipulagt aðalskipulag sveitarfélagsins, sem er að fara í auglýsingu, og þar verður leitast við að þétta byggð. Reykjanesbær fór seint inn í byggingarbóluna miklu fyrir hrun, þannig að við áttum skipulögð hverfi þar sem gatna- og holræsagerð, auk annarrar uppbyggingar, var lokið. Þau eru að byggjast upp núna en þar hafa legið ónotaðar fjárfestingar í næstum því áratug,“ segir Eysteinn. „Þetta segir allt um ástandið sem hér var eftir hrun, en ég held að við höfum ekki úthlutað lóð hér í Reykjanesbæ í ein þrjú ár.“

> Þetta segir allt um ástandið sem hér var eftir hrun, en ég held að við höfum ekki úthlutað lóð hér í Reykjanesbæ í ein þrjú ár.
>
> Eysteinn Eyjólfsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar



**49** lóðum var úthlutað 2016.

**4** lóðum var úthlutað árin 2009 til 2013.

Þegar tölur, sem Reykjanesbær tók saman fyrir Fréttablaðið um lóðaúthlutanir, eru skoðaðar, fást orð Eysteins staðfest. Engum lóðum var úthlutað árin 2010, 2012 og 2013 en aðeins tveimur einbýlishúsalóðum árið 2009. Árið 2011 var einni raðhúsalóð og einni lóð fyrir atvinnuhúsnæði úthlutað – alls fjórum lóðum á fimm ára tímabili frá 2009 til 2013. Tölur ársins 2016 segja hins vegar allt aðra sögu – svo vægt sé til orða tekið. 49 lóðum var úthlutað á fáeinum mánuðum; sautján fyrir einbýli, átta undir raðhús og fimm undir parhús. Þá eru ótaldar nítján lóðir undir atvinnuhúsnæði sem flestar eru á svæðinu Flugvöllum – en þessum lóðum var úthlutað á nokkrum dögum eftir að þær stóðu til boða.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í október hefur staðan á fasteignamarkaði á Suðurnesjum gjörbreyst á stuttum tíma en eftirspurn eftir eldra húsnæði er nú meiri en framboð. Þinglýstir kaupsamningar á fyrstu níu mánuðum síðasta árs voru til dæmis helmingi fleiri en allt árið 2013, eða 361, sýna tölur frá Þjóðskrá Íslands. Árið eftir voru þeir 522 og 733 árið 2015. Á síðasta ári voru þeir nálægt þúsund talsins.

Á sama tíma er fordæmalausri fjölgun starfa spáð á svæðinu á næstu árum og áratugum, með fyrirsjáanlegum þrýstingi á fasteignamarkaðinn. Því er spáð að fjölgun starfa á Keflavíkurflugvelli næstu tvo áratugina jafngildi að meðaltali einu álveri árlega – eða rúmlega 400 manns. Rætist þessi spá verður það gríðarlega flókið verkefni fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum að mæta þeirri fólksfjölgun sem um ræðir og virðist án fordæma.

Í nýlegri greiningu Íslandsbanka segir einnig að laun hafi hækkað á bilinu tíu til 22 prósent eftir landshlutum frá 2010, og hefur mesta launahækkunin átt sér stað á Suðurnesjum, eða 22 prósent, en þar á eftir kemur höfuðborgarsvæðið með sautján prósent. Sé launaþróun á Suðurnesjum skoðuð í samhengi við þróun á íbúðaverði sést að laun hafa hækkað um 29 prósentustig umfram íbúðaverð, segir þar. Skal hafa hugfast að árið 2009 bankaði atvinnuleysi á Suðurnesjum undir 20 prósenta markið en mælist varla í dag.

Ef spár Isavia og fleiri um fjölgun farþega og nauðsynlega uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli ganga eftir mun það hafa mikil áhrif á öll sveitarfélögin á Suðurnesjum. Sem viðbragð við spánni lagði Heklan – Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja til að unnin yrði nákvæm innviðagreining á svæðinu svo sveitarfélögin geti unnið stefnumörkun um atvinnu- og samfélagsuppbygginguna til að mæta þeim miklu breytingum sem fyrirsjáanlegar eru.

Talið er líklegt að íbúar á Suðurnesjum verði tæplega 35.000 árið 2030 og hafi þá svo gott sem náð íbúafjölda Norðausturlands – annars þéttbýlasta landsvæðisins hérlendis.

**svavar@frettabladid.is**





# D-VÍTAMÍNBÆTT LÉTTMJÓLK OG NÝMJÓLK

Eitt glas af D-vítamínbættri léttmjólk eða nýmjólk inniheldur einn þriðja af ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni sem er kærkomið fyrir okkur sem búum á norðlægum slóðum og getum ekki stólað á sólina, hvort sem er um vetur eða á sumrin.

D-vítamín er mikilvægt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

**D-vítamínbætt léttmjólk og nýmjólk er eins og hollur sólargeisli :-D**

MJÓLKURSAMSALAN

ENNEMM / SÍA / NM79669

## Sameinast í loftárásum

**SÝRLAND** Tyrkir og Rússar hafa í fyrsta sinn sameinast í loftárásum á hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki í Sýrlandi. Frá þessu greindi varnarmálaráðuneyti Rússlands í gær.

Árásinni var beint að liðsmönnum Íslamska ríkisins sem voru staddir í úthverfi bæjarins al-Bab í Aleppo-héraði. Fyrr í mánuðinum höfðu Tyrkir ráðist á hverfið á landi.

Hershöfðinginn Sergei Rudskoi sagði við fjölmiðla að sameinaða árásin hefði verið einkar árangursrík.

Tyrkir hafa einbeitt sér að al-Bab undanfarna fimm mánuði og reynt að brjóta á bak aftur varnir Kúrda og Íslamska ríkisins. Bærinn er um tuttugu kílómetra frá landamærum Sýrlands og Tyrklands.

Samkvæmt því sem haft er eftir Rudskoi í erlendum fjölmiðlum tóku níu rússneskar þotur og átta tyrkneskar þátt í árásinni. – **þea**



Edward Snowden, uppljóstrari. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Snowden verður áfram í útlegð

**RÚSSLAND** Uppljóstrarinn Edward Snowden fær þriggja ára framlengingu á landvistarleyfi sínu í Rússlandi. Fréttastofa The Guardian greindi frá í gær og hefur eftir heimildarmanni að Snowden verði ekki framseldur til Bandaríkjanna, jafnvel þótt samskipti landanna batni þegar Donald Trump tekur við forsetaembætti.

Lögfræðingur Snowdens, Anatoly Kucherena, sagði í samtali við fréttastofuna RIA Novosti að leyfið hefði verið framlengt til ársins 2020. Þá sagði Kucherena jafnframt að Snowden gæti sótt um ríkisborgararétt frá og með næsta ári.

Fyrr um daginn hafði Maria Zakharova, talskona utanríkisráðuneytis Rússa, greint frá því á Facebook að landvistarleyfi Snowdens hafi verið framlengt um nokkur ár.

Tilkynningin kom degi eftir að Barack Obama, fráfarandi Bandaríkjaforseti, stytti fangelsisdóm uppljóstrarans Chelsea Manning. Hún átti upphaflega að sitja í fangelsi í 35 ár en verður þess í stað sleppt í maí. – **þea**

## Leyniþjónustan birtir leyniskjöl

**BANDARÍKIN** Bandaríska leyniþjónustan (CIA) birti í gær um þrettán milljónir leyniskjala á netinu. Í skjölunum má meðal annars nálgast upplýsingar um meinta fljúgandi furðuhluti.

Stór hluti skjalanna kemur frá Henry Kissinger, utanríkisráðherra forsetanna Richards Nixon og Geralds Ford. Þá eru nokkur hundruð þúsund skjöl sem tengjast tækni- og vísindaþróunarverkefnum CIA.

Fréttablaðið náði ekki að komast í gegnum öll skjölin en BBC greinir frá því að meðal óvenjulegra umfjöllunarverkefna sé svokallað Stargate-verkefni. Það verkefni gekk út á að þróa skyggnigáfu einstaklinga.

Vann sjónhverfingamaðurinn og miðillinn Uri Geller með leyniþjónustunni að því að þróa meinta skyggnigáfu þeirra er sögðust búa yfir slíkum eiginleikum.

Upplýsingarnar höfðu áður verið aðgengilegar almenningi ef viðkomandi ferðaðist til þjóðskjalasafnsins í Maryland á milli níu og hálf fimm á virkum degi. – **þea**



Donald Trump verður forseti Bandaríkjanna næstu fjögur árin. NORDICPHOTOS/AFP

# Óvinsæll og umdeildur forseti

**Donald Trump tekur við forsetaembætti Bandaríkjanna á morgun. Einungis 40 prósent Bandaríkjamanna segjast ánægð með frammistöðu hans undanfarið. Obama hefur hins vegar sjaldan verið vinsælli.**

**BANDARÍKIN** Einungis 40 prósent Bandaríkjamanna segjast sátt við frammistöðu Donalds Trumps í aðdraganda embættistöku hans, samkvæmt skoðanakönnun CNN.

Enginn af síðustu forsetum Bandaríkjanna hefur mælst með jafn lítið álit hjá þjóðinni við upphaf embættisferilsins. Þegar Barack Obama tók við embættinu árið 2009 sögðust 84 prósent aðspurðra ánægð með hann.

Þegar Bill Clinton varð forseti árið 1993 voru 67 prósent ánægð með hann og þegar George W. Bush tók við árið 2001 sagðist 61 prósent ánægt með hann.



Barack Obama kveður embættið vinsælli en hann hefur lengi mælst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Sáttir við Obama

Hins vegar hefur ánægjan með frammistöðu Baracks Obama ekki mælst meiri síðan 2009, því nú segjast 60 prósent vera ánægð með frammistöðu hans í embættinu.

Ánægjan með fráfarandi forseta hefur sjaldan mælst meiri, en árið 2001 sögðust 66 prósent ánægð með frammistöðu Bills Clinton þegar hann hætti og árið 1989 voru 64 prósent ánægð með Ronald Reagan þegar hann hvarf úr embætti.

Það var ekki fyrr en eftir að Obama hafði verið hálft annað ár í embættinu sem vinsældir hans fóru niður í 44 prósent, það sama og Trump er með strax í byrjun.

Reiknað er með því að um það bil 800 þúsund manns muni mæta til leiks í Washington á morgun að fylgjast með innsetningarathöfninni, þegar Trump sver embættiseið.

Þetta er mikill fjöldi, en þó ekki helmingurinn af þeim 1.800 þúsund manns sem flykktust þangað fyrir tólf árum þegar Obama tók við. Miklar vonir voru bundnar við Obama, en þótt hann hafi ekki getað staðið undir þeim nema að hluta þá virðast Bandaríkjamenn almennt kveðja hann harla sáttir.

Mikið vantar líka upp á að athöfnin verði jafn stjörnum prýdd og fyrir tólf árum þegar tónlistarmenn og leikarar kepptust um að fá að koma fram.

Trump vekur ekki sömu tilfinningar og hafa meðal annars Elton John og Charlotte Church neitað boði um að koma fram á innsetningarathöfninni á morgun.

**800** þúsund manns munu mæta til innsetningarathafnarinnar í Washington á morgun.

> Þannig að í staðinn fyrir að reyna að umkringja hann með toppfólki þá ætlum við að umkringja hann með hinum milda yndisþokka staðarins.
>
> Tom Barrack, formaður nefndarinnar sem sér um innsetningarathöfn Trumps

### Aðalstjarnan

Skipuleggjendur athafnarinnar segja þetta þó ekki koma að sök: „Við erum svo heppin að vera með í okkar röðum mesta frægðarmenni heimsins, sem er verðandi forseti,“ sagði Tom Barrack, formaður nefndarinnar sem sér um innsetningarathöfn Trumps.

Þetta sagði hann við fréttamenn fyrir nokkrum dögum, samkvæmt frásögn Reuters-fréttastofunnar: „Þannig að í staðinn fyrir að reyna að umkringja hann með toppfólki þá ætlum við að umkringja hann með hinum milda yndisþokka staðarins.“

Auk þeirra sem mæta til að fagna Trump ætla andstæðingar hans að fjölmenna í Washington á morgun.

Efnt verður til fjöldamótmæla á svonefndu Frelsistorgi, Freedom Plaza, sem er skammt frá Hvíta húsinu. Þau hefjast klukkan sjö að morgni, eða rétt um það leyti sem Trump og Obama halda til guðsþjónustu í Jóhannesarkirkjunni, St. Johns Episcopal Church, áður en aðrar athafnir dagsins taka við.

Þá hafa verið skipulögð fjöldamótmæli kvenna í Washington á laugardaginn, þar sem búist er við hundruðum þúsunda kvenna sem munu með þessu tjá andstöðu sína við Trump og væntanlega ríkisstjórn hans.

### Umdeildur

Trump er vafalítið einn umdeildasti maður sem tekur við forsetaembætti Bandaríkjanna, strax í upphafi.

Hann hefur vakið ónot meðal leiðtoga víða um heim með glannalegum yfirlýsingum, þar sem hann skýtur í ýmsar áttir. Meðal annars að Angelu Merkel Þýskalandskanslara með því að segja flóttamannastefnu hennar hafa haft skelfilegar afleiðingar. Þá sagði hann í viðtali nú í vikunni Atlantshafsbandalagið vera orðið úrelt.

Hann hikar ekki heldur við að ögra kínverskum ráðamönnum, meðal annars með því að segjast ekki ætla að sætta sig við yfirgang þeirra í Suður-Kyrrahafi eða gagnvart Taívan auk þess sem hann boðar hreinlega viðskiptastríð við Kína.

Rússar hins vegar hafa tekið vel í margt af því sem oltið hefur upp úr Trump. Nú síðast gaf hann til kynna að hann gæti vel hugsað sér að hætta refsiaðgerðum gegn Rússlandi og boðar jafnvel nýjar samningaviðræður um kjarnorkuafvopnun.

gudsteinn@frettabladid.is

### Athafnir innsetningardagsins

Um klukkan 8.30 hefst guðsþjónusta í Jóhannesarkirkjunni (St. John's Episcopal Church), sem búist er við að bæði Obama og Trump sæki.

Um 9.30 hittast þeir Obama og Trump í Hvíta húsinu og halda síðan til þinghússins.

Innsetningarathöfnin hefst klukkan 11.30. Þar sverja þeir Mike Pence varaforseti og Donald Trump forseti embættiseiða sína. Að því búnu flytur Trump innsetningarræðu.

Obama kveður síðan og heldur burt ásamt fjölskyldu sinni. Hinir nýju ráðamenn setjast síðan að hátíðarmálsverði í þinghúsinu. Þar verða skemmtiatriði til heiðurs Trump og Pence.

Að því búnu verður haldið í skrúðfylkingu til Hvíta hússins. Trump verður þar í splunkunýrri forsetabifreið en fjöldi fólks gengur með.

Um kvöldið verður slegið upp dansleik á þremur stöðum í borginni, og ætlast er til þess að Trump mæti á þá alla. Hann verður þó ekki jafn önnum kafinn þetta kvöld og Obama fyrir tólf árum þegar hann þurfti að láta sjá sig á tíu dansleikjum.




**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 19.-25. janúar.

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ástand heimsins










**1** Þessir trúðar tóku sér far með léttlest í Kúala Lúmpúr í Malasíu í tengslum við fjáröflunarherferð fyrir krabbameinsveik börn.
NORDICPHOTOS/AFP

**2** Ættingjar kínversku farþeganna sem fórust með malasískri farþegaþotu í Indlandshafi 8. mars 2014 komu saman í Peking í gær, daginn eftir að tilkynnt var að allri leit yrði hætt. Sumir buguðust.
NORDICPHOTOS/AFP

**3** Átök brutust út milli lögreglu og mótmælenda fyrir utan indverska seðlabankann í Guhawati, þar sem fólk var að mótmæla skyndilegri innköllun peningaseðla sem hefur haft mikil áhrif á fjárhag almennings.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4** Ísraelskir lögreglumenn handtaka bedúína í þorpinu Um al Hiran eftir að átök brutust þar út þegar ísraelsk stjórnvöld stóðu þar fyrir niðurrifi íbúðarhúsa.
NORDICPHOTOS/AFP

**5** Stúlka í bænum Dili á Austur-Tímor leikur sér í rólu á palli flutningabíls.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA

# SINDRI

## HERSLUVÉL OG TOPPASETT

203 Nm
1/2" drif
Öflugir herslutoppar fylgja
tvær 4.0Ah rafhlöður

vnr 94DCF880M2SET

**56.900** m/vsk



## HÖGGBORVÉL SDS+ OG BORASETT

710 watta mótor
Borasett fylgir

vnr 94D25033K9700T

**25.807** m/vsk



TILBOÐ

## BORVÉL MEÐ HÖGGI OG BITASETT

Létt og þægileg tveggja gíra vél
með höggi.
Tvær 5Ah rafhlöður
Hertir bitar fylgja

vnr 94DCD796P2 OG 94DT70523TM

**63.836** m/vsk

Fullt verð 70.736



TILBOÐ

## GIPS SKRÚFVÉL

Kemur með magasín fyrir belti.
Á einni hleðslu er hægt að skrúfa allt
að 6,000 skrúfur.
Tvær 18V XR 2,0 Ah rafhlöður og
hleðslutæki fylgja.

vnr 94DCF620D2K

**56.900** m/vsk

Fullt verð 74.580



TILBOÐ

## SLÍPIROKKASETT 125 MM



1200w slípirokkur í T-STAK
tösku með bollaskífu, sog-
búnað og handfangi.

vnr 94DWE4217KT

**35.900** m/vsk

Fullt verð 45.900

TILBOÐ

## SMÁHLUTABOX MOTO GP

Glært lok
10 hólf í boxi
læsast saman

vnr 93FMST5-97517

**2.500** m/vsk

Fullt verð 3.511



## BORÐSÖG

Blaðastærð: 250 mm
1700W mótor
Mesta ristun: 77 MM



vnr 94DW745

**97.791** m/vsk

Gott verð

TILBOÐ

## LASER GRÆNN 360° ÞRJÁR LÍNUR

4 X sjáanlegri en rauður geisli
3 X 360°
Vatns og rakavarinn IP65
10.8V 2.0 Ah rafhlaða,

vnr 94DCE089D1G

**82.000** m/vsk

Fullt verð 105.000



**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# TÆKNI



Illa farið eintak. NORDICPHOTOS/AFP

## Þúsundir Note 7 enn í notkun

Bandaríska fjarskiptafyrirtækið Verizon greindi frá því í gær að þúsundir eigenda snjallsímans Samsung Galaxy Note 7 neituðu að skilja við símann. Síminn hefur ítrekað verið innkallaður þar sem hann á það til að springa.

Samsung hefur til að mynda skorið á allan stuðning við símann og fær hann ekki uppfærslur lengur. Nú hefur Verizon hins vegar tekið málið í sínar hendur.

Í samtali við tæknifréttasíðuna Fortune segir talsmaður Verizon að öllum símtölum, öðrum en í neyðarlínu, sem berast úr Note 7 símum verði beint til þjónustufulltrúa fyrirtækisins.

Framleiðslugallinn hefur bitnað á ímynd Samsung og fjárhag. Grínistar hafa skotið á fyrirtækið og flugfélög bannað símann. Samsung greindi hins vegar frá því í desember að tekist hefði að innkalla 93 prósent allra Note 7 síma. – þea



Frá því er Satya Nadella, framkvæmdastjóri Microsoft, kynnti Cortönu. NORDICPHOTOS/AFP

## Cortana fer á lásskjáinn

Cortana, stafrænn aðstoðarmaður úr smiðju Microsoft, verður á næstunni inleidd á lásskjái Androidsnjallsíma. Nýlega var snjallforrit með Cortönu gefið út fyrir stýrikerfið. Tæknifréttasíðan MSPoweruser greindi frá því í gær að Microsoft væri nú að prufa Cortönu á lásskjám.

**Hægt verður að nálgast Cortana á lásskjám Androidsíma með einni stroku. Forritið kemur hins vegar ekki í stað hins hefðbundna lásskjás.**

Mun forritið virka þannig að með einni stroku birtist Cortana án þess að síminn sjálfur sé opnaður. MSPoweruser heldur því fram að þetta sé gert til þess að stela senunni frá nýjum stafrænum aðstoðarmanni Google, sem einnig er framleiðandi Android-stýrikerfisins, og sannfæra notendur um að Cortana sé betri kostur.

Cortana mun þó ekki koma í staðinn fyrir hinn hefðbundna lásskjá. Hægt er að prófa betaútgáfu forritsins með því að skrá sig í snjallforritaverslun Google er nefnist Google Play Store. – þea

## Úttekt með fingrafari



Indverskur viðskiptavinur tekur fé út úr banka sínum með fingrafari og persónuskilríkjum í borginni Hyderabad. Indverska ríkisstjórnin stendur nú fyrir svokölluðu Digi Dhan Mela-verkefni sem miðar að því að rafvæða hagkerfi landsins í yfirstandandi efnahagskreppu. NORDICPHOTOS/AFP

# Framleiðendur yfirgefa þrívíddarsjónvarpið í röðum

Sony og LG hyggjast ekki framleiða fleiri þrívíddarsjónvörp. Framleiðendur á borð við Samsung, Vizio, Sharp og Hisense hafa einnig yfirgefið þrívíddartækni. Sala slíkra sjónvarpa minnkar stöðugt.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Tveir síðustu stóru sjónvarpstækjaframleiðendurnir sem framleiða þrívíddarsjónvörp munu hætta því á árinu. Umrædd fyrirtæki, LG og Sony, hafa áður boðið upp á slík tæki en jafnvel dýrustu nýju sjónvarpstæki fyrirtækjanna, til að mynda Sony A1E OLED, eru ekki útbúin þrívíddartækni.

Áður hafa fyrirtæki á borð við Samsung og Vizio hætt framleiðslu slíkra tækja. Samsung árið 2016 og Vizio árið 2013. Þá kynntu smærri framleiðendur á borð við Sharp, TCL og Hisense engin slík tæki á CES sýningunni fyrr í mánuðinum.

Uppgangur þrívíddarsjónvarpsins var mikill í upphafi áratugar. Einkum í kjölfar sýninga á kvikmyndinni Avatar sem vakti upp mikinn áhuga á þrívíddartækni. Sjónvörp voru seld með slíkri tækni og gleraugu með svo hægt var að horfa á myndir, þætti og jafnvel íþróttir í þrívídd. Og jafnvel þótt umrætt efni væri ekki í þrívídd í raun gat sjónvarpið hermt eftir áhrifunum.



Þessi fjölskylda virðist skemmta sér vel við að horfa á þrívíddarsjónvarp. Fleiri fjölskyldur munu varla slást í hópinn á næstu árum. NORDICPHOTOS/AFP

**Þrívíddartækni varð aldrei viðtekin, hún varð aldrei lykilþáttur sem neytendur litu til við kaup á nýju sjónvarpi.**



Tim Alessi, vöruþróunarstjóri hjá LG

Þrátt fyrir áhuga í upphafi rataði tæknin aldrei í miklum mæli inn á heimili hins almenna neytanda. Varð það til þess að sjónvarpsstöðvar og streymisveitur hættu að senda út í þrívídd. Þó eru enn gefnar út þrívíddarmyndir á Blu-ray en til þess að horfa á þær mun núna þurfa sjónvarp frá árinu 2016 eða fyrr eða þrívíddarskjávarpa.

„Þrívíddartækni varð aldrei viðtekin, hún varð aldrei lykilþáttur sem neytendur litu til við kaup á nýju sjónvarpi," sagði Tim Alessi, vöruþróunarstjóri hjá LG, í viðtali við tæknifréttasíðuna Cnet í gær. Þá sagði hann einnig að rannsóknir renndu stoðum undir fullyrðingu hans. Auk þess hefðu þeir sem keyptu þrívíddarsjónvörp sjaldan notað tæknina sjálfa.

„Við ákváðum að hætta stuðningi við þrívíddartækni í ár til þess að einbeita okkur frekar að nýrri tækni á borð við HDR. Tækni sem höfðar til fleiri neytenda," sagði Alessi enn fremur. Umrædd HDR-tækni gengur út á að sýna liti og birtu á nákvæmari hátt.

Samkvæmt greiningu NPD Group hefur sala þrívíddarsjónvarpa minnkað á hverju ári frá 2012. Einungis átta prósent seldra tækja á síðasta ári voru útbúin þrívíddartækni. Sextán prósent árið 2015 og 23 prósent árið 2012.

thorgnyr@frettabladid.is

# Ford fær einkaleyfi á sjálfvirkri myndavél fyrir bíla

Ford hefur fengið einkaleyfi á nýrri myndavél fyrir bíla. Þó er ekki um að ræða búnað fyrir sjálfkeyrandi bíla heldur myndavél sem smellt er ofan á bílinn og tekur hefðbundnar ljósmyndir.

Fréttasíðan Patent Yogi, sem sérhæfir sig í að grafa upp einkaleyfi fyrirtækja, greindi frá þessu í gær. Sótt var um leyfið árið 2015.

Myndavélin mun styðjast við upplýsingar úr tölvu bílsins, meðal annars um hraða og stefnu, til þess að staðsetja sig og taka sem bestar myndir.

Umrædd tækni er sögð svar Ford við því hvimleiða vandamáli að ökumenn taki myndir á snjallsíma sína undir stýri. Myndavélin mun ekki koma til með að þarfnast aðkomu bílstjórans á meðan bíllinn er á ferð.

Mun bílstjórinn þess í stað þurfa að ákveða sjónsvið og stefnu vélarinnar áður en lagt er af stað. Vélin sér svo sjálf um að taka myndina á rétta augnablikinu án þess að bílstjórinn þurfi að smella af.

Óljóst er hvort tæknin verði nokkurn tímann að veruleika þar sem fyrirtæki sækja um fjölda einkaleyfa á hverju ári fyrir tækni sem aldrei sér dagsins ljós.

Möguleikinn á að taka landslagsmyndir á meðan þú keyrir án þess að það trufli þig frá akstrinum er hins vegar eitthvað sem gæti drifið Ford til þess að þróa umrædda tækni og setja hana á markað innan skamms. – þea


GERÐU VEL VIÐ BÓNDANN
ÞORRA ÚRVALIÐ ER FRÁBÆRT
LAMBA SALTKJÖT
ÓDÝRT
699
KR.KG
BLANDAÐUR SÚRMATUR
KJARNAFÆÐI
3199 KR
1,3 KG
FJALLALÆRI
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
1699
KR.KG
KONFEKT
THORNTONS CONTINENTAL
499 KR
284G
KONFEKT
THORNTONS CONTINENTAL
399 KR
142G
BLÓM Í ÚRVALI
VERÐ FRÁ
1399 KR
BASKIN ROBBINS
ALLAR TEGUNDIR
499 KR
500ML
LEMON & MASCARPONE
CHEESECAKE
699 KR
490G
OREO
CHEESECAKE
799 KR
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# MARKAÐURINN

## Segja Bakkavör á leið í Kauphöll

Fjölmiðlar í Bretlandi hafa síðustu daga greint frá því að breska matvælafyrirtækið Bakkavör Group Limited stefni á hlutabréfamarkað í Lundúnum. Forsvarsmenn fyrirtækisins, sem er að meirihluta í eigu bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona, hafa ekki viljað tjá sig um orðróminn.

The Sunday Times greindi fyrst frá málinu á sunnudag og hafa aðrir fjölmiðlar fylgt í kjölfarið. Í umfjöllun blaðsins kom fram að Bakkavör, sem einblínir á framleiðslu tilbúinna máltíða, sé metið á hundruð milljóna sterlingspunda. Bræðurnir séu að íhuga að selja hlut í fyrirtækinu en einnig bandaríski vogunarsjóðurinn Baupost Group. Tekið er fram að viðræður um mögulegt hlutafjárútboð séu á byrjunarstigi.

Ágúst og Lýður gerðu ásamt Baupost Group tilboð í um 1,5 prósenta hlut í Bakkavör Group í febrúar í fyrra. Hluturinn var í eigu 2.800 íslenskra hluthafa og metinn á 900 milljónir króna. Bræðurnir og meðfjárfestar þeirra höfðu þá nýverið náð nánast fullum yfirráðum yfir Bakkavör á ný. **– hg**



**Fasteignaverð hefur ekki hækkað jafn mikið síðan 2007.**

## Íbúðaverð hækkaði um 15 prósent 2016

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um fimmtán prósent á árinu 2016, samkvæmt nýjum tölum frá Þjóðskrá. Hækkunin í desembermánuði nam 1,5 prósentum. Í umfjöllun Hagsjár Landsbankans um þróun fasteignaverðs kemur fram að fara þurfi allt aftur til ársins 2007 til að sjá álíka hækkanir á húsnæðisverði á höfuðborgarsvæðinu og orðið hafa á síðustu tólf mánuðum.

Raunverð fasteigna hefur sömuleiðis hækkað mun meira en oft áður þar sem verðbólga hefur verið lág og stöðug síðustu misseri. „Vísitala neysluverðs án húsnæðis í desember var um 0,8 prósent lægri en nóvember 2015, þannig að allar nafnverðshækkanir á húsnæði síðasta árið koma nú fram sem raunverðshækkun og rúmlega það,“ segir í Hagsjá bankans. Raunverð fasteigna hækkaði um 11,2 prósent á árinu 2016.

Hagfræðideild Landsbankans bendir á að mikilvæg ástæða mikilla verðhækkana fasteigna, einkum fjölbýlis, sé að framboð húsnæðis hefur verið minna en markaðurinn getur tekið við. Nú hilli hins vegar undir að nýjum íbúðum fjölgi á næstu misserum. **– hae**



**Melabúðin var fyrst verslana til að taka egg Brúneggja ehf. úr sölu. Krónan, Bónus, Hagkaup, Nettó og fleiri fylgdu í kjölfarið og nú rúmum sjö vikum síðar hefur engin þeirra keypt vörur af fyrirtækinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eigendur Brúneggja vilja selja fyrirtækið eða fá inn fjárfesta

Hluthafar Brúneggja vilja selja fyrirtækið eða fá inn nýja fjárfesta. Framkvæmdastjórinn segist hafa rætt við „áhugasama aðila“ síðustu vikur. Eggjasalan hefur ekkert aukist síðan helstu stórverslanir landsins hættu viðskiptum við fyrirtækið. „Það er ekkert óeðlilegt að aðilar í tengdum greinum sýni þessu áhuga.“

„Fyrirtækið er til sölu en leitar einnig nýrra fjárfesta og það hafa ýmsir áhugasamir aðilar haft samband að undanförnu,“ segir Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Brúneggja, aðspurður hvort eggjaframleiðandinn sé til sölu.

„Það er ekkert óeðlilegt að aðilar í tengdum greinum sýni þessu áhuga. Það var metið að þetta bú væri með hátt í 18 til 20 prósent af markaðnum á sínum tíma. Það er ljóst að Íslendingum fjölgar, eggjaneysla er mikil og er vaxandi og ferðamönnum fjölgar. Þessi vara þarf að vera til,“ segir Kristinn.

Sala á vörum Brúneggja hrundi í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um slæman aðbúnað varphænsna fyrirtækisins. Allir stærstu viðskiptavinir þess, þar á meðal verslanir á borð við Bónus, Krónuna og Nettó, tóku brúneggin úr hillum og segir Kristinn lítið hafa breyst í sölumálum fyrirtækisins. Einhver egg hafi selst síðustu vikur en framkvæmdastjórinn vill ekki svara því hvert þau hafa farið.

> **Það er ekkert nýtt að frétta og því er ekki útilokað að við seljum fyrirtækið.**
>
> Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri og hluthafi Brúneggja ehf.



„Það er ekkert nýtt að frétta og því er ekki útilokað að við seljum fyrirtækið. Við höfum ekki selt nein egg í búðir sem okkur þykir mjög sérstakt því það er ekkert að þessum eggjum og bú okkar hafa starfsleyfi. Við erum með verulegan húsakost og annað og höfum verið að standsetja nýtt bú í Brautarholti og erum með gott bú í Borgarfirði. Eggin hafa safnast upp en við höfum einnig dregið úr framleiðslunni,“ segir Kristinn.

Brúnegg eru í eigu Geysis-fjárfestingarfélags ehf. og Bala ehf. og eiga bæði félögin helmingshlut. Kristinn Gylfi er eigandi Geysis en bróðir hans Björn Jónsson á Bala. Samkvæmt nýjasta ársreikningi eggjaframleiðandans nam rekstrarhagnaður hans á árinu 2015 um 77 milljónum króna. Eigið fé var þá jákvætt um 122 milljónir en félagið skuldaði 273 milljónir. Framkvæmdastjórinn staðfestir að fyrirtækið hafi mætt hruni í vörusölu með slátrun dýra. Vill hann ekki gefa upp hversu mikið hefur fækkað í varpstofninum en Kristinn sagði í samtali við Fréttablaðið í byrjun desember að Brúnegg ættu þá um fimmtu hverja hænu í landinu.

„Ég vil nú ekki fara nánar út í það en það hefur verið gert í góðu gagnvart eftirlitsaðilum. Þetta getur ekki gengið svona til lengdar og það er alveg ljóst,“ segir Kristinn og heldur áfram:

„Það er ljóst að það er þörf fyrir þessi egg á markaðnum og hún verður meiri núna á næstu vikum þegar aðrir framleiðendur þurfa að endurnýja og draga úr sinni framleiðslu. Hænan verpir ekki endalaust og það þarf að tæma húsin og fleira og það er ljóst að það gæti orðið eggjaskortur á næstu vikum ef þessi rekstur heldur ekki áfram,“ segir Kristinn. **haraldur@frettabladid.is**

# Carnegie og Deutsche Bank ráðgjafar við útboð Arion banka

Kaupþing hefur gengið frá samkomulagi við sænska fjárfestingarbankann Carnegie og þýska stórbankann Deutsche Bank um að bankarnir verði ráðgjafar í tengslum við sölu á hlut í Arion banka í gegnum almennt hlutafjárútboð. Þannig mun Carnegie verða á meðal leiðandi umsjónaraðila með útboðinu en Deutche Bank verður hins vegar í hlutverki söluráðgjafa.

Frá þessu var greint í frétt Reuters í gær en Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, hafði áður upplýst þann 11. janúar síðastliðinn að Kaupþing myndi innan skamms ganga frá ráðningu á ráðgjöfum vegna útboðsins og að Carnegie og Deutsche Bank yrðu líklegast fyrir valinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einnig gengið út frá því að samið verði við íslenskt fjármálafyrirtæki um að vera söluráðgjafi við útboðið.

Stjórnendur Kaupþings, en eignarhaldsfélagið á 87 prósenta hlut í Arion banka, stefna að því að útboðið fari fram á fyrri árshelmingi, mögulega strax í apríl næstkomandi, og í kjölfarið verði bankinn skráður á markað í Kauphöll Íslands og í Kauphöllinni í Svíþjóð. Auk Carnegie eru fjárfestingarbankarnir Morgan Stanley og Citi, sem hafa verið ráðgjafar við söluferli bankans síðustu misseri, jafnframt leiðandi umsjónaraðilar með hlutafjárútboðinu.

Greint var frá því í Markaðnum í síðustu viku að nánast útilokað væri að hópur íslenskra lífeyrissjóða myndi kaupa tuga prósenta eignarhlut í Arion banka í gegnum lokað útboð. Viðræður milli Kaupþings og fulltrúa sjóðanna þess efnis hefðu runnið út í sandinn. **– hae**




**Miðað við bókfært eigið fé Arion banka er 87 prósenta hlutur Kaupþings metinn á um 180 milljarða króna.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




FM Mattsson

# NÝ OG GLÆSILEG BLÖNDUNARTÆKJALÍNA

Tengi kynnir Siljan, nýja og glæsilega blöndunartækjalínu frá FM Mattsson, MORA group.



**FMM SILJAN**
Handlaugartæki
án botnv.
**20.950 kr.**



**FMM SILJAN**
Eldhúsblöndunar-
tæki hásveifla
**27.895 kr.**



**FMM SILJAN**
Bað- og sturtutæki
með stút upp.
**42.900 kr.**



**FMM SILJAN**
Sturtutæki með
stút niður
**31.500 kr.**



**FMM SILJAN**
Sturtusett og tæki
**88.500 kr.**

## Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

TENGI

# Tölum meira um heilann



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Gunnar Hrafn Jónsson, alþingismaður Pírata, sýndi mikið hugrekki á dögunum þegar hann ræddi opinskátt við fjölmiðla um þunglyndi sem hann hefur glímt við. Þunglyndi er alvarlegur heilasjúkdómur sem 12-15 þúsund Íslendingar glíma við á hverjum tíma samkvæmt tölum landlæknis. Þessi sjúkdómur á þátt í því að tugir Íslendinga falla fyrir eigin hendi á ári hverju.

Sjálfsvígstíðni á Íslandi er með því hæsta sem þekkist í heiminum samkvæmt skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 2014. Skýrsluhöfundar skoðuðu sjálfsvígstíðni í heiminum á árinu 2012 en það ár féllu 49 manns fyrir eigin hendi hér á landi, 12 konur og 37 karlar. Fjöldi þeirra sem deyr í bílslysum á ári hverju er um einn fimmti af þeim fjölda sem sviptir sig lífi eftir baráttu við þunglyndi. Nær vikulegur áróður dynur á landsmönnum þar sem brýnt er fyrir fólki að nota bílbelti og gæta öryggis í umferðinni. Engin slík sambærileg fræðsla er í gangi um þunglyndi sem kostar árlega margfalt fleiri mannslíf.

Árið 2003 hóf Landlæknisembættið átakið Þjóð gegn þunglyndi en markmið þess var að veita fræðslu og virkja umræðuna um þá vá sem fylgir þessum sjúkdómi. Þessi sjúkdómur er hins vegar þess eðlis að fræðslan þarf að vera stöðug og hún þarf að hefjast við upphaf námsferils hjá börnum. Fordómar gegn geðsjúkdómum virðast enn þá vera mjög útbreiddir í samfélaginu og oft hjá einstaklingum sem kannast ekki við þá.

Þrátt fyrir að ótrúleg afrek hafi náðst á vettvangi læknavísinda á síðustu árum og áratugum vita vísindamenn enn þá mjög lítið um heilann. Hér er um að ræða líffæri sem býr til hugsun og tilfinningar. Vísindamenn vita hins vegar ekki hvernig heilinn býr til hugsun og tilfinningar og eiga erfitt með að skilgreina hvað hugsanir og tilfinningar eru.

Það er merkilegt að geðsjúkdómar í samfélaginu mæta svipuðum fordómum og fíknisjúkdómar. Hvort tveggja eru kvillar heilans. Er ekki merkilegt að í samfélaginu þrífist mestu fordómarnir gagnvart sjúkdómum sem hrjá eitt stærsta og mikilvægasta líffærið, heilann sjálfan?

Við þurfum að tala meira um heilann og þau mein sem hrjá hann. Þessi samtöl þurfa að eiga sér stað strax á fyrstu árum manneskjunnar. Inni á heimilum landsmanna og í skólunum. Þess vegna er svo mikilvægt að einstaklingar í opinberu lífi eins og þingmaðurinn Gunnar Hrafn Jónsson stígi fram og ræði þessi mál og deili eigin reynslu. Hann á þakkir skildar fyrir sitt framlag. Upplýst umræða getur stuðlað að því að draga úr fordómum um geðsjúkdóma og orðið til þess að fleiri leiti sér hjálpar. Of margir sem þjást af geðsjúkdómum bera harm sinn í hljóði og fá ekki aðstoð við hæfi í tæka tíð. Við sem samfélag getum gert betur.

**Við þurfum að tala meira um heilann og þau mein sem hrjá hann.**

**Blekhylki.is**




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

## Halldór




## Frá degi til dags

**Tveggja turna tal**

**Ný könnun MMR á fylgi stjórnmálaflokkanna sýnir, svo ekki verður um villst, að tveir turnar hafa á ný myndast í íslenskum stjórnmálum. Vinstri græn narta í hæla Sjálfstæðisflokks samkvæmt könnuninni með 24,3 prósenta fylgi. Sjálfstæðisflokkur mælist með 26,1 prósents fylgi. Óánægju fylgið hefur færst yfir á Vinstri græn sem mynda ef til vill skýran valkost á móti sitjandi ríkisstjórn sem hallast til hægri. Eitt sinn var Samfylkingin hinn stóri turninn í íslenskri pólitík og Vinstri græn voru á jaðrinum. Gott gengi flokksins bendir eindregið til að hann höfði til kjósenda mun nær miðju en áður.**

**Leiðréttingin**

**Ný skýrsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins um Leiðréttinguna, aðgerðir stjórnvalda til niðurfærslu verðtryggðra lána, sýnir að þau tíu prósent þjóðarinnar sem hafa hæstar tekjur fengu þriðjung alls þess fjár sem ráðstafað var til verkefnisins. Sá hópur, sem á að meðaltali 82,6 milljónir króna, fékk um tíu milljarða króna úr ríkissjóði. Stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili gagnrýndi mjög Leiðréttinguna einmitt af ótta við að þeir ríku yrðu ríkari. Komist vinstristjórn til valda má væntanlega búast við að inn á öll tekjuminni heimili berist Leiðréttingin 2: Hrói höttur og litlu sósíalistarnir.**

snaeros@frettabladid.is

# Framlag Farfugla



Dóra Magnúsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri Farfugla

Sameinuðu þjóðirnar, SÞ, hafa útnefnt 2017 sem Alþjóðlegt ár sjálfbærrar ferðaþjónustu (International Year of Sustainable Tourism for Development). Það eru góðar fréttir fyrir íslenska ferðaþjónustu sem þarf á aðferðum sjálfbærrar þróunar að halda sem og nýjum hugsunarhætti eftir gríðarlegan vöxt á umliðnum árum.

Rannsóknir styðja að hægt er að hafa meiri áhrif á hegðan fólks þegar það ferðast heldur en þegar það er í daglegri rútínu. Fólk er opnara fyrir nýjum hughrifum og vill mögulega breyta sínu daglega mynstri í þágu umhverfissjónarmiða. Áhrifamáttur fólks í ferðaþjónustu er því verulegur, og mikilvægt að starfsfólk í greininni sé meðvitað um mátt sinn til að efla sjálfbærni og ábyrga ferðahegðun með ráðgjöf og góðri fyrirmynd.

Það er því engin tilviljun að SÞ völdu ferðaþjónustu til að vekja athygli á sjálfbærri þróun í heiminum. Ferðaþjónusta er afar mikilvæg fyrir efnahag jarðarbúa; afar mörg störf eru innan greinarinnar og það eru miklir möguleikar á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með breyttri ferðahegðun. Að auki getur ferðaþjónustan stuðlað að verndun fjölbreytts lífríkis og ólíkrar samfélagsgerðar, menningar og hefða. Eitt mikilvægasta framlag ferðaþjónustunnar er aukinn skilningur milli menningarsvæða sem getur stuðlað að friði og sátt.

Nýlega var stigið mikilvægt skref hérlendis þegar 260 fyrirtæki í ferðaþjónustu skrifuðu undir samning um ábyrga ferðaþjónustu, verkefni sem leitt er af Festu og Íslenska ferðaklasanum. Þó svo að ábyrg og sjálfbær ferðaþjónusta sé ekki sami hluturinn, getur sú ábyrga leitt til sjálfbærrar þróunar sé rétt á spöðunum haldið. Farfuglar, samtök sem stofnuð voru árið 1939 og starfa ekki í hagnaðarskyni, skrifuðu undir samninginn um ábyrga ferðaþjónustu. Farfuglar tilheyra Hostelling International, alþjóðasamtökum Farfuglaheimila í 89 löndum, sem mörg munu vinna að verkefnum tengdum sjálfbærni á árinu. Farfuglar lögðu fram stefnu í lok síðasta árs, sem byggir á sjálfbærri þróun rekstrarins og hafa mikilvæg skref nú þegar verið stigin; svo sem samningur við starfsmenn sem hvetur til notkunar á samgöngum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, skógrækt til kolefnisjöfnunar, rík áhersla á hægari ferðamáta (slow-travel) og notkun á hráefni sem framleitt er í nærumhverfi. Að auki eru fjölmörg önnur verkefni í þróun.

**Nýlega var stigið mikilvægt skref hérlendis þegar 260 fyrirtæki í ferðaþjónustu skrifuðu undir samning um ábyrga ferðaþjónustu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Refsiábyrgð og umboðssvik

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Ákvæði hegningarlaga um umboðssvik (249. gr.) hljóðar svo:

„Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“ Í öðru ákvæði sömu laga (243. grein) segir: „Fyrir brot þau, er í þessum kafla getur, skal því aðeins refsa, að þau hafi verið framin í auðgunarskyni.“ Í enn öðru ákvæði laganna (261. gr.) segir: „Hafi maður drýgt athafnir sams konar þeim, sem í 248.–250. gr. getur, án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

Þessi ákvæði, séu þau lesin saman, virðast ekki setja fortakslaust það skilyrði að umboðssvikin séu vísvitandi auðgunarbrot heldur geta þau hugsanlega stafað af svo stórfelldu gáleysi að jafna megi til ásetnings og geta því talizt refsiverð. Hæstiréttur virðist líta svo á að fjártjónshætta geti dugað til sakfellingar þótt ekki sé sýnt fram á ótvíræðan auðgunarásetning hins brotlega. Þannig hefur Hæstiréttur t.d. sakfellt menn oftar en einu sinni fyrir gálaus útlán þrátt fyrir svo hljóðandi ákvæði hegningarlaga (18. gr.): „Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sérstök heimild sé til þess í lögunum.“ Þessi skilningur laganna er í samræmi við skilgreiningu umboðssvika í orðabókum. Skv. viðtekinni merkingu orðsins eru umboðssvik ýmist framin af gáleysi eða að yfirlögðu ráði. Hliðstæður þekkjum við. Manndráp af gáleysi getur talizt refsivert líkt og morð að yfirlögðu ráði. Lögin heimila sérstaklega refsingu fyrir manndráp af gáleysi.

### Gáleysi er ekki gild afsökun

Í árslok 2016 hafði Hæstiréttur dæmt 34 menn til samtals 87 ára fangavistar fyrir brot í tengslum við hrunið. Það gerir rösklega 2½ ár á mann að jafnaði. Af þessum 34 mönnum fengu 19 dóma m.a. fyrir umboðssvik. Gildir þá einu hvort fórnarlömb umboðssvikanna urðu fyrir fjártjóni þegar upp var staðið. Fjártjónshættan skiptir höfuðmáli. Gáleysisleg lánveiting banka til viðskiptavinar getur skv. lögum flokkazt undir umboðssvik jafnvel þótt bankamaðurinn sem veitir lánið hagnist ekki sjálfur á lánveitingunni og jafnvel þótt lánið skili sér til bankans á endanum með vöxtum án þess að eigendur bankans eða ábyrgðarmenn hans, þ.e. skattgreiðendur, verði fyrir tjóni. Kjarni málsins er að lánveiting sem stofnar hagsmunum banka í óeðlilega hættu án heimildar getur talizt refsiverð að lögum.

### Hvati til umboðssvika

Launakerfi banka hvetur til umboðssvika. Það stafar af því að bankamönnum eru iðulega greiddir bónusar í hlutfalli við veitt lán án tillits til hvort lánsféð getur talizt líklegt til að skila sér aftur til bankans í lok lánstímans.

Rammt kvað að þessum vanda árin fram að hruni þegar bankar veittu völdum viðskiptavinum svo kölluð kúlulán. Kúlulán er lán sem lántakandinn þarf ekki að greiða af fyrr en í lok lánstímans, hvorki vexti né afborganir. Kúlulán til hlutafjárkaupa með veði í bréfunum einum voru einstefnulán í þeim skilningi að bankinn tók alla áhættuna í viðskiptunum og lántakandinn tók enga áhættu. Ef bréfin hækkuðu í verði um lánstímann gat lántakandinn staðið í skilum við bankann og haldið afganginum. Ef bréfin lækkuðu í verði eða urðu verðlaus eins og raunin varð í hruninu, sat bankinn eftir með sárt ennið meðan bankamaðurinn sem veitti lánið hagnaðist óbeint í gegnum bónusgreiðslur og lántakandinn hagnaðist beint á að þurfa ekki að standa í skilum. Hér er uppskrift að alþekktri svikamyllu. Þetta skýrir hvers vegna meira en helmingur allra dóma Hæstaréttar yfir bankamönnum varðar umboðssvik.

### Slagsíða á lögum eða dómum

Ákvæði laganna um umboðssvik hefur haldizt óbreytt frá 1940. Ákvæðið heimilar að lánveitanda sé gerð refsing fyrir umboðssvik í bankaviðskiptum. Annars staðar í hegningarlögum (22. gr.) er veitt heimild til refsingar fyrir „liðsinni“ við brot. Ef bankamaður A lánar viðskiptavini B 100 mkr. til hlutafjárkaupa án veðs eða með veði í hlutabréfunum einum, þá getur dómstóll dæmt A sekan um umboðssvik, þ.e. fyrir að hafa ráðstafað fé bankans af vítaverðu gáleysi og stofnað hag bankans þannig í hættu, en B verður ekki gerð refsing fyrir gerninginn nema e.t.v. fyrir liðsinni við umboðssvikin. Þarna birtist slagsíða, ef ekki í lögunum sjálfum, þá í föllnum dómum.

Kannski gerðu A og B með sér þegjandi samkomulag um að hlunnfara bankann og ættu því báðir að teljast sekir, annar um umboðssvik og hinn um liðsinni. Hvort sem slíku samkomulagi er til að dreifa eða ekki er viðskiptavinurinn B líklegur til að hagnast á slíkri lántöku, t.d. ef hann notar hluta lánsfjárins handa sjálfum sér frekar en að geyma hlutabréfin. Þetta er þekkt uppskrift að bankaráni innan frá eins og bandaríski hagfræðingurinn og lögfræðingurinn William K. Black lýsir í bók sinni The Best Way to Rob a Bank Is to Own One: How Corporate Executives and Politicians Looted the S&L Industry. Bandaríski stjórnmálafræðingurinn Charles Ferguson lýsir málinu eftirminnilega í Óskarsverðlaunamyndinni Inside Job.

> **Niðurstaðan hefur orðið sú að bankamönnum er refsað fyrir brot sem lántakendur högnuðust ekki síður á eða stundum jafnvel fyrst og fremst. Þeir stjórnmálamenn og aðrir sem tóku áhættulaus lán máttu vita að þeir voru í reyndinni aðilar að bankaráni innan frá skv. þekktri formúlu.**

Niðurstaðan hefur orðið sú að bankamönnum er refsað fyrir brot sem lántakendur högnuðust ekki síður á eða stundum jafnvel fyrst og fremst. Þeir stjórnmálamenn og aðrir sem tóku áhættulaus lán máttu vita að þeir voru í reyndinni aðilar að bankaráni innan frá skv. þekktri formúlu. Enginn getur afsakað sig með því að þykjast ekki þekkja formúluna. Henni er m.a. lýst í merkri fræðiritgerð frá 1993 „Looting: The Economic Underworld of Bankruptcy for Profit“ eftir Nóbelsverðlaunahagfræðinginn George Akerlof, sem er kvæntur seðlabankastjóra Bandaríkjanna, og Paul Romer sem er nú aðalhagfræðingur Alþjóðabankans í Washington.




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.


KRÓNAN
Krónan mælir með!
199 kr. kg
Appelsínur og sítrónur í lausu, Spánn
Gott verð!
GULLIVER
Made in Sicily
Red Gold of Sicily. - Rotgold von Sizilien
SAFTIGE BLUTORANGEN IDEAL ZUM PRESSEN
349 kr. pk.
Blóðappelsínur Sikileyjar 1,5kg, Ítalía
Tilboðin gilda til 22. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is




Tilboðin gilda til 22. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Gott verð!
Folalda piparsteik
-25%
Folaldafile
2699 kr. kg
Folalda piparsteik
Verð áður 3599 kr. kg
3299 kr. kg
Folaldafile
Verð áður 4399 kr. kg
Ferskt íslenskt folaldakjöt
Folaldahakk
-40%
Folaldagúllas
-20%
389 kr. kg
Folaldahakk
Verð áður 649 kr. kg
1799 kr. kg
Folaldagúllas og folaldasnitsel
Verð áður 2299 kr.kg
Folaldalundir
-20%
Folaldasnitsel
-20%
3998 kr. kg
Folaldalundir
Verð áður 4998 kr. kg
Tilboðin gilda til 22. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**

**Ódýrt**




**199** kr. pk.

Banderos 6 vefjur 370 g - 25 cm




**199** kr. stk.

Banderos Salsa Medium 300 g




**149** kr. stk.

Banderos Taco Sauce Medium 230 g




**Ódýrt**

**199** kr. pk.

Banderos 8 vefjur 320g - 20 cm




**99** kr. stk.

Taco Spice mix 40 g

# Kominn tími til að hætta



**Robert Barber**
fráfarandi sendiherra Bandaríkjanna

Ísland og Bandaríkin eru vinaþjóðir sem deila mörgum grunngildum og hagsmunum. Samband þjóðanna byggist á frændsemi, menningu og efnahags- og viðskiptatengslum. Bandaríkin voru fyrsta ríkið til að viðurkenna sjálfstæði Íslands árið 1944.

Viðskiptalega eru Bandaríkin einn stærsti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenskar vörur og stærsta uppspretta erlendrar fjárfestingar á Íslandi. Bandarískur innflutningur til Íslands árið 2015 var 55 milljarðar kr., eða 8% af heildarinnflutningi. Efnahagsleg tengsl landanna eru djúpstæð og spanna allt frá morgunkorni til sólarkísils.

Þessi efnahagslegu tengsl ríkjanna eru mikilvægur þáttur í tvíhliða samstarfi landanna og er bandaríski markaðurinn mjög móttækilegur fyrir íslenskum vörum og nýsköpunarfyrirtækum. Þetta hefur ýtt undir fjölbreytni í fjárfestingu og fjármögnun á hinum ýmsu tækifærum fyrir íslensk fyrirtæki og einstaklinga og hef ég sjálfur orðið vitni að opnun nýrra markaða fyrir íslenskar hugmyndir og hugvit. Flest þekkjum við fyrirtæki eins og Marel, Össur, Eimskip og Icelandair sem hafa náð að festa sig vel í sessi í Bandaríkjunum og munum við sjá fleiri fyrirtæki eins og Kerecis og WOW air ná svipuðum hæðum á næstunni. Íslenski sjávarklasinn og Íslenski jarðvarmaklasinn eru fyrirmyndir svipaðra verkefna í Bandaríkjunum.

Ef ég lít til framtíðar sé ég ógrynni af tækifærum sem má bæði þróa og útfæra á grundvelli tvíhliða sambands Íslands og Bandaríkjanna. Viðskiptasamband landanna mun líklega halda áfram að aukast á næstu árum enda byggt á sterkri og hagstæðri ímynd íslenskra vörumerkja sem Bandaríkjamönnum fellur vel í geð. Ímynd sem er ekki einungis byggð á gæðum íslensks útflutnings heldur einnig velgengni Íslands við að tryggja í sessi verðskuldað orðspor sem land sem státar af umhyggju fyrir umhverfinu og félagslegri ábyrgð. Sem slíkt skarar Ísland fram úr í framleiðslu á gæðavörum á sjálfbæran og nýstárlegan hátt. Þessi jákvæða ímynd Íslands og Íslendinga hefur ekki bara skilað sér í meiri útflutningi til Bandaríkjanna, heldur einnig í ferðamannaiðnaðinum, en á árinu 2016 heimsóttu fleiri Bandaríkjamenn Ísland en nokkru sinni fyrr og má búast við enn fleirum á þessu ári.

Það er erfitt að verðleggja sjálfbærni eða umhverfisábyrgð en það er ljóst að þær hafa gjald á einhvern hátt. Rétt eins og hinn íslenski neytandi er opinn fyrir nýjum, einstökum hráefnum og framleiðslu frá Bandaríkjunum, hafa Bandaríkjamenn fagnað komu íslenskra matvæla á bandarískan markað, eins og til dæmis skyrs og íslensks sjávarfangs. Bandaríski markaðurinn fyrir íslenskan fisk er að mestu ónýttur og er gríðarleg eftirspurn eftir gæðafisk- og sjávarfurðum. Möguleikarnir fyrir íslenskar sjávarafurðir eru því vel fyrir hendi.

### Skaðlegur blettur

Það er því miður einn blettur á hinu íslenska vörumerki sem er sérstaklega skaðlegur íslenskum sjávarafurðum. Þar vísa ég til áframhaldandi hvalveiða Íslendinga, sem eru verulega illa séðar af fjölda Bandaríkjamanna. Þessir samviskusömu neytendur eru fljótir að rísa gegn söluaðilum sem setja vörur á markað sem taldar eru umdeildar. Slíkt getur haft áhrif á markaðssetningu íslenskra matvæla þar sem verslanir og neytendur geta snúið baki við afurðum sem koma frá Íslandi.

Slíkar aðgerðir geta einnig haft áhrif á komur bandarískra ferðamanna til landsins. Hvalaskoðun við Ísland er atvinnugrein sem skilar milljörðum króna inn í þjóðarbúið og er skýrt dæmi um það hvernig hægt er að hámarka efnahagslegan ávinning af þessari auðlind. Það ætti því að liggja fyrir hver sé besta nýtingin á hval við Íslandsstrendur.

Þessi grein er ekki ætluð sem ádeila gegn hvalveiðum. Þó að afstaða bandarískra stjórnvalda sé skýr, þá er það undir Íslendingum komið að taka ákvörðun um það hver hvalveiðistefna Íslands er, og virði ég rétt Íslands sem fullvalda þjóðar til að gera það. Ég vil frekar deila þeirri ályktun minni sem ég hef komist að sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, að það takmarkaða útflutningsvirði af hvalkjötssölu er mjög léttvægt í samanburði við aukin markaðstækifæri, bæði á bandarískum markaði fyrir sjávarfang og í íslenskum ferðaiðnaði, sem kæmu í kjölfarið á því að Íslendingar byndu endahnút á hvalveiðar sínar. Það gæti verið öllum í vil, sérstaklega íslenskum sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Þar sem ég mun kveðja Ísland sem sendiherra Bandaríkjanna þann 20. janúar, langar mig að þakka öllum Íslendingum kærlega fyrir góðar viðtökur og að hafa gert tveggja ára dvöl mína hér á landi ótrúlega gefandi. Ég er heppinn að hafa notið þeirra forréttinda að fá að hafa þjónað þjóð minni sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Takk fyrir mig.

> **Ef ég lít til framtíðar sé ég ógrynni af tækifærum sem má bæði þróa og útfæra á grundvelli tvíhliða sambands Íslands og Bandaríkjanna.**




AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson - VERKSTÆÐIÐ -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

Allt til kerrusmíða
- Vanræktu ekki viðhaldið -



AL-KO QUALITY FOR LIFE
DEXTER AXLE
Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

norðanfiskur
Góður kostur - á hvers manns disk!
Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!
www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is


# Brexit – hvað gerist næst?



**Árni Páll Árnason**
lögfræðingur og sérfræðingur í Evrópurétti

Í síðustu grein minni um Brexit rakti ég valkosti Breta í fyrirhuguðum samningum við Evrópusambandið (ESB). En hvað gerist næst?

### Samningar um útgöngu

Framundan er ferli útgöngusamninga Breta við ESB. Til að það geti hafist þurfa bresk stjórnvöld að tilkynna ESB um ætlun sína um útgöngu, skv. 50. gr. stofnsáttmála ESB. Um leið og það er gert, hefst 24 mánaða ferli samninga um útgöngu. Tíminn til samninga er því afar skammur og erfitt að sjá að hann dugi til að ljúka jafnt útgöngusamningum Breta sem og öðrum þeim viðskiptasamningum sem Bretar munu þurfa að gera við önnur viðskiptalönd. Þess vegna hafa Bretar beðið með að hefja ferlið, en May forsætisráðherra hefur nú lofað því að senda tilkynninguna um úrsögn eigi síðar en í lok mars nk. Þá mun 24 mánaða fresturinn fara að telja.

### Mörkun samningsafstöðu ESB

Þegar þess er freistað að leggja mat á samningssvigrúm ESB og líkleg viðhorf gagnvart útgöngu Breta þarf að hafa margt í huga. Í fyrsta lagi er ekkert til sem heitir ESB sem hefur eina samræmda afstöðu. Einstök aðildarríki – 27 talsins – hafa hvert um sig sína afstöðu og hún getur verið ólík eftir ríkjum. Forseti ráðherraráðsins talar svo fyrir sameiginlegri afstöðu aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórn ESB getur svo haft sín sjónarmið og hún mun eiga tillögurétt um samningsafstöðu. Aðalsamningamaður hefur þegar verið tilnefndur, sem er Michel Barnier, fyrrum fulltrúi Frakka í framkvæmdastjórninni. Að síðustu mun svo Evrópuþingið koma að mörkun samningsafstöðu ESB. Allar þessar stofnanir geta haft misjafnar áherslur, en þær munu koma sér saman um afstöðu áður en samningaviðræður hefjast. Öll vinna við mörkun þeirrar samningsafstöðu getur hins vegar ekki hafist fyrr en Bretar ákveða nákvæmlega hvað þeir eru að fara fram á. Um það er enn óvissa og henni verður líklega ekki að fullu eytt fyrr en May sendir tilkynninguna fyrir lok mars.

### Sjónarmið ESB

Af þessu má ráða að það er ekki einfalt að spá fyrir um samningsafstöðu ESB, jafnvel þótt við gefum okkur hver samningsafstaða Breta er líkleg til að vera. Það er þó hægt að fullyrða eftirfarandi:

**1.** ***ESB mun vilja fá fljótt botn í framtíðarfyrirkomulagið.***
Allt frá þjóðaratkvæðagreiðslunni í júní hafa forystumenn ESB og einstakra aðildarríkja þrýst ákveðið á Breta að hefja útgönguferlið sem fyrst. Ástæðan er sú að núverandi staða skapar og viðheldur pólitískum óstöðugleika og tekur mikla orku úr samstarfi ríkjanna að öðru leyti.

**2.** ***Samningar verða flóknir.***
Það er tímafrekt að semja um aðild að ESB, eins og Íslendingar vita mætavel. Þessar viðræður verða ekki síður flóknar. Í ár verða forsetakosningar í Frakklandi og þar og í Þýskalandi og Hollandi kosið til þings. Í öllum þessum ríkjum eru hreyfingar andsnúnar ESB og frjálsri för fólks í umtalsverðri sókn og sú staðreynd mun örugglega hafa áhrif á afstöðu stjórnvalda í þessum ríkjum til samningaviðræðna við Breta. Það getur hæglega farið svo að lítið sem ekkert gerist í samningaviðræðum fyrstu mánuðina, því það taki ESB umtalsverðan tíma að móta samningsafstöðu. Á meðan gengur klukkan. Það kann því vel að vera að hagsmunir beggja fari saman í að semja um tímabundna aðlögun að nýju fyrirkomulagi.

**3.** ***ESB mun ekki vilja semja um hömlur á frjálsa för samhliða þátttöku á innri markaðnum.***
ESB hefur alla tíð talið fjórfrelsið – frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og frjálsa för launafólks – óaðskiljanlegt og engu ríki liðist að fá víðtækar undanþágur frá þessum lykilþáttum við aðild að ESB. Takmarkanir hafa þurft að vera vera vel afmarkaðar eða tímabundnar. Í samningum ríkja um aðgang að innri markaðnum hefur full þátttaka í fyrstu þremur af þessum þáttum verið óaðskiljanleg því að ríkin undirgangist frjálsa för. Þannig var það í EES-samningunum og þannig stillti ESB málum upp, þegar Sviss sóttist eftir sérstökum tvíhliða samningi við ESB. Allar yfirlýsingar helstu ráðamanna í ESB falla í sömu átt hvað þetta varðar. Eftir er hins vegar að sjá hversu miklar hömlur Bretar vilja fá á frjálsa för og hvort einhver samningsflötur geti fundist.

**4.** ***Ef Bretar halda aðgangi að innri markaðnum mun ESB krefjast óháðs eftirlits með samningsskuldbindingum.***
Meðal þess sem andstæðingar aðildar Breta að ESB hafa sett út á er að Bretar þurfi að sætta sig við dóma dómstóls ESB. Ef Bretar halda aðild að innri markaðnum að einhverju leyti mun ESB krefjast þess að eftirlit verði með samningsskuldbindingum og einhvers konar dómstólaleið til að útkljá ágreining. Innan EES er sjálfstæð eftirlitsstofnun og dómstóll en í tilviki Sviss falla Svisslendingar undir eftirlit framkvæmdastjórnar ESB. Það getur reynst breskum stjórnmálamönnum erfitt að sannfæra breska kjósendur um að Bretland eigi áfram að heyra undir yfirþjóðlegt eftirlit og úrskurðarvald, jafnvel þótt út úr ESB sé komið.

### Hvað verður?

Eins og hér hefur verið rakið er framhaldið mikilli óvissu háð. Í næstu grein fjalla ég ítarlegar um sjónarmið aðila í samningaviðræðunum og sérstaklega um mikilvægi spurningarinnar um frjálsa för launafólks.

> **Í fyrsta lagi er ekkert til sem heitir ESB sem hefur eina samræmda afstöðu. Einstök aðildarríki – 27 talsins – hafa hvert um sig sína afstöðu og hún getur verið ólík eftir ríkjum.**

Glæsilegt úrval á pier.is




# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM




MYNDIR
30% AFSLÁTTUR



SÓFAR
20% AFSLÁTTUR



STÓLAR
30-50% AFSLÁTTUR



KOLLAR/SKEMLAR
30% AFSLÁTTUR



SPEGLAR
30% AFSLÁTTUR



BORÐSTOFUBORÐ
30-40% AFSLÁTTUR



BAR OG BORÐSTOFUSTÓLAR
30-40% AFSLÁTTUR



BEKKIR
30% AFSLÁTTUR

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Norðurlönd = Mannsæmandi störf

**Logi Einarsson,**
formaður Samfylkingarinnar, Íslandi
**Gylfi Arnbjörnsson,**
forseti Alþýðusambands Íslands, Íslandi
**Mette Frederiksen,**
formaður Socialdemokratiet, Danmörku
**Antti Rinne,**
formaður Socialdemokraterna, Finnlandi
**Jonas Gahr Støre,**
formaður Arbeiderpartiet, Noregi
**Stefan Löfven,**
formaður Socialdemokraterna, Svíþjóð
**Lizette Risgaard,**
forseti LO, Danmörku
**Jarkko Eloranta,**
forseti LO, Finnlandi
**Gerd Kristiansen,**
forseti LO, Noregi
**Karl-Petter Thorwaldsson,**
forseti LO, Svíþjóð

Á óvissutímum bregðumst við við með aukinni samheldni og styrkingu norræna líkansins. Þá þarf að grípa til aðgerða til að tryggja að vel skipulagt atvinnulíf sé hornsteinn samfélagsins.

Norræna líkanið hefur með mikilli samheldni gagnast borgurum Norðurlanda áratugum saman. Við höfum náð fram góðri blöndu af skilvirkni, jafnræði, jafnrétti og trausti sem á sér engan sinn líka í heiminum.

Þrátt fyrir að okkar dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku samfélagslíkön séu ólík, byggja þau öll á jafnaðarmannahugsjóninni og eru í raun öll tilbrigði við sama líkanið. Gildin eru þau sömu. Við byggjum öll á frelsi, jafnrétti og bræðralagi og lýðræði, tjáningarfrelsi og reglum réttarríkisins.

Grunnstoðirnar þrjár í norræna líkaninu eigum við einnig sameiginlegar: Ábyrga efnahagsstefnu sem byggir á virkri atvinnuþátttöku, gott opinbert velferðarkerfi og, sérstaða Norðurlanda, góður, vel skipulagður og mannsæmandi atvinnumarkaður.

Norræna samfélagslíkanið hefur lukkast eins vel og forfeður okkar gátu einungis leyft sér að dreyma um. En þetta vel heppnaða líkan mætir stöðugum ágangi og við þurfum að verja það öllum stundum.

Alþjóðleg skipting starfa og alþjóðaviðskipti eru áfram lykilatriði þegar kemur að því að viðhalda atvinnuþátttöku og velferð.

**Markaðsöflin verði þjónar fólksins**

Hins vegar verður æ ljósara að alþjóðahnattvæðingin kallar á nýjar aðgerðir. Við viljum tryggja að allir geti nýtt sér þau tækifæri sem alþjóðahnattvæðing býður upp á. Það þarf einbeittan vilja til þess að deila gæðunum réttlátlega í hverju landi og fjárfesta í þekkingu og hæfni fólks. Markaðsöflin eiga að vera þjónar fólksins, ekki húsbændur þess. Þessa þörf sjáum við ekki síst þegar félagsleg undirboð breiðast út á vinnumarkaðnum og ungt fólk fær ekki fasta vinnu.

Við ætlum að styrkja pólitíska stöðu okkar á alþjóðavettvangi. Við ætlum að vinna harðar að því að þróun mála í Evrópu og á alþjóðavísu verði friðsamleg, að jafnvægi komist á loftslag í heiminum, að lífsgæði verði jöfnuð og lýðræði tryggt.

Hér á Norðurlöndum er aðkallandi að standa vörð um okkar góða vinnumarkað. Að öðrum kosti fer fyrir honum eins og gerst hefur í flestum öðrum löndum; verkalýðshreyfingin veikist, kjör vinnandi fólks rýrna og launamunur verður óásættanlegur. Þetta grefur undan norræna líkaninu eins og það leggur sig.

Við viljum að vinnumarkaðurinn byggi á föstum, öruggum og mannsæmandi störfum. Við viljum auka færni fólks, ekki lækka laun þess.



**Við viljum að vinnumarkaðurinn byggi á föstum, öruggum og mannsæmandi störfum. Við viljum auka færni fólks, ekki lækka laun þess.**

Að hluta snýst þetta um baráttuna gegn hægri öflunum í stjórnmálalífinu sem hafa önnur samfélagsleg leiðarljós. Við viljum einnig vinna að ákveðnum aðgerðum á breyttum vinnumarkaði. Þess vegna kynnum við nýtt sameiginlegt verkefni undir heitinu „Vinnumarkaður framtíðarinnar“. Þannig viljum við þróa stjórntæki morgundagsins fyrir vinnumarkað sem tekur æ meira mið af aukinni tækni. Að bæta tilveru fólks í gegnum öflugra norrænt samfélagslíkan er á sama tíma það mikilvægasta sem hægt er að gera til þess að sporna gegn auknu lýðskrumi og öfgastefnum.

Jafnaðarmannaflokkarnir og verkalýðshreyfingin hafa krafta og getu til þess að bera ríki Norðurlanda fram á við. Það á að styrkja norræna líkanið, en ekki að útrýma því. Þess vegna verðum við að standa saman.

Sameiginleg grein í tilefni ársfundar SAMAK 16. til 17. janúar 2017. Þar hittast jafnaðarmannaflokkar og landssamtök launafólks á Norðurlöndum, sjá samak.info.

# Níðst á þeim, sem verst standa



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Ríkisstjórn Framsóknarflokksins, sem var að fara frá, ætlaði að koma á svokölluðu starfsgetumati fyrir öryrkja og hún ætlaði að hækka eftirlaunaaldurinn. Það átti að hækka aldurinn úr 67 árum í 70 ár í áföngum. Starfsgetumat felst í því að falla frá læknisfræðilegu örorkumati og byggja í staðinn örorkumatið á því hvað hver öryrki geti unnið mikið. Ríkisstjórn Framsóknar hvarf frá hvoru tveggja. Öryrkjabandalag Íslands mótmælti starfsgetumatinu harðlega, einkum vegna þess að það hefði ekki verið kynnt nóg og bandalagið benti á, að ef taka ætti upp starfsgetumat þyrfti það langan undirbúningstíma; m.a. þyrfti að tryggja, að öryrkjar, sem treystu sér til þess að vinna hlutastörf, fengju slík störf svo og full störf, ef öryrkjar treystu sér í þau. Eldri borgarar gerðu einnig verulegar athugasemdir við tillöguna um að hækka eftirlaunaaldurinn í 70 ár. Ríkisstjórnin ákvað að falla frá báðum þessum umdeildu atriðum.

**Ætlar nýja stjórnin að endurtaka klúðrið?**

En þrátt fyrir örlög þessara tveggja atriða er nýja stjórnin farin af stað með þau bæði aftur sbr. nýja stjórnarsáttmálann. Það er alveg augljóst, að ríkisstjórnin ætlar að reyna að spara ríkisútgjöld með því að hækka eftirlaunaaldurinn í 70 ár. Það á að láta eftirlaunafólkið sjálft greiða aukin útgjöld almannatrygginga! Nýja stjórnin gerir sér einnig vonir um að fækka öryrkjum með því að taka upp starfsgetumat. Öll vinna fyrrverandi ríkisstjórnar að málefnum öryrkja í almannatryggingafrumvarpinu var eitt allsherjarklúður.

**Hlaðið undir þá, sem hafa meira en nóg!**

Nú segist nýja stjórnin ætla að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna og vinna að sveigjanlegum starfslokum. Fyrst skera Sjálfstæðismenn frítekjumark vegna atvinnutekna niður við trog en segjast svo skömmu síðar ætla að hækka það! En ekkert á að hækka lífeyri þeirra, sem einungis hafa lífeyri frá almannatryggingum enda þótt ekki sé unnt að lifa af þeim lífeyri.

Það er furðulegt. Það er eins og öllum stjórnmálamönnum sé það keppikefli að halda öldruðum og öryrkjum, sem ekki hafa lífeyrissjóð, við hungurmörk. En á sama tíma taka stjórnmálamennirnir sér ríflegar kauphækkanir sjálfir; um 44% hækkuðu laun þingmanna 13. október 2016, áður en þeir mættu í vinnuna. Laun þingmanna hækkuðu þá í 1.100 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt en laun ráðherra hækkuðu í tvær milljónir króna á mánuði fyrir skatt. Lífeyrir aldraðra og öryrkja er hins vegar áfram rúmlega 200 þúsund á mánuði eftir skatt; hækkaði aðeins um 5-9%. Þetta er réttlætið á Íslandi í dag: Níðst er á þeim, sem verst standa en hlaðið meira og meira undir hina, sem hafa nóg.

# Búum betur að ungum vísindamönnum



**Georg Brynjarsson**
hagfræðingur Bandalags háskólamanna (BHM)

Rannsóknir á sviði vísinda og tækni eru undirstaða hagsældar í nútímasamfélagi. Öll þróuð ríki veita fé til rannsókna og leitast við að búa vel að vísindamönnum, ekki síst ungu fólki sem er að hasla sér völl á þessu sviði að loknu námi.

Bandalag háskólamanna (BHM) telur að bæta þurfi kjara- og réttindaumhverfi ungra vísindamanna hér á landi til að Ísland verði ekki undir undir í alþjóðlegri samkeppni um hæft vísindafólk. Mikilvægur liður í slíkum umbótum snýr að reglum Rannsóknasjóðs um úthlutun styrkja vegna launagreiðslna til nýdoktora.

**Launatafla Rannsóknasjóðs verði endurskoðuð**

Rannsóknasjóður er opinn samkeppnissjóður sem veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs, en flestar vísindarannsóknir hérlendis byggja á styrkjum úr sjóðnum. Rannsóknastöðustyrkir sjóðsins eru oft fyrsta tækifæri nýdoktora til að vinna að sjálfstæðum vísindarannsóknum og gegna því hlutverki að laða fólk aftur heim að loknu námi. Í úthlutunarreglum sjóðsins segir að hann styrki laun vísinda- og rannsóknarmanna. Hámarksstyrkir vegna launa eru skilgreindir í sérstakri launatöflu en taka ekki mið af kjarasamningum.

Fjárhæðir sem hér um ræðir eru umtalsvert lægri en laun samkvæmt kjarasamningum sem aðildarfélög BHM hafa gert við launagreiðendur. Mismunur milli launastyrks og kjarasamninga leiðir til þess að rannsóknaraðilar þurfa að verja töluverðum tíma í að finna aðra styrki eða vinna aukalega til að ná þeim launum sem kjarasamningar kveða á um. Þetta getur leitt til ójafnaðar innan hópsins þar sem hluti nýdoktora kemur að utan og talar ekki íslensku og leitar því síður í aukastörf samhliða rannsóknarvinnunni. Þá er sýnt að hluti ungra vísindamanna telur launatöflu Rannsóknasjóðs vera viðmiðunarlaun í greininni og eru illa upplýstir um réttindi sín. Allt þetta leiðir til aukins álags, flótta úr vísindum og dregur úr samkeppnishæfni Íslands.

**Tryggja þarf veikindarétt og rétt til töku fæðingarorlofs**

Fyrirkomulag Rannsóknasjóðs reynist ungu vísindafólki á barneignaaldri óhentugt þar sem vinna þarf aukavinnu og lengur til að ná samsvarandi launum og kjarasamningar segja til um. Aukið vinnuálag ýtir enn fremur undir kynjaójafnvægi í vísindageiranum en rannsóknir sýna að ungar rannsóknarkonur eru líklegri til að hætta í vísindum á nýdoktoratímanum vegna mikils vinnuálags. Réttindamálum nýdoktora á styrkjum frá Rannsóknarsjóði er ekki síður ábótavant. Til að mynda ríkir óvissa um veikindarétt og ekki sjálfgefið að styrkþegar séu með veikindarétt í samræmi við stéttarfélagssamninga. Sömu sögu má segja af réttindum til töku fæðingarorlofs í samræmi við réttindi annarra launþega.

**Fyrirkomulag Rannsóknasjóðs reynist ungu vísindafólki á barneignaraldri óhentugt þar sem vinna þarf aukavinnu og lengur til að ná samsvarandi launum og kjarasamningar segja til um.**

**Heilbrigðara og eðlilegra starfsumhverfi**

Í úthlutunarreglum Tækniþróunarsjóðs Rannís segir að hafa skuli til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Því er ljóst að styrkþegar þess sjóðs búa við heilbrigðara og eðlilegra starfsumhverfi. Breytingar á fyrirkomulagi Rannsóknasjóðs í þá áttina yrði því framför fyrir unga vísindamenn jafnvel þótt það kunni að leiða til færri styrkveitinga miðað við núverandi fyrirkomulag. Fyrir slíkri breytingu mun BHM beita sér.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
19. JANÚAR 2017 FIMMTUDAGUR



# JÓLAGJÖFIN FRÁ KÆRASTANUM SLÓ Í GEGN

Svartar leðurlíkisbuxur eru eftirlætisflík **Gunnhildar Birnu Gunnarsdóttur** förðunarfræðings. Hún opnar skápinn fyrir lesendum og sýnir hvað er í mestu uppáhaldi. »

**Gunnhildur í eftirlætisflíkunum, ViCommit buxum úr Vila og bol sem hún keypti í Zöru í haust.** MYND/STEFÁN KARLSSON



ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
comma,
SMÁRALIND



Treflaermarnar vöktu þó nokkra athygli.

# VEL LUKKUÐ SÝNING HJÁ ARMANI

Giorgio Armani þótti takast vel upp á tískuvikunni í Mílanó í vikunni þegar hann sýndi herratísku fyrir haustið og veturinn 2017. Í tískulínunni voru áberandi frakkar í hermannastíl, flauelsjakkar og leðurregnfrakkar. Sérstaka athygli vöktu treflaermar sem þóttu æði sérstakar en það er nokkurs konar blanda af trefli og ermum.

Merkið Armani á sér fjörutíu ára sögu og fyrir því fer enn hinn nú 82 ára gamli hönnuður Giorgio. Fyrirtækið hefur sjaldan staðið betur og er í dag næststærsta tískufyrirtæki Ítalíu á eftir Prada.



Jakkar í hermannastíl voru áberandi.






## SKOÐAÐ Í SKÁPINN



Daniel Wellington-úrið fékk Gunnhildur í vor.



Hálsmen frá Sif Jakobs sem Gunnhildur fékk í jólagjöf frá kærastanum er mikið notað.

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is



» Gunnhildur Birna Gunnarsdóttir, verslunarstjóri í snyrtivöruversluninni Nola og eigandi og ritstjóri lífsstílsbloggsins Pigment.is, á erfitt með að velja eina þegar hún er spurð hvaða yfirhöfn sé í uppáhaldi. „Svört ullarkápa úr Zöru sem ég fékk í jólagjöf frá kærastanum mínum er í miklu uppáhaldi núna, en hún er bæði hlý, kvenleg og klassísk. Fyrir aðeins hlýrra veður nota ég svo mikið gráa kápu úr Vila sem ég keypti síðasta vor.“

Þrátt fyrir að vera afar upptekin gaf Gunnhildur sér tíma til að taka fram og sýna lesendum eftirlætin úr skápnum en hún óskar sér að það væru fleiri klukkustundir í sólarhringnum. Auk þess að vinna í snyrtivöruversluninni og sjá um lífsstílsbloggið kennir hún förðun í MOOD Make Up School og tekur að sér förðunarverkefni þegar hún hefur tíma. „Einnig reyni ég að fara í ræktina minnst fjórum sinnum í viku og eyði tíma með sambýlismanni mínum og hundinum okkar. Áhugamálin mín eru einmitt hundaþjálfun og allt sem tengist hundinum mínum honum Dexter, förðun, ferðalög og útivist eins og hún leggur sig. Ég reyni að fara oft í göngutúra fyrir utan höfuðborgarsvæðið og njóta náttúrunnar sem við erum svo heppin að búa við.“



Þetta fallega Marc Jacobs-skart fékk Gunnhildur frá bestu vinkonu sinni og notar hún það þegar hún fer eitthvert fínt.

**Hvaða flík notar þú mest?** Ætli ég noti ekki ViCommit-buxurnar mínar úr Vila, svartar leðurlíkisbuxur, og bol sem ég keypti í Zöru í haust mest. Mér finnst þessar flíkur bæði flottar, klassískar og nógu fínar fyrir vinnu ásamt því að vera þægilegar.

**Hvaða skór eru í mestu uppáhaldi?** Vagabond-leðurskórnir sem ég keypti í haust eru án efa mitt fyrsta val þegar það kemur að fínni tilefnum. Þeir eru með lágum hæl, támjóir og passa vel við allt.

**Hvaða fylgihlut notar þú helst?** Brúnan loðkraga úr Zöru sem passar við flest allar yfirhafnir og er ótrúlega mjúkur og hlýr. Svo eru leðurhanskarnir mínir úr Drangey í miklu uppáhaldi. Leðurtaskan er heldur aldrei langt undan.

**Hvaða skartgripi notar þú mest?** Sif Jakobs hálsmen sem ég fékk einnig í jólagjöf frá kærastanum mínum og Daniel Wellington úr sem ég fékk í vor. Einnig á ég ótrúlega fallegt Marc Jacobs-skart frá bestu vinkonu minni sem ég nota þegar ég fer eitthvert fínt.

**Hvaða snyrtivara getur þú ekki verið án?** Ég get ekki verið án góðs farða, hyljara og maskara. Uppáhaldsfarðinn minn í augnablikinu er Double Wear frá Estée Lauder og hyljarinn er frá Clinique. Maskarinn minn í augnablikinu er svo Hypnôse frá Lancôme.

## BREYTINGAR TIL HINS BETRA



Þeir sem langar til að breyta einhverju í lífi sínu eða láta gamlan draum rætast ættu einfaldlega að kasta sér út í djúpu laugina og gera það. Þeir ættu að hætta að bíða eftir einhverju sem gerist kannski í framtíðinni, þegar þeir eiga meiri pening, hafa meiri tíma, eru búnir að missa ákveðinn fjölda kílóa og svo framvegis.

Gott er að byrja á því að skrifa niður hverju á að breyta eða bæta, setja sér síðan ákveðin markmið og gera svo áætlun um hvernig markmiðunum skuli ná. Nauðsynlegt er að markmiðin séu raunhæf, vel skilgreind og hvetjandi. Til dæmis: „Ég ætla að leggja fimm prósent af laununum mínum fyrir á mánuði og fara svo til útlanda eftir eitt ár fyrir sparnaðinn.“ Eða: „Ég ætla að elda heima þrisvar sinnum í viku,“ í stað þess að segjast ætla að hætta að borða skyndimat.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351
Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
BEETELITE
NeoSHOT
ParkTool
ÚTSALA!
- Allt að 70% afsláttur -
30% afsláttur af CUBE 2016 árgerðum, fatnaði & aukahlutum
15% afsláttur af TACX trainerum
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
Tacx
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
KENDA
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



Ný sending af pleður-buxum
Svartar, bláar, brúnar, koniak
verð frá kr. 6.980
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

HÆGELDAÐ NAUTABRJÓST
Hægeldað nautabrjóst Texas BBQ Style
Borið fram í hamborgarabrauði með, ristuðum lauk, sætkartöflustráum og amerísku hrásalati „coleslaw", ásamt krullufrönskum
Aðeins 1.690 kr.

2 FYRIR 1
Hægeldað nautabrjóst Texas BBQ Style 1.690 kr. fyrir tvo til og með 28. feb.
Klipptu flipann út og taktu með þér.
TEXASBORGARAR
Grandagarði 11
texasborgarar.is

ÚTSALA
Enn meiri verðlækkun
50 – 70% afsláttur

| Verðdæmi: | Verð nú: | Verð áður: |
|---|---|---|
| Toppur | 1.990 kr. | 6.900 kr. |
| Pils | 1.990 kr. | 6.900 kr. |
| Bolur | 2.900 kr. | 8.900 kr. |
| Buxur | 3.900 kr. | 13.900 kr. |
| Skyrta | 4.900 kr. | 10.900 kr. |
| Poncho | 5.900 kr. | 11.900 kr. |
| Jakki | 5.900 kr. | 13.900 kr. |
| Peysa | 6.900 kr. | 14.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook





# SÝNISHORN AF ÍSLENSKRI HÖNNUN

Þó að Hönnunarsafn Íslands eigi enn ekki mikið safn af íslenskri fatahönnun er þar að finna fáeina gullmola. Nokkra þeirra getur að líta á sýningunni Geymilegir hlutir, þar á meðal glæsilegan tónleikakjól Bjarkar Guðmundsdóttur og tæplega fertugan Don Cano galla.

„Geymilegir hlutir eru okkar fasta sýning en hún tekur reglulega breytingum þegar við skiptum hlutum út," segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður safnsins, þegar hún tekur á móti blaðamanni í skemmtilegu sýningarrými Hönnunarsafns Íslands í Garðabæ. Á sýningunni má finna nokkrar áhugaverðar flíkur en Harpa segir safnið enn sem komið er ekki eiga stórt safn fatnaðar. „Við erum ungt safn og lítið farin að safna íslenskri fatahönnun," segir hún en tekur fram að vissulega sé stefnan að auka safnkostinn á því sviði sem fyrst. „Þetta er þáttur í íslenskri hönnun sem er gríðarlega spennandi og við sjáum mikinn vaxtarbrodd í íslenskri fatahönnun."

Safnið á þó dálítið af fatnaði. „Það eru aðallega dæmi um skjólfatnað frá ýmsum tímum. Til dæmis frá Don Cano," segir hún og bendir á galla sem allflestir sem uppi voru á níunda áratugnum kannast við. „Við eigum líka skíðagalla í línunni en myndum gjarnan vilja eiga fleiri flíkur," segir hún brosandi.

Á myndunum má sjá þá hluti á sýningunni sem tengjast fatahönnun en gaman er að skoða þá sem og aðra muni Hönnunarsafnsins.







**1** Kvenkjóll úr karlmannshálsbindum eftir systurnar Báru og Hrafnhildi Hólmgeirsdætur frá 2002. Þær stofnuðu hönnunarfyrirtækið Aftur 1999 og hafa þær endurnýtingu og virðingu fyrir umhverfinu að leiðarljósi. Kjóllinn var sýndur á farandsýningunni Scandinavian Design Beyond the Myth víða í Evrópu árin 2003-2006 en var síðar gefin Hönnunarsafni Íslands.

**2** Hlýralaus kjóll með blómamynstri eftir Steinunni Sigurðardóttur frá árinu 2010. Steinunn sækir innblástur í íslenska náttúru og umritar í glæsilegan klæðnað þar sem bæði hömlulaus kraftur og fágun fá notið sín.

**3** Hrafnhildur Árnadóttir hjá Shoplifter hannaði þennan kjól fyrir vinkonu sína Björk Guðmundsdóttur fyrir tónleikaferð hennar árið 2003. Í kjólinn notaði hún gamaldags plastdúllur sem hún sankaði að sér þegar hún starfaði í versluninni Fríðu Frænku.

**4** Á afmæli Garðabæjar í haust voru nokkrir þekktir íbúar Garðabæjar fengnir til að velja hlut á sýninguna Geymilegir hlutir. Andrea Magnúsdóttir, fatahönnuður og bæjarlistamaður, valdi þennan Don Cano íþróttagalla frá árinu 1979. Don Cano er úr smiðju Jans Davidson en hann hefur síðar stimplað sig inn sem leiðandi hönnuður á sviði útivistarfatnaðar, bæði hjá Cintamani og 66°Norður. Nýjustu fréttir herma að ný lína frá Don Cano muni líta dagsins ljós innan tíðar.




**5** Selshamurinn frá Vík Prjónsdóttur er dæmi um íslenska fatahönnun sem hefur náð alþjóðlegri dreifingu. Hönnuðirnir vinna með þjóðsögur og íslenskan menningararf, íslensku ullina og norræna kímni.

**6** Flothettan var skólaverkefni Unnar Valdísar Kristjánsdóttur sem hún þróaði áfram og hefur náð miklum árangri með. Flothettan er hönnuð fyrir fólk til að upplifa vellíðan í vatni, losa um streitu og stuðla að almennu heilbrigði. Hugmyndin er innblásin af vatnaauðlegð þjóðarinnar og hinni séríslensku baðmenningu.

# Konur á besta aldri

19. janúar 2017
**KYNNINGARBLAÐ** Lyfis | Heilsa ehf.

# Gaman að leyfa sér að breytast

**Gunnhildur Arnardóttir** ákvað árið 2010 að láta langþráðan draum rætast og stofnaði fyrirtækið CEO Huxun. Í ár heldur hún upp á sextugsafmæli og fagnar góðum árangri fyrirtækisins sem stefnir inn á Bandaríkjamarkað og er þegar komið með aðstöðu í Silicon Valley.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Gunnhildur starfaði lengst af við mannauðsmál, fyrst sem starfsmanna- og skrifstofustjóri hjá Samvinnuferðum Landsýn og víðar, og síðar sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs Securitas. „Árið 2010 urðu eigendaskipti á fyrirtækinu og mér og öðrum var sagt upp eins og oft er. Mér buðust ýmis góð tækifæri í öðrum fyrirtækjum en ég ákvað á þeim tímapunkti, 53 ára gömul, að láta langþráðan draum rætast og stofna fyrirtæki þar sem boðið yrði upp á mælingar í mannauðsmálum,“ segir Gunnhildur sem er viðskiptafræðingur að mennt og með MBA frá Háskólanum í Reykjavík.

Mannauðsmál eru henni hjartans mál. „Ég vil að fólk fari jafn orkumikið heim eins og það kom til starfa,“ segir hún glaðlega en bendir á að til þess að ná þeim ávinningi sé ekki nóg að spyrja fólk einu sinni á ári eins og hefðbundnar vinnustaðagreiningar geri.

### Mannauður hjarta fyrirtækja

Gunnhildur stofnaði, í samstarfi við Trausta Harðarson, fyrirtækið CEO Huxun í kringum mælitækið HR Monitor. Það þróuðu þau út frá fimm rannsóknum sem tengdu saman fjárhagslegan ávinning vinnustaðar við ánægju og upplifun starfsmanna.

„HR Monitor stendur fyrir Human resource monitor,“ útskýrir Gunnhildur en bendir á að þegar HR monitor sé slegið inn í leitarvélar komi iðulega upp hjartamælingartæki. „Það passar bara ágætlega því mannauðurinn er hjarta fyrirtækisins,“ segir hún glettin. „Það á að mæla mannauðinn rétt eins og aðrar lykiltölur, enda skiptir máli fyrir yfirmenn að vita hvernig starfsmenn upplifa vinnu sína svo hægt sé að hlúa að þeim og leyfa þeim að blómstra í starfi.“

### Fengu góðar viðtökur

Hugmyndinni var vel tekið og CEO Huxun fékk strax nokkra góða viðskiptavini. „Það er lúxus að vera í nýsköpun og geta haft viðskiptavininn með sér í að þróa vöruna,“ segir Gunnhildur. Árið 2014 fengu þau Trausti styrk frá Nýsköpunarsjóði til að sækja á Noregsmarkað. Ári síðar fengu þau fjárfesta sem varð til þess að þau gátu ráðið til sín tölvunarfræðing til forritunar og árið 2016 fengu þau stóran styrk frá Tækniþróunarsjóði til þriggja ára. „Það var síðan í haust að við vorum valin af nýsköpunarmiðstöðvum Norðurlandanna, fyrst íslenskra fyrirtækja, til að fara á Tinc. Það stendur fyrir „Technical incubator“ eða tæknilega útungunarvél og er í Silicon Valley í Bandaríkjunum. Okkur bauðst að fara þangað með tvo starfsmenn og dvelja þar í rúman mánuð. Þetta var eins og Gulleggið á sterum, við fengum alla færustu sérfræðingana í þessum málum sem skoðuðu vöruna okkar og gáfu ráð. Það var mál manna að við værum sannarlega með vöru sem ætti erindi bæði á Bandaríkjamarkað og til Norðurlanda,“ segir Gunnhildur og segir mjög ánægjulegt að fá með þessum hætti vissu um að fyrirtækið væri á réttri leið.

### Eins og röntgenmynd

Gunnhildur segir megintilgang HR Monitor vera að fá fólk á vinnustöðum til að taka þátt í könnunum mánaðarlega. „Við mælum meðal annars starfsánægju, hvernig fólk metur upplifun viðskiptavina, sjálfstæði til ákvarðanatöku, stuðning frá stjórnanda, kröfur um árangur, áhuga, virðingu og traust. Þá er alltaf ein opin spurning sem allir geta séð svörin við. Niðurstöðurnar liggja fyrir fimm dögum síðar,“ lýsir Gunnhildur og telur að þetta virki fyrir alla. „Forstjórinn fær yfirsýn og starfsmenn upplifa að fyrirtækinu sé ekki sama. Einu sinni á ári mælum við síðan laun því ef laun eru ekki sambærileg við það sem gerist á vinnumarkaðnum þá fellur allt hitt um sjálft sig.“



**Gunnhildur Arnardóttir stofnaði CEO Huxun þegar hún var 53 ára og nýtur þess að takast á við þetta vel heppnaða frumkvöðlafyrirtæki.** MYND/VILHELM

Gunnhildur segir HR Monitor virka líkt og tekin sé röntgenmynd af fyrirtæki. „Við veitum allar upplýsingar en síðan eru það mannauðsstjórar og fólkið innan fyrirtækjanna sem ákveður hvernig skuli bregðast við niðurstöðunum,“ útskýrir hún.

### Stefna á Bandaríkjamarkað

Í dag starfa fjórir starfsmenn hjá CEO Huxun, 5.000 starfsmenn í 40 til 50 fyrirtækjum svara HR Monitor árlega og í kringum 250 til 300 stjórnendur fá sendar niðurstöður. Ný fyrirtæki bætast við reglulega og framtíðin er björt. „Við stefnum á Bandaríkjamarkað, erum þegar með aðstöðu í Silicon Valley og vinnum að því að byggja upp tengsl. Við bíðum eftir því að klára að gera kerfið sjálfvirkt hér heima og verðum þá tilbúin á erlendan markað,“ segir Gunnhildur.

Starfsaðstaða CEOHuxun er í frumkvöðlasetrinu Innovation House á Seltjarnarnesi sem Jon von Tetzcher stofnaði. „Hér er dásamlegt að vera innan um tuttugu önnur lítil og stór fyrirtæki af öllum gerðum. Þetta er nokkurs konar útungunarstöð þar sem allir eru að kljást við eitthvað nýtt. Flestir eru yngri en ég, en ég er algerlega ein af hópnum og eflist af orku við að starfa hér,“ segir hún glaðlega. „Maður er alltaf að breytast og maður á að leyfa sér það og verða þannig sáttur og og glaður. Þessi innri vöxtur er uppspretta hamingjunnar.“





**Náttúruleg lausn við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi**

*Bætt heilsa og betri líðan með*
Natural Health Labs
*100% náttúruleg bætiefni*

Natural Health Labs eru hrein náttúruleg bætiefni sem innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.



*„Vinkona mín mælti með Magnolia. Strax fyrstu nóttina sofnaði ég dýpra, fann stressið minnka og náði djúpslökun og vaknaði endurnærð.
Ég mæli með Magnoliu fyrir alla sem eiga erfitt með að sofna eða sofa laust, líka ef það er álag og stress eða kvíði“*

**Kristín Þorgeirsdóttir**
**ljósmyndari**

100% NATURAL

BALSAM ehf

**Útsölustaðir: Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og stórmörkuðum.**
www.balsam.is




Meryl Streep hlaut heiðursverðlaun á Golden Globe-hátíðinni og vakti verðskuldaða athygli fyrir þakkarræðu sína. Hún klæddist kjól úr hátískulínu Givenchy.

# Glæsilegar dömur á rauða dreglinum

Kvikmyndabransinn í Hollywood er miskunnarlaus. Oft er talað um að erfitt sé að eldast í bransanum, sér í lagi fyrir konur, alveg burtséð frá hæfileikum. Nokkrar hafa barist gegn mótlætinu með hæfileika og þrautseigju að vopni og uppskorið frægð og frama. Hér eru fjórar snjallar leikkonur sem vöktu athygli á Golden Globe-verðlaunahátíðinni á dögunum fyrir að vera stórglæsilegar á rauða dreglinum.



Felicity Huffman (54) er þrælflott í þessum samfestingi frá Georges Chakra.

Isabelle Huppert (63) klæddist gullfallegum kjól frá Armani Prive.

Sarah Jessica Parker (51) er þekkt fyrir flottan og sérstæðan stíl. Hún klæddist hvítum Vera Wang-kjól á Golden Globe.

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Ólafur Hákonarson | olafurh@365.is | s. 512-5433



Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida, hjá konum sem áður hafa verið greindar hjá lækni með slíka sveppasýkingu og þekkja því einkennin.

# Sveppasýking í leggöngum

**LYFIS kynnir** Fluconazol ratiopharm 150 mg hylki fást nú án lyfseðils í næsta apóteki. Eitt hylki er tekið inn um munn við sveppasýkingu í leggöngum.

„Fluconazol ratiopharm er nú fáanlegt án lyfseðils í apótekum en lyfið hafði áður fyrr eingungis verið fáanlegt út á lyfseðil," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS, og bendir á að þar sem Fluconazol ratiopharm sé nú selt án lyfseðils geti konur nálgast það um leið og á þarf að halda en áður þurfti að fara til læknis og fá lyfseðil. Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum sem áður hafa verið greindar hjá lækni með slíka sveppasýkingu og þekkja því einkennin. Eflaust þekkja margar konur það að fá reglulega sveppasýkingu, t.d. í tengslum við sýklalyfjatöku. Það er því mikill kostur fyrir þær að geta farið strax í apótek og keypt lyfið og hafið meðferðina. Einkenni sveppasýkingar eru mikill kláði á ytri kynfærum, eymsli, pirringur og sársauki við kynmök en einnig roði og tiltölulega lyktarlítil hvít útferð. Meðferðin felst í því að konur sem hafa verið greindar með sveppasýkingu og þekkja einkennin taka einungis eitt hylki inn um munn. Hér er því um að ræða einfalda meðferð við algengum kvilla.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér meðfylgjandi.




Fluconazol ratiopharm fæst án lyfseðils í apótekum. Eitt hylki er tekið inn um munn við sveppasýkingu í leggöngum.

LYFIS Traust í lyfjum | ratiopharm

**Fluconazol ratiopharm fæst án lyfseðils í apótekum.**

**Notkunarsvið:** Fluconazol ratiopharm inniheldur fluconazol. Án ávísunar frá lækni er Fluconazol ratiopharm notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum sem áður hafa verið greindar með sveppasýkingu. **Skömmtun:** Við Candidasýkingu í leggöngum: Eitt Fluconazol ratiopharm 150 mg hylki í stökum skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir fluconazoli eða skyldum azóllyfjum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Samhliðameðferð með cisapridi, astemizoli, terfenadini, pimozidi eða quinidini. **Gæta skal sérstakrar varúðar ef eftirfarandi á við:** Truflun í jafnvægi blóðsalta, einkum minnkuð þéttni kalíums og magnesíums. Hægur hjartsláttur sem þarfnast meðferðar, hjartsláttartruflanir eða alvarleg hjartabilun. Ef húðútbrot koma fram á meðan á meðferð með Fluconazol ratiopharm stendur skal strax hafa samband við lækni. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki skal nota Fluconazol ratiopharm á meðgöngu eða meðan barn er á brjósti. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.** SmPC: Október 2016.






# CC FLAX

CERTIFIED ORGANIC NZ0160 ASUREQUALITY

100% NATURAL NOT SYNTHETIC

## Frábært til að bæta **hormónajafnvægi** fyrir konur á **öllum aldri**

**SLEGIÐ Í GEGN Í VINSÆLDUM - FRÁBÆR - ÁRANGUR**

Mulin hörfræ - rík af Lignans
Trönuberjafræ
Kalk úr hafþörungum

**Heilbrigðari og grennri konur**
Rannsókn sýna að konur sem hafa mikið lignans i blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.




- **Regluleg inntaka stuðlar að kjörþyngd**
- **Omega 3- ALA**
- **Fjölbreyttar trefjar**
- **Mikil virkni gegn bjúg**
- **Styrkir blöðru og þvagkerfi**






NÝJAR UMBÚÐIR

PRENTUN.IS

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum, heilsuhúsinu, Hagkaup, Nettó og Fjarðarkaupum

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

# Aldrei of seint að byrja að hreyfa sig

**Ólafur Þór Gunnarsson**, lyf- og öldrunarlæknir, hefur sérhæft sig í endurhæfingu og líkamsrækt eldra fólks. Hann segir ávinning af hreyfingu og líkamsrækt ótvíræðan á efri árum og að flestir sjúkdómaflokkar sem herja á eldra fólk batni með henni.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Ekki er mælt með einni sérstakri tegund líkamsræktar fyrir eldra fólk en fleira ber að sögn Ólafs Þórs Gunnarssonar að varast. „Ganga er líklega besta alhliða æfingin enda reynir hún á marga þætti líkamlegrar getu og færni. Til að hún verði ekki of einhæf er gott að bæta við þáttum eins og að ganga upp stiga, ganga á fótinn eða niður brekkur,“ segir Ólafur. Hann segir því lengi hafa verið haldið fram að ganga utanhúss sé betri en ganga innanhúss eða á bretti. „Nú nýlega eru að koma fram rannsóknir sem gefa vísbendingar í þá átt. Ganga utanhúss reynir líka á fleiri þætti skynjunar en ganga innandyra, en krefst á móti meiri færni. Þá mæla margir með styrktarþjálfun í bland við göngu.“

Ólafur segir útbreiddan misskilning að styrktarþjálfun, sem er í raun úthaldsþjálfun, verði ekki gerð nema á líkamsræktarstöð með flóknum græjum. „Stigaganga, stólrisa, upphífingar og bollyftur eru ágæt dæmi um styrktarþjálfun sem krefst lítils búnaðar. Eins byggja vinsælar almenningsíþróttir eins og golf í grunninn á göngu og færniæfingum,“ segir Ólafur og bendir á að það hjálpi alltaf til að viðkomandi hafi gaman af þeirri þjálfun sem hann stundar. „Annars er hætt við að menn hætti eftir áramótaátakið.“

## Ýtir undir bata og betri líðan

En hver er helsti ávinningur þess að stunda líkamsrækt á efri árum? „Það hafa verið skrifaðar margar vísindagreinar um ávinning af hreyfingu og líkamsrækt á efri árum. Í raun má segja að flestir meginsjúkdómaflokkar sem herja á eldra fólk batni með hreyfingu. Má þar nefna hjarta- og æðasjúkdóma eins og háþrýsting og kransæðasjúkdóma, stoðkerfisvandamál, beinþynningu, taugasjúkdóma eins og Parkinsons, sykursýki, kvíða, þunglyndi, svefntruflanir og svo mætti lengi telja. Þá er ónefndur sá ávinningur sem hlýst af bættri færni, úthaldi og almennt betri líðan.“

## Gott að leita ráða

En hvað með þá sem hafa lítið lagt stund á líkamsrækt. Er einhvern tíma of seint að byrja? „Rannsóknir hafa sýnt að það virðist aldrei of seint að byrja og ávinningur hreyfingar heldur áfram á efri árum. Við verðum heldur aldrei of gömul til að hafa gaman af því að vera úti að leika okkur. Þeir sem eru komnir á efri ár og hafa enga fyrri sögu um hreyfingu eða líkamsrækt ættu hins vegar að leita ráða hjá lækni eða sjúkraþjálfara áður en farið er af stað. Það að þurfa leiðsögn þýðir þó ekki að það sé ekki hægt að byrja,“ áréttar Ólafur.

Ef menn glíma við marga sjúkdóma eða einhvers konar hamlanir er að sögn Ólafs enn mikilvægara að leita ráða áður en farið er af stað. „Heilbrigðisstarfsfólk og íþróttafræðingar sem vinna við þjálfun og líkamsrækt eldra fólks eiga að geta komið því í réttan farveg. Sumir geta þurft að byrja undir handleiðslu sjúkraþjálfara, en það er engin afsökun fyrir því að hefjast ekki handa.“

En hvernig er framboðið af líkamsrækt fyrir eldra fólk? „Ef vel er að gáð eru líkamsræktartækifærin í raun alls staðar að finna. Það er hægt að ganga allt árið bæði úti og inni og ég bendi fólki gjarnan á verslunarmiðstöðvar og stóru íþróttahúsin sem eru oftast til reiðu fyrir gönguhópa utan æfingatíma íþróttamanna. Á höfuðborgarsvæðinu má nefna Fífuna, Egilshöll og Kórinn. Á Akranesi, í Reykjanesbæ, á Akureyri og víðar er einnig boðið upp á svipaða aðstöðu,“ bendir Ólafur á en segir málið líka snúast um að vera svolítið skapandi í hugsun.

„Það er hægt að fá sér labbitúr í Smáralind, Kringlunni eða annars staðar um leið og maður erindar. Þá er hægt að nota bílastæðahúsið í blokkinni þegar veðrið er leiðinlegt. Svo er hægt að fara í sund, helst gangandi, og hreyfa sig þar en auk þess eru margar líkamsræktarstöðvar farnar að bjóða upp á sérstaka tíma fyrir eldra fólk með leiðsögn.“



Rannsóknir hafa að sögn Ólafs sýnt að það virðist aldei of seint að byrja að hreyfa sig og að ávinningur hreyfingar heldur áfram á efri árum. MYND/EYÞÓR

## Fólk meðvitaðra

Aðspurður segir Ólafur fullorðið fólk orðið mun meðvitaðra um gildi líkamsræktar en áður. „Stöðug fræðsla virðist þar skila miklu og einnig sú staðreynd að fólk finnur sjálft að því líður betur ef það hreyfir sig reglulega. Það leiðir líka oft til þess að það á auðveldara með að sjá um sig sjálft og njóta samvista við fjölskyldu og vini svo dæmi séu nefnd. Mikilvægast er að hver og einn finni þá hreyfingu sem hentar og getur dugað sem tæki til að viðhalda færni alla ævi.“

# Konur kunna að meta Kvennablóma og Liðaktín

Kvennablómi hefur reynst konum á breytingaskeiði vel en hann inniheldur valin virk efni sem hafa gefist vel við þrautum þessa skeiðs. Margar góðar sögur af Kvennablóma hafa borist Signýju Skúladóttur hjá Heilsu. Liðaktín vinnur vel fyrir liði og stoðkerfi.

Kvennablómi er sérhönnuð íslensk uppskrift með völdum virkum efnum sem hafa í gegnum tíðina reynst ákaflega vel fyrir konur á breytingaskeiði að sögn Signýjar Skúladóttur, markaðsstjóra hjá Heilsu. „Við höfum fengið mikið af góðum sögum frá konum sem kunna að meta þessa vöru og hvernig hún hefur hjálpað þeim.“

Kvennablóminn kemur í perlum með virku efnunum í fljótandi formi sem Signý segir að sé betra vegna þess að mörg af þessum virku efnum vinni betur þannig. „Svo á líkaminn auðveldara með að nýta þau og upptakan verður fljótari og áhrifameiri.“

## Frábær blanda

Kvennablómi inniheldur meðal annars soja ísóflavonóíð, dong quai-jurt, wild yam-jurt og náttljósarolíu. „Soja ísóflavonóíð hafa verið notuð með góðum árangri við svitakófi hjá konum á breytingaaldri. Þá er talið að þau virki verndandi fyrir æðar, tempri blóðsykur og styrki bein. Dong quaijurtin er þekkt í kínverskri læknisfræði fyrir blóðrennslisörvandi eiginleika. Kínverskir læknar nýta hana til að koma jafnvægi á hormónaefnaskipti kvenna. Mælt er með jurtinni fyrir konur vegna þrauta sem tengjast breytingaskeiði og einnig til að efla konum þrótt. Jurtina þarf að nota í allt að sex til átta vikur áður en áhrif hennar skila sér til fulls,“ útskýrir Signý og heldur áfram:

„Wild yam inniheldur jurtaprógesteronlíka hormóna og er því mikið notuð við óþægindum breytingaskeiðsins en hún getur hjálpað við bólgum og verkjum.“

Signý nefnir einnig að fræ nátt-ljósarolíu séu ein besta náttúrulega uppspretta cis-gamma-línólensýru. „Þetta er önnur af tveimur flokkum fitusýra sem eru lífsnauðsynlegar fyrir líkamann, rétt eins og vítamín. Rannsóknir benda til að inntaka náttljósarolíu gagnist konum á breytingaskeiði, meðal annars að það bæti nýtingu kalks. Þessi frábæra blanda sem kvennablóminn er inniheldur að auki drottningarhunang ásamt vítamínum og steinefnum.“




## Liðaktín, gott fyrir liði

„Liðaktín Quatro inniheldur fjögur virk efni sem hafa sýnt sig að vinni vel fyrir liði og stoðkerfi,“ segir Signý. „Við fáum reglulega upplýsingar frá ýmsum aðilum þar sem Liðaktín hefur hjálpað til, hvort sem um er að ræða brjóskvandamál í hjáliðum eða stirðleika.

Að sögn Signýjar inniheldur formúlan kondróditín súlfat, rose hip, C-vítamín, Omega-3 olíu og hyaluron-sýru. „Kondroitín súlfat er talið vernda niðurbrot á brjóski, rose hip getur hjálpað við bólgum og þannig gefur það góða raun sem verkjastillandi þáttur. C-vítamín er sett hér að auki meðal annars til að hjálpa til við upptöku á rose hip en það vinnur mjög vel saman. Liðaktín inniheldur einnig Omega 3 fiskiolíu og hyaluronsýru sem er eitt af meginefnum í liðvökva og gegnir mikilvægu hlutverki til að viðhalda seiglu og sveigjanleika í liðum. Með aldrinum minnkar hæfni líkamans til að framleiða það,“ útskýrir hún.

## Upplýsingar

- Mælt er með tveimur hylkjum af Kvennablóma á dag með mat.
- Mælt er með einni töflu af Liðaktín Quatro tvisvar á dag.
- Bætiefni koma ekki í stað hollrar fæðu heldur sem viðbót. Takmarka skal neyslu við ráðlagðan dagskammt.
- Öll bætiefni frá Gula miðanum eru framleidd samkvæmt ströngustu kröfum um val á hráefni og framleiðslu eftir GMP gæðastöðlum sem stendur fyrir „good manufacturing practice“.




Signý hefur fengið mikið af góðum sögum frá konum sem kunna að meta Kvennablóma og Liðaktín. MYND/EYÞÓR



# Heilsaðu hamingjunni

Solaray er hágæða vítamín– og bætiefnalína sem unnin er úr jurtum. Á hverjum degi vinnum við með náttúruleg hráefni sem geislar sólarinnar hafa skapað og fyllt orku. Þannig tryggjum við þér hrein vítamín og bætiefni með mikla virkni.

**Finndu þinn sólargeisla í næstu heilsuvöruverslun eða apóteki.**



# Stíllinn breytist með árunum

**María Lovísa Ragnarsdóttir** fatahönnuður hefur hannað og saumað fatnað á íslenskar konur í meira en þrjá áratugi. Hún segir almennu tískuna í dag ekki endilega höfða til hennar viðskiptahóps, þær hafi mótað sinn stíl og vilji endingargóðan fatnað sem falli ekki inn í fjöldann.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við Íslendingar erum voða miklar tískutýpur. Við erum svo lítið samfélag og alltaf að hitta einhverja sem við þekkjum, viljum líta vel út. Íslenskar konur vilja vera fínar og smart og ekki endilega hverfa í fjöldann," segir María Lovísa Ragnarsdóttir, fatahönnuður og eigandi verslunarinnar María Lovisa Design á Skólavörðustíg.

María Lovísa hefur frá því hún kom heim úr námi í fatahönnun í Danmörku árið 1979, hannað og saumað fatnað á íslenskar konur. Hún opnaði eigin verslun árið 1982 og hefur sjálf staðið vaktina í miðbæ Reykjavíkur síðan. Hún segir leik og jafnvel leikhúsáhrif einkenna hönnun sína og flíkurnar hennar skeri sig úr. Viðskiptavinir hennar eru yfirleitt konur frá fertugu og upp úr, sem hún segir vera búnar að skapa sér stíl.

„Ég er orðin nokkuð nösk á að sjá út hvað myndi henta viðskiptavininum þegar þær koma inn og les týpuna strax. Tískan í dag er reyndar dálítið skrítin fyrir mína kynslóð. Í tískublöðunum finnst mér ég bara sjá fötin sem ég gekk í þegar ég var tvítug! Mínir kúnnar nenna ekkert í það aftur," segir hún sposk.

„Fatastíllinn breytist eftir því sem maður þroskast. Þegar maður er yngri er maður í eltingaleik við tískuna og vill helst vera í nýju dressi um hverja helgi. En þessi aldurshópur vill að flíkurnar endist og detti ekki úr tísku eftir ár. Þær eru komnar með mótaðan stíl og vilja góð efni. Ég hanna ekki föt sem fólk getur keypt alls staðar. Auðvitað fylgist ég með og litast af því sem er í gangi en flíkurnar mínar þekkjast úr. Þær sem vilja bara vera í felulitunum og falla í fjöldann eru ekkert að koma til mín," segir hún sposk.

„Ég hanna mikið kjóla og fæ oft að heyra sögur frá konum um að þær eigi ennþá sparikjól sem þær keyptu hjá mér fyrir mörgum árum. Þær eiga þessa kjóla árum saman. Þetta er svo tímalaust, segja þær. Meira að segja talaði ein um fermingarkjólinn sem hún á ennþá. Þetta eru klassískar flíkur en þó reyni ég að halda mínum séreinkennum. Ég hef ekki unnið neitt annað en fatahönnun frá því ég kom úr námi. Ég kann vel við að vera í beinu sambandi við viðskiptavinina, teikna fyrir konur og sérsauma á þær líka," segir María Lovísa.

Eftir að hafa stundað verslunarrekstur í miðbæ Reykjavíkur í þrjá áratugi segir María nú komið að tímamótum. Hún ætli að flytja sig um set.

„Ég bý núna á Selfossi og mun flytja verslunina þangað um miðjan næsta mánuð. Þar er ég með stórt og gott pláss. Ég er alls ekki hætt heldur mun halda áfram að hanna og framleiða fatnað."



**María Lovísa Ragnarsdóttir hefur hannað og saumað fatnað á konur í meira en þrjá áratugi. Hún flytur sig nú úr miðbæ Reykjavíkur á Selfoss.** MYND/EYÞÓR






## LÆKKAÐU ÞRÝSTINGINN

Á vefsíðunni Authoritynutrition.com eru tilgreindar 15 leiðir til að lækka blóðþrýstinginn á náttúrulegan máta.

- Farðu í daglega göngutúra og æfðu reglulega.
- Minnkaðu saltneyslu.
- Minnkaðu alkóhólneyslu.
- Borðaðu mat sem er kalíumríkur. Til dæmis ávexti, grænmeti, mjólkurvörur hnetur, lax og baunir.
- Minnkaðu koffínneyslu.
- Lærðu að takast á við streytu.
- Borðaðu dökkt súkkulaði eða kakó.
- Léttu þig ef þú ert í yfirvigt.
- Hættu að reykja.
- Ekki borða viðbættan sykur eða einföld kolvetni.
- Borðaðu ber, þau eru rík af efnum sem eru góð fyrir heilsu hjartans.
- Prófaðu hugleiðslu eða djúpöndun.
- Borðaðu kalkríka fæðu.
- Taktu ráðlögð náttúruleg bætiefni.
- Borðaðu fæði sem er ríkt af magnesíum.


ÚTSALA
-40%
Vandaður þýskur og danskur fatnaður
Stærðir 36-52
Ítalskir og spænskir leðurskór
Stærðir 36-42,5
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Canal Grande í Feneyjum. Þar var Nanna á ferð um síðastliðin jól.

# Á leynistað á jólum

**Nanna Rögnvaldardóttir** hefur undanfarin ár varið jólunum í útlöndum. Ástæðan er sú að henni fannst hún orðin allt of föst í jólahefðum. Nanna hefur lítinn áhuga á að fara á sólarströnd eða sitja á hóteli í einhverri stórborg en hefur þann sið að halda áfangastaðnum leyndum þar til þangað er komið.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Nanna Rögnvaldardóttir, ritstjóri hjá Forlaginu og matreiðslubókahöfundur, hefur ferðast töluvert síðustu fimmtán árin eða svo, ýmist ein eða með barnabörnum sínum sem hún segir vera skemmtilega ferðafélaga. Undanförnum þrennum jólum hefur Nanna varið ein í útlöndum. „Ég hef aldrei verið neitt sérstakt jólabarn og það eru nokkur ár síðan ég hætti að jólaskreyta eða vera með tré. Mér finnst satt að segja allt of mikið gert úr jólunum. En mér hefur þó oftast liðið vel um jólin, það er ekki málið. Mig langaði bara til að prófa að sleppa þeim, athuga hvernig það væri,“ útskýrir Nanna.

## Segir engum frá

Nanna hefur haft þann skemmtilega hátt á að halda áfangastaðnum í þessum jólaferðum leyndum, gefið fólki einhverjar smávísbendingar um hvert förinni er heitið, birt myndir á Facebook þegar hún er komin á staðinn og svo hefur fólk spreytt sig á að giska á hvar hún er stödd. „Þetta er nú bara til gamans gert. Þegar ég fór fyrst út var ég búin að grínast með að ég ætlaði ekkert að segja neinum hvert ég væri að fara en svo missti ég það út úr mér við einhvern og þá þýddi ekkert að reyna að halda því leyndu. En ég hef staðið við það í hin skiptin,“ segir hún og brosir.

Fyrsta jólaferð Nönnu var til eyjunnar Madeira sem hana hafði lengi langað til að heimsækja. „Ég leigði þar hundrað fermetra stórfína íbúð á frábærum stað í Funchal, sat úti á svölum og horfði ýmist á Atlantshafið eða upp til fjalla, rölti um Funchal, horfði á brimið, fór með svifbrautinni upp á fjallið í hádeginu á aðfangadag, fékk mér fiskisúpu og horfði á stórkostlegt útsýnið. Í fyrra ákvað ég að fara til Möltu. Malta er á vissan hátt miðpunktur Miðjarðarhafsins og hefur verið undir yfirráðum svo gott sem allra stórvelda sem þar hafa einhvern tíma risið og þau hafa öll haft áhrif á eyjuna, menningu hennar, tungumál, matargerð og fleira og þessu langaði mig að kynnast betur.“



Nanna hefur ferðast töluvert undanfarin ár. Þessi mynd af henni var tekin í ferðalagi með dóttursyni hennar við Schönbrunnhöll í Vín.

> **Og jólamaturinn minn var þrenna af villisvína-, kengúru- og sebrakjöti.**
>
> *Nanna Rögnvaldardóttir*

## Friðsæl jól

Á Möltu varði Nanna jólunum í höfuðborginni Valletta þar sem hún gat horft á skemmtiferðaskipin sigla framhjá glugganum sínum. „Valletta er fallegur smábær og ég held ég hafi gengið hverja einustu götu þar og skoðaði kirkjur og söfn og frábær listaverk. Og á jóladagsmorgun gekk ég hringinn í kringum bæinn og sá varla nokkurn á ferli nema gamlan mann sem sat á bryggjusporði og veiddi ofan í tvo ketti. Núna um jólin var ég svo í Trieste á Ítalíu sem er notaleg borg og ég kunni afskaplega vel við mig þar. Átti afar friðsæl jól í lúxusrisíbúð í gömlu glæsihúsi. Og jólamaturinn minn var þrenna af villisvína-, kengúru- og sebrakjöti á einhverju hipsteraveitingahúsi,“ segir Nanna og brosir.

Hún var heldur lengur í þeirri ferð en hún hafði áður verið, var þrjá daga í Trieste en fór svo til Padúa í tvo daga. Ferðin endaði svo á þremur dögum í Feneyjum. „Mér fannst skemmtilegt að sameina heimsókn til þessara þriggja norðurítölsku borga, það er ekki langt á milli þeirra en þær eru alveg ótrúlega ólíkar og það gerði ferðina enn áhugaverðari en ella.“

## Notalegt að vera ein

Nanna komst að því að henni finnst notalegt að vera ein í útlöndum yfir jólin. „Þegar ég fór fyrst var ég alveg búin undir að verða yfirkomin af heimþrá á aðfangadagskvöld og að tárin rynnu niður kinnarnar á mér. En það var alls ekki. Þessi þrjú aðfangadagskvöld hef ég farið út að borða frekar snemma kvölds, rölt svo heim í gegnum miðbæinn og drukkið í mig jólastemminguna – það hefur alltaf verið fólk á ferli en allt mjög friðsælt – og þegar heim í íbúðina kemur hef ég sest niður með glas af góðu víni og ostbita og hlustað á Jussi Björling syngja O helga natt. Það eru mín jól, þau standa í svona fimm mínútur. Og svo spjalla ég aðeins við börn og barnabörn.“

Þegar Nanna er spurð að því hvort hún sé byrjuð að plana næstu ferð stendur aðeins á svörum. „Já og nei. Ég er með ákveðinn stað í huga, kannski fyrir næstu jól en ég er líka að reyna að gera upp við mig hvort ég fer til útlanda á sextugsafmælinu mínu núna í mars og ef ég geri það verður sá staður líklega fyrir valinu. Og nei, ég segi ekki hvaða staður það er.“



Á jóladagsmorgni á Möltu gekk Nanna hringinn í kringum Valletta og sá varla nokkurn á ferli nema gamlan mann sem sat á bryggjusporði og veiddi ofan í tvo ketti.



Í skoðunarferð um Madeira sá Nanna hve ótrúlega Madeirabúum hefur tekist að nýta land sitt, snarbrattar fjallshlíðar og þrönga dali.


50-80% afsláttur
af öllum útsöluvörum í versluninni!
ÚTSALA - ENN MEIRI LÆKKUN!
50-80% afsláttur af öllum útsöluvörum og frábært úrval af nýjum vörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Kjóll, aðeins 1.990kr! Áður 8.990
Kjóll, aðeins 2.990kr! Áður 6.990
Kjóll, aðeins 2.990kr! Áður 7.990
Túnika, aðeins 2.990kr! Áður 8.990
Peysa, aðeins 3.990kr! Áður 8.990
Peysa, aðeins 3.490kr! Áður 6.990
Kjóll, aðeins 2.990kr! Áður 7.990
Blússa, aðeins 1.990kr! Áður 5.990
Kjóll, aðeins 2.990kr! Áður 7.990
Kjóll, aðeins 3.490kr! Áður 7.990
Skór, aðeins 2.000kr! Áður 11.990
Skór, aðeins 2.000kr! Áður 8.990
Skór, aðeins 2.000kr! Áður 8.990
Skór, aðeins 2.000kr! Áður 8.990
ÚT-SALA
Úlpa, aðeins 5.990kr! Áður 12.990
Úlpa, aðeins 5.990kr! Áður 12.990
Jakki, aðeins 2.000kr! Áður 7.990
ENN MEIRI LÆKKUN á útsölunni og fullt af flottum nýjum vöru!
Þægilegar pleður buxur með teygju í mittið!
BUXUR 8.990kr st. 36-50
TÚNIKA 6.990kr st. 42-56
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
BLÚSSA 5.990kr st. 42-56
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314




www.fi.is



Borgarganga

við upphaf afmælisárs FÍ

**Ferðafélag Íslands á 90 ára afmæli 2017 og við hefjum afmælisárið sunnudaginn 15. janúar með göngu um Öskjuhlíðina og Nauthólsvík** undir styrkri forystu Péturs H. Ármannssonar, arkitekts og landsins helsta sérfræðings um byggingasögu höfuðborgarsvæðisins.

Pétur hefur um margra ára skeið leitt sérstakar borgargöngur á vegum Ferðafélags Íslands. Í þessari göngu verður hugað að uppbyggingu og skipulagi Öskjuhlíðarinnar og merkileg saga svæðisins rifjuð upp.

Gangan hefst kl. 10.30 frá Perlunni í Öskjuhlíð. Gengin er 4-5 km hringur.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS 1927 2017 90 ára

**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**

**Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is**











# MEÐ MUNNINN FYRIR NEÐAN NEFIÐ

Bandaríska leikkonan **Drea de Matteo** fagnar fjörutíu og fimm ára afmæli í dag. Hún sló fyrst í gegn í þáttunum Sopranos og vann til Emmy-verðlaunanna fyrir leik sinn. Hún lýsir sér sem feiminni týpu en þó eimi eftir af partíljóninu sem hún var á árum áður.

Leikkonan Andrea Donna de Matteo eða Drea de Matteo vakti fyrst athygli fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Sopranos sem Adriana La Cerva, kærasta mafíósans upprennandi Christophers Moltisanti. Sagan segir að framleiðendum þáttanna hafi litist svo vel á hana í prufu að hlutverk Adriönu var stækkað svo hún kom fram í nánast hverjum þætti. De Matteo fékk Emmy-verðlaunin fyrir hlutverk Adriönu árið 2004. Í framhaldinu fékk hún hlutverk sem systir Joey í samnefndum þáttum sem hófu göngu sína 2004 og byggðu á Joey úr Friends.

Drea de Matteo kemur fyrir sem svöl pæja en lýsir sjálfri sér sem feiminni. Hún hefur reyndar einnig sjálf sagt að á árum áður hafi hún verið villt, tattúverað partíljón með munninn fyrir neðan nefið sem eitthvað eimi jafnvel enn eftir af. Til dæmis hefur hún sagt að sér leiðist að leika „venjulegar“ konur. Hún hefur einnig látið út úr sér að henni hundleiðist kvikmyndabransinn, rauði dregillinn, glamúrinn og kjólarnir og að þurfa stöðugt að tala um sjálfa sig. Hún ætlaði sér meira að segja í upphafi að læra leikstjórn en þegar í skólann var komið heilluðu leiklistartímarnir hana meira. Hún hefur þó látið hafa eftir sér að líklega hefði hún átt að verða umboðsmaður.

Drea er þekkt fyrir afslappaðan fatastíl og segist velja gallabuxur fram yfir galakjóla ef hún mögulega getur. Hún rak meðal annars á árum áður litla verslun í East Village í New York með „vintage“ rokk og ról fatnað sem kallaðist Filth Mart.

> » Hún hefur reyndar einnig sjálf sagt að á árum áður hafi hún verið villt, tattúverað partíljón með munninn fyrir neðan nefið sem eitthvað eimi jafnvel enn eftir af.





**De Matteo hefur afslappaðan stíl.**

OTA

# SOL GRYN®

*Holl, ristuð hafragrjón*

VELDU HEILKORN

HAFRATREFJAR LÆKKA KÓLESTERÓL

SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**GOTT VERÐ**
LEXUS CT200 HYBRID. Árg.2012,ek. aðeins 29.þ km, sjálfskiptur.Verð 2.590.000. Á staðnum.Rnr.105132. S:562-1717.



**GOTT VERÐ - DÍSEL**
VOLVO S80 R-DESIGN. Árg.2011,ek.124.þús km, beinskiptur,leður,krókur ofl. Verð 2.990.000. Rnr.128670. Á staðnum - S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Auris terra eco. Árgerð 2014, ekinn 46 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.992113.



MMC Pajero instyle. Árgerð 2015, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.970.000. Rnr.320332



KIA Sportage. Árgerð 2015, ekinn 81 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.090.000. Rnr.992164. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ B 180 170/180 (232). Árgerð 2012, ekinn 69 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.290405.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Toyota Kauptúni



TOYOTA Avensis s/d exe. Árgerð 2007, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.371462.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

## Bílar til sölu



Reunaul Clio 2003 ek 97.000 Skoðaður 05 2018.Gullmoli Verð 450.000-kr. Uppl s: 779 2416

## Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann 8682352

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fjórhjól



Can-Am Outlander max xt 1000 Árgerð 2014 Ekið 930km Farangurskassi, rúða ofl. Verð 2.690.000kr S. 892-0380

## Bátar




**GRÁSLEPPUVEIÐIMENN**
Allt til grásleppuveiða lækkað verð. Heimavík ehf, Sporhömrum 3, heimavík.is S: 8928655

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

Pípulagnameistari getur bætt við sig fleiri verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Benni: 8993464 Vatnshrúturinn ehf

## Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

# VW e-GOLF

## EVRÓPUBÍLAR Í ÁBYRGÐ

## BETRA GENGI LÆGRA VERÐ!

VERÐ FRÁ KR.
~~3.590~~
**3.390**
ÞÚSUND

ÁRG. 2015
Mjög lítið eknir

RÍKULEGA BÚNIR e-GOLFAR
- 8 tommu margmiðlunarskjár
- Bakkmyndavél
- Nálgunarvarar
- Bluetooth
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Álfelgur
- 8 ára ábyrgð á rafhlöðu
- Kapall fyrir heimahleðslu og hleðslustöðvar
- Sjálfskiptir
- Hiti í framrúðu
- ... og margt fleira

Lítill rekstar-kostnaður



Skoðum skipti á öllum tegundum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## tilkynningar

# Tillögur að breyttu deiliskipulagi í Kópavogi. Endurauglýsing

## Kópavogsbraut 9-11. Nýbygging. Deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Kópavogsbraut 9-11. Í breytingunni felst að í stað núverandi íbúðarhúsa á lóðunum komi tvö fjölbýlishús á 4 og 5 hæðum auk kjallara þar sem 5 hæðin er inndregin að hluta. Lóðirnar verða sameinaðar og verður stærð lóðar eftir breytingu 2.900 m2. Fjöldi íbúða á hinni nýju lóð Kópavogsbraut 9-11 verður 40. Miðað er við 1,3 bílastæði á íbúð alls um 50 stæði þar af 40 í niðurgrafinni bílgeymslu. Hámarks byggingarmagna á lóðinni er áætlað 5.800 m2 með bílageymslu sem áætluð er 900 m2 að stærð. Hámarkshæð vegghæð byggingarreits talið frá yfirborði botnplötu 1. hæðar verður 15,5 metrar og hámarks þakhæð sú sama. Afmörkun þess svæðis sem í gildandi deiliskipulagi Kópavogstúns sem merkt er "SKIPULAGI FRESTAÐ" breytist. Að öðru leiti er vísað í gildandi skipulagsuppdrætti og skipulagsskilmála fyrir Kópavogstún samþykkt í bæjarstjórn 8. nóvember 2005 m.s.br.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Brekkuhvarf 20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga skipulags- og byggingardeildar að breyttu deiliskipulagi Brekkuhvarfs 20. Í breytingunni felst að lóðinni verður skipt í tvær lóðir, Brekkuhvarf 20 og 20a. Nýja lóðin, Brekkuhvarf 20a, verður 937,7 m2 að stærð. Á lóðinni verður byggingarreitur fyrir einbýlishús á einni hæð með hámarksnýtingarhlutfall um 0,25. Heildarbyggingarmagn verður um 220 m2, hámarksvegghæð og þakhæð byggingarreitar verður 5 m á vesturhlið. Staðsetning bílgeymslu verður í suðvesturhluta byggingarreitar. Fyrirhuguð nýbygging rúmast að öllu leyti innan núverandi byggingarreits Brekkuhvarfs 20. Uppdráttur í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 5. desember 2016.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur eru auglýstar að nýju til að gefa lengri frest til athugasemda og ábendinga við þær. Tillögurnar verða til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 23. janúar 2017. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 6. mars 2017. Áður innsendar athugasemdir og ábendingar þarf ekki að senda að nýju til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## styrkir

Barnavinafélagið Sumargjöf
Stofnað 1924

### Styrkir til verkefna í þágu barna árið 2017

Barnavinafélagið Sumargjöf auglýsir hér með til umsóknarstyrki á sviði rannsókna, lista og þróunarverkefna í þágu barna.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að fylla út umsókn á sérstöku eyðublaði sem vistað er á vef félagsins og senda það síðan í viðhengi á tölvupóstfang **Sumargjafar sumargjöf@simnet.is** að lokinni útfyllingu.
Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins **sumargjöf.is**

Stjórn Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnin og leita umsagnar fagaðila.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2017
Reykjavík 17. febrúar 2017

***Barnavinafélagið Sumargjöf***





» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is


FJALLASKÍÐAFJÖR
30%
AFSLÁTTUR
AF FJALLASKÍÐUM
FJALLASKÍÐASKÓM, -SKINNUM, -STÖFUM
OG -BINDINGUM OG SNJÓFLÓÐABÚNAÐI.
20% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM
SKÍÐA- OG BRETTABÚNAÐI.
GÆÐAVÖRUMERKI:
ROSSIGNOL, ARMADA, LINE, K2, BLIZZARD,
MARKER, ORTOVOX, LEKI, LOOK, TECNICA.
SKÍÐA- OG ÚTIVISTAR-
DEILDIN ER Í SMÁRALIND
FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA • FULLKOMIÐ SKÍÐAVERKSTÆÐI
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

## Mark úr óvæntri átt skaut Liverpool áfram í bikarnum




**Loksins** Lucas Leiva, miðjumaður Liverpool, tryggði sínum mönnum sigur á D-deildarliði Plymouth í endurteknum leik í þriðju umferð enska bikarsins í fótbolta í gærkvöldi. Markið skoraði hann með skalla eftir hornspyrnu á 19. mínútu leiksins. Þetta var fyrsta markið sem Brasilíumaðurinn skorar fyrir Liverpool síðan 16. september árið 2010 en 2.316 dagar liðu á milli marka Lucasar Leiva. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í okkar höndum sem er frábært

**Það er allt undir hjá strákunum okkar í dag þegar þeir spila lokaleik sinn í riðlakeppni heimsmeistaramótsins gegn Makedóníumönnum. Strákarnir ráða sínum örlögum sjálfir og fara í sextán liða úrslit með sigri.**

FRANCE 2017 HANDBALL



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** „Þessir fundir eru flestir eins en það er gott að setjast niður og fara yfir hlutina,“ segir Arnór Atlason sem líkast til er búinn að sitja mörg hundruð fundi með íslenska landsliðinu. Reynsluboltinn að norðan var silkislakur og spenntur fyrir rimmunni gegn Makedóníu í dag.

Fyrrverandi landsliðsþjálfari Króatíu, Lino Cervar, þjálfar nú makedónska liðið og hann hefur vakið athygli fyrir hversu mikið hann spilar með sjö sóknarleikmenn inni á vellinum.

„Við höfum nú ekki lent mikið í því upp á síðkastið að spila við slíkt lið. Þetta er öðruvísi og er því áskorun. Við vitum hver er langhættulegasti maður liðsins en það er auðvitað Kiril Lazarov. Það er ekki bara að hann skjóti mest heldur gefur hann líka flestar sendingar,“ segir Arnór. Hann býst þó ekki við því að liðið taki hann úr umferð en það vekur annars athygli hversu lítið er almennt verið að beita þeirri taktík að taka úr umferð í dag.

„Það er allt í lagi að Lazarov skori tíu mörk í leiknum á meðan hinir gera það ekki líka. Þetta er lína sem við þurfum að feta rétt.“

**Lítil hvíld Makedóníumanna**

Á meðan strákarnir okkar fengu fína hvíld í dag þá þurftu Makedóníumenn að glíma við Spánverja seint í gærkvöldi. Þeir fá því frekar litla hvíld fyrir Íslandsleikinn sem ætti að koma okkur mönnum til góða.

> **Það er allt í lagi að Lazarov skori tíu mörk í leiknum á meðan hinir gera það ekki líka.**
>
> Arnór Atlason

„Vonandi hjálpar það okkur. Við kvörtum ekki yfir því. Við vorum í álagi um helgina en núna er komið að þeim,“ segir Arnór en hann er tilbúinn í þennan úrslitaleik sem slagur dagsins verður. Það er bara mótið undir.

„Það er frábært að hafa þetta í okkar höndum. Með sigri er ljóst að við munum fara áfram og við munum selja okkur dýrt til þess að næla í úrslitin sem við þurfum að fá. Stefnan var alltaf að fara áfram í sextán liða úrslitin og það hefur ekkert breyst.“

**Ekkert nýtt í sóknarleiknum**

Uppstilltur sóknarleikur íslenska liðsins hefur gengið brösuglega á köflum og liðið skorað minna en á síðustu mótum.

„Við ætlum ekki að gera neitt nýtt þar heldur bara halda áfram að bæta okkur í því sem við erum að reyna að gera. Vonandi verður það nóg. Ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu og held að það verði í lagi með sóknina,“ segir Arnór en hann er ánægður með vörnina og markvörsluna á mótinu. Sjálfur glímdi hann við meiðsli í aðdraganda mótsins en segist vera góður eftir fjóra hörkuleiki.



**Arnór Atlason í leik með íslenska landsliðinu á HM í Frakklandi, hér í leik gegn Túnis í Metz.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Ég er bara góður og líður vel. Ég er meira en tilbúinn í hörkuleik. Ég vil samt alltaf meira og ég verð ekki ánægður nema við vinnum þennan leik. Andinn í hópnum er góður og menn eru þokkalega sáttir við spilamennskuna þrátt fyrir að við höfum ekki fengið öll þau stig sem við vildum. Það er gott sjálfstraust í liðinu og við trúum því að við getum unnið Makedóníumennina,“ segir Arnór, en óttast hann ekkert að taugarnar haldi ekki hjá óreyndari mönnum?

„Strákarnir eru búnir með þessa leiki núna þegar og hafa fengið sína eldskírn. Þeir verða tilbúnir eins og við gömlu. Þetta verður skemmtilegt.“

## Hvað gerist í kvöld?

Ísland leikur í kvöld lokaleik sinn í riðlakeppni HM. Fjögur efstu lið hvers riðils fara áfram í 16-liða úrslitin en hin tvö í Forsetabikarinn. Þetta eru möguleikar Íslands í kvöld miðað við að Túnis vinni Angóla í kvöld:

**Ísland vinnur Makedóníu**

Ísland endar í þriðja sæti riðilsins með fimm stig og mætir Noregi í 16-liða úrslitum.

**Ísland gerir jafntefli**

Þar sem Ísland og Túnis gerðu jafntefli ræður heildarmarkatala hvort liðið endar ofar. Ef Ísland endar í 4. sæti þá mætir liðið Frakklandi í 16-liða úrslitum.

- Ísland endar í 4. sæti ef Túnis vinnur Angóla með 15 marka mun eða minna.
- Ef Túnis vinnur Angóla með 16 marka mun ræður heildarfjöldi skoraðra marka. Ísland og Túnis hafa skorað jafn mörg mörk og fer því það lið áfram sem skorar fleiri mörk í kvöld. Ef enn verður jafnt verður varpað hlutkesti.
- Ísland endar í 5. sæti ef Túnis vinnur Angóla með að minnsta kosti 17 marka mun.

**Ísland tapar fyrir Makedóníu**

Ísland endar í fimmta sæti riðilsins með þrjú stig og keppir í Forsetabikarnum.

---

FRANCE 2017 HANDBALL

## HM 2017

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| Makedónía - Spánn | 25-29 |

**Stig þjóða:** Spánn 8 Slóvenía 7, Makedónía 4, Ísland 3, Túnis 2, Angóla 0.

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| S.-Arabía - Ungverjal. | 24-37 |
| Hv. Rússl. - Þýskaland | 25-31 |
| Króatía - Síle | 37-22 |

**Stig þjóða:** Þýskaland 8, Króatía 8, Ungverjaland 4, Hvíta-Rússland 2, Síle 2, Sádi-Arabía 0.

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| Argentína - Egyptal. | 26-31 |
| Danmörk - Barein | 30-26 |
| Svíþjóð - Katar | 36-25 |

**Stig þjóða:** Danmörk 8, Svíþjóð 6, Egyptaland 4, Katar 4, Barein 0, Argentína 0.

## Þjálfararnir

**Íslensku þjálfararnir á HM**

Guðmundur Guðmundsson

**Sigur í riðlinum**



Ólympíumeistararnir lentu í basli með Barein en unnu á endanum fjögurra marka sigur, 30-26. Besti leikmaður heims, Mikkel Hansen, fékk rautt spjald.

Dagur Sigurðsson

**Á leið í úrslitaleik**



Lærisveinar Dags Sigurðssonar í Evrópumeistaraliði Þýskalands lögðu Hvíta-Rússland í gær og eiga fyrir höndum úrslitaleik um efsta sæti riðilsins á morgun á móti Króatíu.

Kristján Andrésson

**Hjálpaði Gumma**



Svíarnir hans Kristjáns pökkuðu Katar saman og komu sér í úrslitaleik um annað sæti riðilsins á móti Egyptalandi á morgun. Sigur Svía tryggði Dönum sigur í D-riðli HM 2017.

## HM-dagskráin

| | | |
|---|---|---|
| **13.00** Rússland - Brasilía | | A-riðill |
| **16.45** Frakkland - Pólland | | A-riðill |
| **19.45** Japan - Noregur | | A-riðill |
| **13.00** Túnis - Angóla | | B-riðill |
| **16.45** Makedónía - Ísland | | B-riðill |
| **19.45** Spánn - Slóvenía | | B-riðill |

**ENGINN BARDAGI Í KORTUNUM**

UFC tilkynnir í dag hver verður aðalbardaginn á bardagakvöldi í Lundúnum 18. mars en sumir höfðu vonast til að Gunnar Nelson myndi þar snúa aftur í búrið. Svo verður ekki. „Gunni er tiltölulega nýbyrjaður að æfa aftur eftir meiðslin og er svona 99 prósent klár,“ segir Haraldur Dean Nelson, faðir Gunnars og umboðsmaður. Gunnar átti að berjast í Belfast í nóvember í fyrra en þurfti að hætta vegna ökklameiðsla. „Við höfum rætt við UFC en ekki um neinn bardaga. Við vonumst til að snúa aftur í mars eða apríl.“

## Í dag

| | |
|---|---|
| **19.05** Stjarnan - Njarðvík | Sport |

**Domino's-deild karla**

| | |
|---|---|
| **19.15** Grindavík - KR | Grindavík |
| **19.15** Tindastóll - ÍR | Sauðárkr. |
| **19.15** Stjarnan - Njarðvík | Ásgarður |
| **19.15** Snæfell - Keflavík | Stykkish. |

**Olísdeild kvenna**

| | |
|---|---|
| **19.30** Valur - Haukar | Valshöll |


GLEÐILEGAN BÓNDADAG
UPPÁHELLT KAFFI (L), BEYGLA OG HRINGUR
1.000 KR.*
DUNKIN' DONUTS
NÝIR HRINGIR DAGLEGA
*Gildir til 22. janúar
Mánudagstilboð
ALLIR DD DRYKKIR Á 399 KR.
Beyglur
ALLAR BEYGLUR Á 599 KR. – ALLA DAGA
Miðvikudagstilboð
30% AFSLÁTTUR AF 6 HRINGJUM Í KASSA
Þú færð glænýja og gómsæta kleinuhringi fyrir bóndann á Dunkin' Donuts. Gerðu góðan dag enn betri með brakandi beyglum úr ofninum, mögnuðum múffum og ilmandi gæðakaffi. Hann er nefnilega bara einu sinni á ári.
Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Leifsstöð
DUNKIN' DONUTS®

# Verðum fljótt komnir með hörkulandslið aftur

Rúnar Kárason er í stóru ábyrgðarhlutverki hjá íslenska landsliðinu á HM. Þetta er hans fyrsta stóra tækifæri með landsliðinu og hann hefur nýtt það vel.

FRANCE 2017 HANDBALL



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Rúnar Kárason talaði um það fyrir HM að hann væri mjög spenntur fyrir því að fá að axla meiri ábyrgð í íslenska landsliðinu. Hann var ósáttur við fá tækifæri á mótinu fyrir ári. Rúnar er að verða 29 ára gamall, er búinn að spila í átta ár í Þýskalandi og hefur þurft að bíða lengi eftir stóra tækifærinu sem hann hefur nýtt vel.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að tækifæri kemur fyrst núna. Í hans stöðu voru fyrir Ólafur Stefánsson, Alexander Petersson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. Ekki beint auðveldustu mennirnir til að slá út og svo hefur Rúnar líka verið óheppinn með meiðsli á ferlinum.

**Betri skot utan af velli**

„Ég er þokkalega sáttur við mína frammistöðu en það er alltaf eitthvað sem maður getur tínt til. Ég væri til í að vera með kannski einu marki utan af velli meira í leik. Ekki bara mín vegna heldur af því að við þurftum á því að halda. Ég hef ekki verið alveg sáttur við skotin utan af velli en flest annað er ég þokkalega sáttur við,“ segir Rúnar en hvaða markmið setti hann fyrir mótið?

„Það var að komast áfram. Þriðja sætið væri það sem væri hægt að setja kröfu á og annað sætið væri frábært. Svo breytist mikið við það að Aron er ekki með. Ég hafði samt góða tilfinningu fyrir liðinu. Mér finnst vera góður taktur í liðinu og þegar við fáum Aron aftur inn þá verðum við fljótt komnir með hörkulandslið aftur. Ungu strákarnir lofa góðu og það er góður filingur í þessu.“

**Þurfum okkar besta leik**

Í kvöld bíður síðan úrslitaleikur gegn Makedóníumönnum og það er verkefni sem Rúnar bíður spenntur eftir að takast á við.

„Þeir eru með mjög gott lið og við þekkjum þá vel. Þeir eiga bestu hægri skyttu í heiminum í Kiril Lazarov og hann er líklega einn sá besti í sögunni. Annan eins skotmann er erfitt að finna. Mirkulovski er á miðjunni en ég spilaði með honum og hann er lifandi goðsögn í Skopje. Við þurfum klárlega að eiga okkar besta leik til að vinna þá. Vörnin og hraðaupphlaupin verða að koma hjá okkur,“ segir Rúnar en hvað með sóknina sem hefur ekki alltaf fundið taktinn?

„Þar þurfum við að bíta fastar frá okkur en við höfum verið að gera. Við erum að reyna að fínpússa sóknarleikinn. Erum að greina hvað við erum að gera vitlaust. Við erum að sækja helst til of mikið inn á miðjuna og tímasetningar ekki alveg réttar. Þetta er allt lærdómsferli hjá okkur. Fæstir hafa spilað mikið saman og við þurfum að halda áfram að finna taktinn.“

**Peppaðir fyrir þennan leik**

Það eru engin önnur tækifæri eftir þennan leik. Núna verður liðið að standa í lappirnar í 60 mínútur og klára leikinn.

„Við börðumst hart fyrir því að komast hingað og að vera á þessu móti hefur verið gaman. Það munar bara tveimur mörkum að við séum með fleiri stig. Þetta er eins og það er. Við erum peppaðir í þennan leik og maður er í sportinu fyrir svona augnablik. Mér finnst ekki vera neitt stress og hef enga trú á því að einhver fari á taugum. Er maður lítur til baka yfir ferilinn man maður best eftir því sem maður gerði með landsliðinu. Bæði innan og utan vallar.“



Rúnar hefur staðið í ströngu á HM í Frakklandi en hér á hann í baráttu við Sergio Avelino Lopes, leikmann Angóla, í fyrrakvöld. NORDICPHOTOS/AFP



### Var að athuga hvaða táfýla passaði með hvaða skó

Foreldrar Rúnars hafa verið á síðustu þremur leikjum íslenska liðsins að styðja Rúnar og strákana í liðinu.

„Þau eru farin núna en það var gaman að sjá þau. Nú eru konur Óla Guðmunds, Arnars Freys og mín að ferðast saman og á leið til okkar. Það verður líka gaman að sjá þær. Þær segjast vera að koma á leikinn gegn Makedóníu og leikinn í sextán liða úrslitunum. Við verðum því að standa okkur,“ segir Rúnar léttur en hann var búinn að tússa nafn barnanna sinna á skóna sína fyrir síðasta leik.

„Ég er með tvö pör af skóm og var alltaf að ruglast á því hvor vinstri passaði með hvorum hægri. Kíkja undir sólana og athuga hvaða táfýla passaði með hvaða skó. Það var því best að merkja skóna börnunum. Það er gott að hafa krakkana með sér inni á vellinum og ég verð í þeim skóm í þessum leik. Þetta er uppáhaldsparið mitt núna.“

# HM-pistill: Stund sannleikans runnin upp fyrir strákana okkar

FRANCE 2017 HANDBALL



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

Strákarnir okkar spila algjöran úrslitaleik á HM í kvöld. Eftir þann leik verður ekki annað tækifæri. Það er núna eða aldrei fyrir liðið að stíga upp og klára mikilvægan leik ætli liðið sér að halda áfram í keppninni.

Strákarnir hafa staðið sig vel í flestum prófum á mótinu hingað til og fengið hærri einkunn í þeim flestum en búast mátti við. Nú má aftur á móti ekki falla og það mun reyna á taugar leikmanna. Margra sem hafa ekki þurft að axla ábyrgð í risaleikjum með landsliðinu. Sumir hafa beðið eftir svona tækifæri og núna er tíminn til þess að sýna hvað í þeim býr.

Makedóníumenn eiga að mæta þreyttari en strákarnir okkar í þann leik þar sem þeir spiluðu við Spánverja í gærkvöldi. Það verður liðið að nýta sér. Makedóníumenn eru talsvert þyngri á sér en íslenska liðið og vörnin þarf því að halda vel áfram svo liðið fái hraðaupphlaupsmörkin. Sóknarleikurinn þarf líka að taka framförum.

Svo fær liðið að glíma við galdramanninn og keppnismanninn Kiril Lazarov sem ber þetta makedónska lið á herðum sér ár eftir ár. Ótrúlega góður leikmaður sem er búinn að vera lengi í heimsklassa. Takist að halda honum þokkalega í skefjum er hálfur sigur unninn.

Þjálfari liðsins spilar með sjö á móti sex lengur en áður hefur sést. Sama hversu mörg mörk liðið fær á sig í tómt markið þá neitar Lino Cervar þjálfari að gefa sig. Hvernig strákarnir höndla þessa stöðu á eftir að hafa mikil áhrif á úrslit leiksins. Takist okkar mönnum að klára þennan leik og fara áfram þá er liðið þegar búið að ná þeim árangri sem hægt var að ætlast til af því. Allt í kjölfarið verður bónus. Þó svo frammistaðan í leikjunum til þessa hafi að mestu leyti verið jákvæð þá verður stóru spurningunum um getu, gæði og andlegan styrk leikmanna svarað í kvöld. Þetta verður mjög áhugavert kvöld sem vonandi endar á jákvæðan hátt fyrir okkar menn.



Geir Sveinsson, þjálfari íslenska landsliðsins, þarf vonandi ekki að naga neglurnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1806** Bretar hernema Góðrarvonarhöfða.
**1903** Þýskur togari, Friedrich Albert, strandar á Skeiðarársandi. Mannbjörg varð, en áhöfnin ráfaði um sandinn í þrjár vikur og fórust þá 3 menn. Ári síðar er fyrsta skipbrotsmannaskýli á Íslandi reist.
**1908** Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar stofnað.
**1915** George Claude fær einkaleyfi á að nota neonrör í auglýsingaskilti.
**1935** Coopers Inc. selur fyrstu stuttu herranærbuxurnar í heiminum.
**1941** Seinni heimsstyrjöld: Breskar sveitir ráðast inn í Erítreu, sem laut stjórn Ítalíu.
**1942** Seinni heimsstyrjöld: Japanir ráðast inn í Búrma.
**1945** Seinni heimsstyrjöld: Sovéskar herdeildir hertaka Łódź. Af 230.000 íbúum komust 900 lífs af.
**1949** Kúba viðurkennir Ísrael.
**1953** 68% allra sjónvarpsviðtækja í Bandaríkjunum eru stillt á sjónvarpsþáttinn I Love Lucy til að sjá Lucy Ball fæða barn.
**1955** Borðspilið Scrabble lítur dagsins ljós.
**1957** Kristján Eldjárn ver doktorsritgerð sína, Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi.
**1966** Indira Gandhi kosin forsætisráðherra á Indlandi.
**1977** Snjókoma í Miami í Flórída í Bandaríkjunum, í fyrsta og eina sinn í sögu borgarinnar sem það hefur gerst.
**2007** Íslenska kvikmyndin Foreldrar er frumsýnd.



Sigurður reynir að vinna teikningarnar sínar ósjálfrátt og óvart til að ná fram réttum áhrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ósjálfráðar teikningar sem merki um tilvist

**Sigurður Atli Sigurðsson opnar einkasýningu sína Salon í Gallerí Laugalæk í dag. Þar sýnir hann verk þar sem hann rannsakar ósjálfráðar teikningar. Hann í mörg ár safnað prufum úr ritfangabúðum og vinnur út frá þeim.**

„Sýningin heitir Salon sem vísar bæði í uppihengistílinn þar sem myndirnar eru hengdar þétt saman og líka vegna þess að þetta gallerí er tengt kaffihúsi. Því ákvað ég að nýta það element í sýningunni og hafa langborð í sýningarsalnum af því að Salon vísar líka í franska merkingu orðsins, en orðið þýðir stofa – þannig að það er tenging þar við staðinn. Þetta eru verk sem ég sýndi á Seyðisfirði, í Skaftfelli, á síðasta ári á sýningu sem heitir Mynd af þér og þetta eru yfir hundrað verk sem eru unnin í silkiþrykk og teikningu með kúlupenna. Litirnir á myndunum ráðast af litnum í kúlupennanum, þessum standard-litum í þessum pennum," segir Sigurður Atli Sigurðsson myndlistarmaður sem opnar í dag sýningu sína Salon í Gallerí Laugalæk.

Sigurður Atli útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands og hélt þaðan í meistaranám í École Supérieure des Beaux-Arts de Marseille árið 2011. Þar rak hann sýningarrýmið Salon du salon og hefur hann síðan þá sýnt hér heima, í Frakklandi og Japan. Fyrir utan að vera að opna sýningu í Gallerí Laugalæk stundar hann kennslu við Listaháskóla Íslands og hefur þar umsjón með prentverkstæði skólans.

„Ég er búinn að vera að vinna með ósjálfráða teikningu í nokkur ár – það er teikning sem er gerð í hagnýtum tilgangi frekar en með listrænum ásetningi. Þá er það annaðhvort að prófa pennann til að sjá hvernig blekið flæðir í honum eða prufur. Mínar teikningar eru unnar út frá því, þessum prufum. Ég takmarka mig við það og síðan eru þetta fletir sem eru í stöðluðum stærðum, til dæmis A6, sem er stærðin á blöðum í ritfangabúðum þar sem þú getur prófað pennana. Og síðan er þetta A4 og upp í A3, þessi staðlaða pappírsstærð."

> **Maður þarf að vera algjörlega óundirbúinn og þetta þarf að koma alveg ósjálfrátt, maður þarf að gera teikninguna án þess að hugsa.**

Hvaðan kemur hugmyndin um að nota þetta pennakrot?

„Það kom út frá bæði leit minni að einhverri hreinni teikningu, teikningu áður en ásetningurinn verður til og síðan líka vegna þess að ég fór að hugsa þetta sem ummerki, eitthvað sem maður skilur eftir sig og er ummerki tilvistar. Það er þessi lína, þegar maður fer að pæla í línunni sjálfri í frummynd sinni – þarna var einhver, þó að hann hafi ekki verið að skilja viljandi eftir sig ummerki þá eru þetta einhvers konar leifar, fótspor og eitthvað sem er ekki álitið gert af listrænum ásetningi. Það er listræn teikning og síðan önnur teikning – síðan er ég að reyna að setja fram þessa aðra teikningu sem listræna teikningu."

Hvernig hefur þú verið að vinna þetta krot ef það er ósjálfrátt?

„Ég hef verið að safna þessum teikningum í mörg ár í ritfangabúðum úti um allan heim og það hefur verið einhvers konar rannsóknarvinna fyrir mig þegar ég er á ferðalögum. Það kemur alltaf fyrir þessi sama teikning, um allan heim, þetta er einhvers konar bylgja – þetta er ekki bein lína, heldur bylgjótt lína. Eftir að ég fór að pæla í þessu fór ég að vinna í þessu sjálfur – maður þarf að vera algjörlega óundirbúinn og þetta þarf að koma alveg ósjálfrátt, maður þarf að gera teikninguna án þess að hugsa. Þegar maður skapar list þá dettur maður í ákveðinn hugsunarhátt en þarna má maður alls ekki fara þangað," segir Sigurður Atli að lokum. Sýning hans verður opnuð í Gallerí Laugalæk í dag klukkan fimm. Gallerí Laugalækur er hluti af kaffihúsinu Kaffi Laugalæk.

**stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Ástkær faðir okkar, afi, bróðir, frændi og vinur,

**Örn Agnarsson**
Kirkjulundi 6, Garðabæ,

andaðist 10. janúar 2017. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju 20. janúar 2017 kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Alexander Örn Arnarson**
**Fannar Már Arnarson**
**Sandra Hrönn Arnardóttir**
**stjúpbörn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Á. Hjartarson**
vörubílstjóri, áður til heimilis að Rauðholti 13, Selfossi,

lést á Sólvöllum, Eyrarbakka, sunnudaginn 15. janúar. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 21. janúar kl. 14.00.

**Jóhanna Jónsdóttir Lysgård** — **Stein Åge Lysgård**
**Grímur Jónsson** — **Stefanía Geirsdóttir**
**Guðjón Þórisson** — **Hanna Rut Samúelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og sonar,

**Þórarins Viðars Hjaltasonar**
sálfræðings.

Sérstakar þakkir til Gunnars Bjarna Ragnarssonar krabbameinslæknis og séra Vigfúsar Bjarna Albertssonar fyrir alla hjálpina í gegnum árin.

**Helga Kristinsdóttir**
**Elías Pétur Þórarinsson** — **Íris Svala Gunnarsdóttir**
**Jón Orri Jónsson** — **Margrét Sæný Gísladóttir**
**Jökull Máni Jónsson**
**Ólöf Erla Þórarinsdóttir**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Stefánsson**
Vesturhópi 20, Grindavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut fimmtudaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 21. janúar kl. 13.

**Eyrún Jónsdóttir**
**Ingigerður Stefánsdóttir**
**Stefán Stefánsson** — **Guðrún H. Rúnarsdóttir**
**Fjóla Ósk Stefánsdóttir** — **Júlíus M. Steinþórsson**
**barnabörn og langafabarn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpföður, tengdaföður og afa,

**Hallvarðs Einvarðssonar**
fyrrverandi ríkissaksóknara.

**Erla Magnúsdóttir Kjærnested**
**Elín Vigdís Hallvarðsdóttir** — **Gísli I. Þorsteinsson**
**Einar Karl Hallvarðsson** — **Þórhildur Björk Þórdísardóttir**
**Sunna Ólafsdóttir** — **Þröstur Jóhannsson**
**Anna Sigurveig Ólafsdóttir** — **Björn Magnússon**
**Ragna Ólafsdóttir**
**Emil Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Valsteinsson**
fv. útibússtjóri hjá Landsbanka Íslands,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn, 14. janúar. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Halldóra Sveinbjörnsdóttir**
**Heimir V. Haraldsson** — **Hrönn Hilmarsdóttir**
**Halla V. Haraldsdóttir** — **Viðar Karlsson**
**Guðmundur P. Haraldsson** — **Sara Fuxén**
**Valsteinn Haraldsson** — **Berglind Hreinsdóttir**
**Ragna K. Haraldsdóttir** — **Magnús Bjarklind**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**


STÓRÚTSALA
TÖLVULISTANS
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR !
1.000 TÖLVUVÖRUR Á STÓRÚTSÖLUVERÐI
FARTÖLVUR
ALLT AÐ
-34%
SKJÁKORT
ALLT AÐ
-42%
HÁTALARAR
ALLT AÐ
-43%
PRENTARAR
ALLT AÐ
-42%
TURNKASSAR
ALLT AÐ
-54%
FLAKKARAR
ALLT AÐ
-37%
SKJÁIR
ALLT AÐ
-35%
HEYRNARTÓL
ALLT AÐ
-70%
NETBÚNAÐUR
ALLT AÐ
-60%
SMÁTÖLVUR
ALLT AÐ
-33%
MÝS OG LYKLABORÐ
ALLT AÐ
-50%
MÓÐURBORÐ
ALLT AÐ
-38%
ALVÖRU AFSLÁTTUR AF ÓTRÚLEGUM FJÖLDA AF TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM !
TÖLVULISTINN
REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Nokkuð hvöss austanátt syðst á landinu, annars mun hægari vindur. Fer að snjóa á sunnanverðu landinu um og eftir hádegi. Síðdegis og um kvöldið hlánar, fyrst við ströndina. Þurrt veður fyrir norðan, bjart og kalt en lítils háttar snjókoma þar um kvöldið.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | -0° | 2° |
| ↖ 10 | ↖ 7 | ↑ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | 1° |
| ↑ 4 | ↙ 5 | ↑ 14 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | -0° |
| ↑ 11 | ↑ 10 | ↖ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 4° | -1° |
| ↑ 10 | ↑ 4 | ↑ 18 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skraf
6. eftir hádegi
8. spor
9. sægur
11. bókstafur
12. spaug
14. bragsmiður
16. tveir eins
17. meiðsli
18. for
20. gelt
21. könnun

**LÓÐRÉTT**
1. bein
3. frá
4. afturkippur
5. augnhár
7. merkastur
10. aldur
13. lærdómur
15. morð
16. skaði
19. kyrrð

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** eh, **8.** far, **9.** ger, **11.** ká, **12.** glens, **14.** skáld, **16.** tt, **17.** mar, **18.** aur, **20.** gá, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** legg, **3.** af, **4.** bakslag, **5.** brá, **7.** helstur, **10.** rek, **13.** nám, **15.** dráp, **16.** tap, **19.** ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Óskar Long Einarsson (1.671) átti leik gegn Birni Hólm Birkissyni (1.979) á Skákþingi Reykjavíkur fyrir skemmstu.



**Hvítur á leik**

**13. Rxd5! Bb4??** (Leikur af sér manni. Eftir 13. ... Dxd5 14. Rxc6 Bf6! er svartur með gott spil fyrir hið tapaða peð). **14. Rxc6 Dxd5 15. Rxb4** og hvítur vann skömmu síðar. Eljanov er efstur í Sjávarvík eftir 4 umferðir með 3½ vinning.

**www.skak.is:** Þrír efstir á Nóa-mótinu.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**Guli miðinn**
Bætiefni fyrir alla fjölskylduna á frábæru verði – Guli miðinn fyrir okkur.
***Öll línan á 25% afslætti.***




**Kal vörulínan**
Saga Kal nær aftur til ársins 1932. Markmið Kal er ávallt að framleiða hágæða vítamín með þarfir neytenda að leiðarljósi.
***Öll línan á 25% afslætti.***

# BÆTIEFNA-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 10.–22. JANÚAR




**Optibac**
Optibac eru sérfræðingar í framleiðslu á hágæða góðgerlum. Mikið úrval góðgerla og þú finnur lausnina fyrir þig.
***Öll línan á 25% afslætti.***




**Solaray**
Finndu þinn sólargeisla frá Solaray í Heilsuhúsinu.
***Öll línan á 25% afslætti.***




**Salus jurtaveigar**
Jurtaveigar úr lífrænum hráefnum sem henta allri fjölskyldunni og bragðast vel. Frábært úrval í Heilsuhúsinu.
***Öll línan á 25% afslætti.***




**Terranova**
Hágæða bætiefni án allra aukaefna – Vegan. Kíktu á úrvalið í næsta Heilsuhúsi!
***Öll línan á 25% afslætti.***




**Higher Nature**
Lausnamiðuð bætiefni fyrir fólk sem gerir kröfur.
***Öll línan á 25% afslætti.***

HEILSUFRÉTTIR ERU KOMNAR ÚT!

NÁÐU ÞÉR Í EINTAK!






SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



Metnaður Hilmars í tónlist liggur í að semja þokkaleg lög að eigin sögn og öll lögin sem flutt verða í Salnum eru úr smiðju hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eins og að vera alltaf í tökum

**Hilmar Oddsson, skólastjóri, kvikmyndagerðarmaður og tónskáld, heldur upp á sextugsafmælið með tónleikum í Salnum í kvöld. Þar munu lög hans hljóma en Hilmar á feril bæði á sviði kvikmynda og tónlistar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Ég er ekki ýkja mikið afmælisbarn. Ég hélt upp á tvítugs-, þrítugs- og fertugsafmælin en síðan hef ég ekki boðið fólki að gera sér glaðan dag mín vegna og ég er svolítið að bæta fyrir það. En fyrst ég er að því vil ég gera það almennilega,“ segir Hilmar Oddsson, skólastjóri Kvikmyndaskóla Íslands, sem heldur upp á sextugsafmælið í dag með tónleikum í Salnum.

Inni á skrifstofu Hilmars er plötuspilari og gott safn af vínyl. Svo er trommusett í öðru horni og líka gítar. Hann kveðst grípa í ýmis hljóðfæri og syngja en metnaður hans í tónlist liggi mest í að semja þokkaleg lög. Öll lögin sem flutt verða í Salnum eru úr smiðju hans. Líka meirihluti textanna. Og það er uppselt. „Ég er ekki mikill fésbókarmaður en konan mín stofnaði „viðburð“ á fésbók, tengdan afmælinu, og hefur sett inn á hann efni. Þessi aðferð er búin að fylla Salinn og ég sem hef haft horn í síðu fésbókar verð að éta ýmislegt ofan í mig því mér finnst þetta skemmtileg, hlý og falleg leið til að vekja athygli á viðburði.“

### Blésu lífi í gamlar glæður

Fyrir hlé kemur fram hljómsveitin Melchior, sex manna band sem Hilmar og félagar hans stofnuðu eftir Hagaskólavist og áður en þeir fóru í MR. „Melchior starfaði öll menntaskólaárin og einu ári betur og við gerðum tvær stórar plötur og eina litla,“ rifjar hann upp. „Kjarninn í hljómsveitinni eru æskuvinir mínir, Karl Roth og Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, við vorum allir með þörf fyrir að semja en höfðum ekki gaman af að spila eftir aðra. Það varð stemningin strax. Við syngjum líka og svo er söngkona með okkur, Kristín Jóhannsdóttir.“

Þótt félagarnir hafi haldið góðu sambandi gegnum tíðina kom langt hlé hjá Melchior, eða 28 ár. „Um 2006 létum við loks verða af því að blása lífi í glæðurnar á ný og síðan við byrjuðum aftur erum við búnir að gefa út tvo diska með nýjum lögum og einn safndisk með eldra efni,“ lýsir Hilmar. „Við vorum komnir á þann aldur sem sumir byrja í golfi. En Melchior er mitt golf, það kostar svipað og ég hef frekar haft tíma til að semja tónlist en að gera kvikmynd síðustu ár.“

Aftur að tónleikunum. Eftir hlé kemur fram hljómsveit sem heitir Skepnan eins og fyrsta plata Hilmars sem tengdist kvikmynd hans Eins og skepnan deyr. Sveitina skipa Pétur Hjaltested, Björgvin Gíslason, Ásgeir Óskarsson, Haraldur Þorsteinsson og Tryggvi Hübner.

Skepnan flytur tónlist sem Hilmar samdi fyrir eigin plötur og kvikmyndir. Páll Rósinkrans syngur þau lög sem Bubbi söng og í stað Eddu Heiðrúnar verður Hansa á sviðinu og tekur meðal annars lagið Önnur sjónarmið.

**ÉG VIL MEINA AÐ SKÓLINN EIGI STÓRAN ÞÁTT Í ÞVÍ HVAÐ FAGMENNSKA VIÐ KVIKMYNDIR HEFUR AUKIST Á ÍSLANDI. SLÍKT GERIST EKKI Á EINUM DEGI.**

### Mikið hjartans verk

Talið berst að kvikmyndum Hilmars. Ein af stórmyndum hans er Tár úr steini, um tónskáldið Jón Leifs. „Ég vissi af Jóni Leifs frá barnæsku, þekkti son hans. Síðar kynntist ég Hjálmari Helga Ragnarssyni tónskáldi. Hann er með meistarapróf í Jóni Leifs frá Bandaríkjunum og fór að segja mér frá honum. Ég tendraðist upp og nokkrum árum síðar hófumst við handa við kvikmyndina ásamt framleiðandanum Jónu Finnsdóttur, Sveinbirni I. Baldvinssyni og fleirum. Þetta var mikið hjartans verk sem margir komu að. Mér fannst ég vera að gera eitthvað sem skipti máli enda var Jón Leifs hrífandi tónskáld og hefur einstaka stöðu á veraldarvísu.“

Síðasta mynd sem Hilmar frumsýndi er Desember frá árinu 2009. Aðalhlutverkin voru í höndum Lay Low og Tómasar Lemarquis. „Ég tók við stjórn Kvikmyndaskólans síðla árs 2010 og hélt ég gæti unnið að næstu mynd í frístundum. Svo varð ég heltekinn af starfinu. Ég er með tvær til þrjár myndir í forvinnu og hafði áform um að ljúka þeim áður en ég yrði sextugur en að reka kvikmyndaskóla er ekki ósvipað því að vera alltaf í tökum,“ lýsir hann. „Mér hefur fundist ég vera að sinna mikilvægu starfi, í þágu kvikmyndagerðar, lands og þjóðar og líka fyrir sjálfan mig.“

### Gaman í vinnunni

Undanfarin ár hafa verið átakatími í sögu Kvikmyndaskólans að sögn Hilmars. „Það er í raun búið að leggja skólann niður tvisvar af stjórnvöldum en þó er hann enn á lífi og á betri stað en nokkru sinni, gagnvart samfélaginu.“ segir hann og heldur áfram: „Skólinn er til vegna þess að einstaklingur úti í bæ stofnaði hann upp úr 1990, fékk fólk sem hann hélt að væri best í greininni til að kenna hjá sér og ég var svo heppinn að vera einn af þeim. Maðurinn heitir Böðvar Bjarki Pétursson og sjálfur settist hann á fremsta bekk sem nemandi. Hann er enn einn af eigendum skólans og er stjórnarformaður hans. Skólinn er í samtökum 150 bestu kvikmyndaskóla heims, Cilect. Hann er eini alþjóðlegi kvikmyndaskóli Íslands og héðan hefur margt afburðafólk útskrifast.“

Bylting hefur orðið í kvikmyndagerð á Íslandi og margar íslenskar myndir fá góða dóma bæði innan og lands og utan. Hilmar segir eitt atriði þó lítið í umræðunni, hann sé sá að stór hluti þeirra áhafna sem tengist íslenskum bíómyndum séu fyrrverandi nemendur Kvikmyndaskóla Íslands. „Ég vil meina að skólinn eigi stóran þátt í því hvað fagmennska við kvikmyndir hefur aukist á Íslandi. Slíkt gerist ekki á einum degi, heldur liggur áralöng þjálfun, pælingar og reynsla að baki.“

Fólk fer ekki í kvikmyndagerð til að verða ríkt heldur af því að það getur nánast ekki hugsað sér að gera neitt annað, að sögn Hilmars. „Ég var lengi sjálfstæður og þegar fjárhagsáhyggjurnar urðu meiri en æskilegt var sagði ég við sjálfan mig: „En það var þó gaman í vinnunni í dag.“ Það geta ekki allir sagt. Mér er ekki sama fyrir hvað ég svelt, það verður að vera eitthvað sem skiptir máli.“

Hilmari þótti erfiðara að verða fimmtugur en sextugur. „Kannski bara áraði ekki nógu vel hjá mér fyrir tíu árum. Núna finnst mér þetta ekkert mál. Ég tel mig heppinn mann og á vonandi fullt eftir.“




**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram. com/a4verslanir**

A4



Ragnheiður Gröndal, Kristofer Rodriguez Svönuson og Leifur Gunnarsson ætla að djassa við ljóð Snorra Hjartarsonar á morgun og laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Hvert einasta ljóð gæti orðið að lagi

**Leifur Gunnarsson, bassaleikari og lagahöfundur, stendur fyrir tónleikaseríunni Jazz í hádeginu. Að þessu sinni er dagskráin helguð lögum eftir Leif og fleiri við ljóð Snorra Hjartarsonar.**

Frá því skömmu eftir að Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari sneri heim að loknu námi í Kaupmannahöfn hefur hann haldið utan um tónleikaröðina Jazz í hádeginu í Gerðubergi. Leifur segir að það séu nú að verða um þrjú ár sem þau hafi haldið úti tónleikaröðinni og að almennt sé mæting með ágætum. „Við byrjuðum bara í Gerðubergi hérna í Breiðholtinu en svo átti sér stað ákveðin endurskipulagning hjá borginni sem skapaði tækifæri fyrir okkur til þess að hugsa þetta í aðeins víðara samhengi. Þá byrjuðum við að fara Spöngina í Grafarvogi og núna með okkar nýjasta verkefni verðum við líka í Menningarhúsinu í Grófinni. Við verðum þar í hádeginu á morgun og svo í Gerðubergi á laugardaginn kl. 13.15 en tónleikarnir eru rétt tæp klukkustund að lengd.

Tónleikarnir sem Leifur vísar til eru undir yfirskriftinni Hauströkkrið yfir mér, en þar flytja þau Ragnheiður Gröndal, Kristofer Rodriguez Svönuson og Leifur Gunnarsson lög við ljóð Snorra Hjartarsonar. Á efnisskránni eru meðal annars ný lög eftir Leif og eitt til eftir Ragnheiði við ljóð Snorra en einnig eru á efnisskránni lög eftir Tómas R. Einarsson, Ingva Þór Kormáksson og Bubba Morthens við ljóð skáldsins. Leifur segir að upphaf þessa verkefnis megi rekja til þess að Hjörtur Hjartarson hafi verið frumkvöðull að yfirlitssýningu yfir ævistarf Snorra í Þjóðarbókhlöðunni. „Sýningin var opnuð síðar í Grófinni og við það tækifæri þá héldum við fyrstu tónleikana undir yfirskriftinni Jazz í hádeginu með þessu sérstaka þema. Af þessu tilefni skrifaði í ég nokkur lög við ljóð Snorra og við frumfluttum þau á þessum tónleikum.“

Aðspurður hvort það sé eitthvað sérstakt við skáldskap Snorra sem höfðar til hans eða djassistans í honum þá segir Leifur að það sé ekki hægt að neita því. „Ég þekkti þessi ljóð ekkert sérstaklega vel áður en ég fór að garfa í þessu. En ég fékk ágætan aðdraganda og hafði tíma til þess að kynna mér ljóðin hans. Hann er sérstaklega vandvirkur og ljóðin eru oft lýsingar á andrúmslofti, náttúru, hann tekur sér stöðu innan um hluti og talar aldrei um sjálfan sig og þessi ljóð eru einhvern veginn tímalaus fyrirbæri. Og þannig er ágætt að eiga við þetta og vegna þessa tímaleysis er alltaf gott að sækja í þetta og maður hefur alveg endalaust eitthvað til þess að taka á, þó svo eftir hann liggi aðeins fjórar ljóðabækur. En það er einhvern veginn þannig að hvert einasta ljóð gæti orðið að lagi.“

> **FERHENDA**
>
> *Sjá grasið sprettur, gleðstu, mundu að*
> *þú grerir sjálfur fyrrum líkt og það,*
> *þó innra með þér blikni sef og blað*
> *gef beyg og trega engan griðastað!*
>
> *Snorri Hjartarson*

Leifur segir að hann dauðlangi til þess að gera meira með þetta verkefni. „En mér finnst líka svo gott að leyfa hlutunum að fá smá tíma til þess að gerjast og verða til. Mér finnst ég ekki þurfa að vera eitthvað feiminn við að halda tónleika og sýna fólki hvernig þetta er nákvæmlega núna þó svo að lögin muni kannski smám saman mótast og fara í aðrar áttir seinna. En það verður svo bara að koma í ljós hvernig gengur að láta það gerast.“

Leifur þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar hann er spurður að því hvort að hann eigi sér uppáhald á meðal ljóða Snorra. „Já, það er reyndar breytilegt, en í augnablikinu þá er það ljóð sem reyndar kom ekki á bók fyrr en í kvæðasafninu en það var síðasta ljóðið sem hann setti frá sér. Þetta ljóð heitir Ferhenda og það er í miklu uppáhaldi hjá mér akkúrat núna.

Ég er nýbúinn að skrifa smá lag við þetta ljóð sem ég ætla mér að frumflytja á tónleikunum og kannski er það þess vegna sem ég held svona upp á það þessa dagana. Mér finnst þetta vera rosalega fallegt ljóð og fyrir mér þá hljómar það eins og hinsta kveðja og er í senn einstaklega hvetjandi og fallegt. Manni líður vel að lesa Snorra.“

Leifur minnir á að ástæðan fyrir því að þau verða í Grófinni í hádeginu á föstudaginn er sú að í kjölfar tónleikanna verður opnuð þar myndlistarsýning undir yfirskriftinni Endurfundir. Á henni sýna þátttakendur í listasmiðju Hlutverkasetur verk sem eru unnin fyrir ólíka miðla og undir áhrifum frá ljóðum Snorra. Einnig er rétt að minna á að aðgangur að tónleikaröðinni Jazz í hádeginu er alltaf ókeypis og allir velkomnir.

# Nota ömmu sína og hennar einkamál í skáldskap

Undanfarin ár hafa mörkin milli veruleika og skáldskapar orðið æ óljósari í listalífi landsmanna. Í framhaldi af því hafa vaknað flóknar spurningar um hvort allt sé í raun leyfilegt eða hvort einhvers konar siðferðileg mörk verði og ætti að draga. Af þessu tilefni verður efnt til málþings í Árnagarði á morgun, föstudag kl. 12-13, undir yfirskriftinni Er allt leyfilegt í listum? – hádegisspjall um siðferði í listum.

Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku, Guðrún Baldvinsdóttir bókmenntafræðingur, Gunnþórunn Guðmundsdóttir, prófessor í almennri bókmenntafræði, Hlín Agnarsdóttir leiklistargagnrýnandi, Rúnar Helgi Vignisson, dósent í ritlist, og Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ, reifa þessi mál frá ýmsum hliðum í stuttum innleggjum og síðan verður efnt til umræðna. Málstofustjóri verður Torfi Tulinius prófessor.

> **ÞETTA KOM LÍKA UPP Í SAMBANDI VIÐ KONAN VIÐ 1000° OG SMÁ GUSA Í KRINGUM STEINAR BRAGA OG JÓN GNARR EKKI SÍÐUR.**



Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku

Dagný Kristjánsdóttir, sem hefur haft veg og vanda af undirbúningi málstofunnar, segir að málstofan sé fyrst og fremst ákveðin viðbrögð við umræðunni sem hefur geisað á netinu og allt um kring. Þessar umræður hafa verið mjög ástríðufullar og persónulegar, jafnvel stórorðar á köflum og okkur langar til þess í Háskólanum að bregðast aðeins við þessu. Að tala aðeins um þetta fyrirbæri, þessi fljótandi mörk á milli hins persónulega og pólitíska eða opinbera.“

Dagný segir að þetta hafi verið eins og einhvers konar tíska á síðustu árum. „Þetta er ekki bara hér, þetta er líka á Norðurlöndunum og víðar þar sem fólk hikar ekki við að nota ömmu sína og hennar einkamál í skáldskap. Viðkvæmustu hluti. Og þetta náttúrulega hefur sínar afleiðingar.“

Dagný bendir á að það hafi vissulega hlaupið mikill hiti í umræðurnar í tengslum við Gott fólk í Þjóðleikhúsinu fyrir skömmu en að það sé þó hvergi nærri eina dæmið. „Þetta kom líka upp í sambandi við Konan við 1000° og smá gusa í kringum Steinar Braga og Jón Gnarr ekki síður. Þetta hefur færst í aukana og spurningin er hvað er í gangi? Það er það sem okkur langar til þess að tala um án þess að grafa okkur ofan í einstök verk heldur reyna að draga skýrar línur. Við verðum þarna úr ólíkum áttum en öll með stutt innlegg því meginåherslan verður á samræðu. Við viljum endilega fá viðbrögð og álit fólks en það þarf auðvitað að halda því á málefnalegum grunni.“ Eins og áður sagði verður málþingið í Árnagarði á morgun kl. 12 til 13 og allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. **magnus@frettabladid.is**

# netto

## Sparaðu með okkur...



-30%

**Lamba prime**
hvítlauk og rósmarín
**3.149 KR/KG**
Áður: 4.498 kr/kg



-25%

**Lambamjaðmasteik**
úrbeinuð
**2.249 KR/KG**
Áður: 2.998 kr/kg



netto
**Kjúklingabringur**
**1.888 KR/KG**
Áður: 2.098 kr/kg

ÓDÝRT Í netto



netto
**Kjúklingaleggir**
**694 KR/KG**
Áður: 798 kr/kg



**Kjúklingabringur**
Danskar - 900 gr.
**1.358 KR/PK**
Áður: 1.698 kr/pk



-30%

**Súpukjöt**
**699 KR/KG**
Áður: 998 kr/kg

## Sjúklega gott og girnilegt með kaffinu!



-25%

**Jarðarber**
250 gr.
**374 KR/PK**
Áður: 499 kr/pk



**Jurtarjómi**
Sprautu - 250 ml.
**199 KR/PK**
Áður: 289 kr/pk



**Sveita Vöfflumix**
450 gr
**399 KR/PK**
Áður: 429 kr/pk



COOP sultur á tilboði 299 kr.

coop



-50%

**Gulrófur**
**99 KR/KG**
Áður: 198 kr/kg

Gulrófur á tilboði

## Þú færð þorramatinn hjá okkur





GOÐI
**Þorrabakki**
Lítill **1.898 KR/PK**
Stór **2.498 KR/PK**



-20%

GOÐI
**Lambasvið**
**398 KR/KG**
Áður: 498 kr/kg



GOÐI
**Súrmatur** í fötu
700 gr.
**1.898 KR/KG**



**Pizza**
340 gr. - 3 tegundir
**498 KR/PK**

ØKOLOGISK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 19. – 22. janúar 2017**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# BÍÓ



Harrison Ford í hlutverki sínu í Blade Runner, en hún fær framhald í ár. Margir aðdáendur myndarinnar eru ekki sáttir.

# Fullt ár framhaldsmynda

**Árið í ár verður gjörsamlega troðið af framhaldsmyndum. Hollywood hefur nú í nokkur ár sökkt sér niður í endurgerðir og framhald, en það virðist sem þetta ár sé eins konar hápunktur þessa æðis jakkafatakarlanna á vesturströnd Bandaríkjanna.**

Firnamargt hefur verið sagt um árið 2016 og flest af því mjög slæmt og því eru margir æstir í að gera 2017 að betra ári, sem verður nú að teljast mjög jákvætt. Á internetinu vildi fólk meina að árið 2016 hefði verið árið þar sem allt mátti og nú er það sagt um 2017 að það sé holla og uppbyggilega árið. En hvernig verður þetta ár í raun og veru? Þær kvikmyndir sem koma í bíó á árinu ættu að geta gefið okkur ákveðna vísbendingu um það, sérstaklega fyrir okkur kvikmyndaaðdáendur – þá er það í raun það eina sem við viljum vita um þetta ár. Við lesum ekki spádóma heldur konkret-lista sem segja okkur nákvæmlega á hvaða degi mánaðarins hinar og þessar myndir koma í kvikmyndahús. Sé litið yfir þessa lista er kannski það sem aðallega stendur upp úr og stingur í augu að það eru fjári margar framhaldsmyndir á planinu. Árið 2017 virðist vera hápunktur í framhaldsmyndaæði Hollywood sem hefur verið að stigmagnast síðustu ár.

Það er kannski vert að byrja á þeim framhaldsmyndum sem valda kvikmyndanördum mestum magaverkjum – það eru líklega myndirnar Trainspotting 2 og Blade Runner 2049. Þarna er verið að henda út framhaldi af myndum sem í hugum margra eru „heilagar“ – þær hafa báðar á sér költstimpil og því ákveðin helgispjöll að hrófla nokkuð við þeim eða þeirra nærumhverfi.

Þó er ýmislegt sem á sama tíma bendir til þess að þessar kvikmyndir geti bara orðið nokkuð góðar. Í Trainspotting 2, eða T2 Trainspotting, eins og hún mun vera titluð, er mikið af sama fólkinu og kom að þeirri fyrri, þar með talinn leikstjórinn Danny Boyle og allir aðalleikararnir. Danny Boyle er auðvitað frábær leikstjóri og stiklur úr myndinni hafa verið nokkuð góðar. Það er í raun engin ástæða til að örvænta yfir framhaldinu á Trainspotting. Blade runner er mögulega erfiðari fyrir suma, enda er ýmislegt við fyrri myndina sem erfitt er að leika eftir, til dæmis magnað andrúmsloftið og allt þetta safaríka „retro“ útlit sem einkennir myndina. Á hinn bóginn má benda á að framhaldinu er leikstýrt af Denis Villeneuve sem hefur sýnt það og sannað að hann hefur afar gott vald á vísindaskáldskap. Tónskáldið Jóhann Jóhannsson mun einnig sjá um tónlistina og hann hefur sömuleiðis sannað að hann er meistari í að skapa andrúmsloft. Síðan má bara beita jákvæðninni á restina.



**Denis Villeneuve fær það erfiða verkefni að leikstýra framhaldi Blade Runner, en hann hefur sýnt að hann er ansi klár þegar það kemur að vísindaskáldskap.**

Aðrar framhaldsmyndir á árinu eru til að mynda framhald af hinni slöppu Prometheus sem kom út 2012 (ekki seinna vænna), hundraðasta Saw-framhaldið (þó að síðasta Saw-mynd hafi verið titluð The final chapter), áttunda Fast and the furious myndin þar sem einhver geðsýki gerist á Mývatni, Thor, ný Star Wars mynd, xXx mynd sem enginn bað um, framhald af hinni geysivinsælu Guardians of the Galaxy og fleira. Það er auðvitað alltaf erfitt að segja fyrirfram hvort kvikmynd sé gullmoli eða drasl, en það verður eiginlega að segja hér og nú að ansi margar af þessum ofangreindu framhaldsmyndum stefna hraðbyri í að vera kvikmyndir sem ættu að fara beina leið í ruslatunnuna og raunar óskiljanlegt að einhverjum detti í hug að framleiða þær og hana nú. **stefanthor@frettabladid.is**

## Frumsýningar



### XXX: RETURN OF XANDER CAGE

Spennumynd
Leikarar: Vin Diesel, Donnie Yen, Deepika Padukone, Kris Wu, Ruby Rose, Tony Jaa, Samuel L. Jackson, Nina Dobrev, Rory McCann, Toni Collette, Ice Cube, Hermione Corfield, Al Sapienza
Frumsýnd: 20. janúar 2017
IMDb: 5,6



### MOONLIGHT

Drama
Leikarar: Mahershala Ali, Shariff Earp, Duan Sanderson, Alex R. Hibbert
Frumsýnd: 20. janúar 2017
IMDb: 8,5
Rotten Tomatoes: 98%



### BILLI BLIKK

Teiknimynd
Leikarar: Charlotte Rose Hamlyn, Barry Humphries, Deborah Mailman, Barry Otto, Rufus Sewell
Frumsýnd: 20. janúar 2017
IMDb: 5,2
Rotten Tomatoes: 73%





GLEÐILEGT
GRÆJUÁR:)
BYRJUM ÁRIÐ MEÐ LÁTUM • ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR
FULL HD IPS
FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI
20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 149.990
BAKLÝST LYKLABORÐ 2xLED
360° SNÚNINGUR SPJALDTÖLVA, FARTÖLVA OG STANDUR
SP513
SPIN5
NÝ KYNSLÓÐ 360° FARTÖLVA
Fjölhæf lúxusfartölva með nýjustu kynslóð Intel örgjörva, öflugara þráðlausu neti og IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360°
• Intel Core i5-7200U 3.1GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
• 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
• 13.3" FHD IPS fjölsnertiskjár 1920x1080
• 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
• Baklýst chiclet lyklaborð og fjölsnertiflötur
• 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
• 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
acer
129.990
MEÐ i7 OG 512GB SSD AÐEINS 169.990
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 29.990
B3-A30
2 LITIR
acer
IconiaOne
• 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
• Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
• Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
• 16GB flash og allt að 128GB microSD
• 300Mbps WiFi, BT4.0 og GPS
• Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
• 2.0 Premium DTS HD hljóðkerfi
• Tvær FHD vefmyndavélar 5MP og 2MP
• Android 6.0 Marshmallow og fjöldi forrita
24.990
NÝ KYNSLÓÐ FRÁ ACER!
ENGIR TOLLAR VERÐ ÁÐUR 46.990
PS4
PS4SLIM
500GB PLAYSTATION SLIM
• 500GB harður diskur fyrir alla leikina
• Notar HDR tækni fyrir ótrúlega dýpt
• Spotify, Netflix, Youtube ofl öpp
• Fullkominn HD margmiðlunarspilari;)
• Taktu upp öll flottustu atvikin og deildu
• Styður PlayStation VR græjur;)
• Öflugri, þynnri og léttari ný kynslóð
• Nýr þráðlaus Dual Shock 4 stýripinni
39.990
1TB 49.990 | 1TB PRO 59.990
19. Janúar 2017 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng
ENGIR TOLLAR VERÐ ÁÐUR 24.990
KOSS
SP540
HÁGÆÐA HEYRNARTÓL
• Stórglæsileg lokuð heynartól frá Koss
• 10-25.000 Hz tíðniðssvið
• Púðar aðlagast fyrir hámarks þægindi
• Einstaklega góð hljóðeinangrun
• Hægt að brjóta saman heyrnartól
• Ný tækni sem skilar góðum hljómburði
• 1.4m útskiptanleg snúra með 3.5mm tengi
19.990
KRISTALTÆR HLJÓMUR
2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 9.990
WONLEX
GPSKRAKKAÚR
• 1.22" LED snertiskjár, tekur micro SIM
• Allt að 10 símanúmer í símaskrá
• Hægt að velja 3 SOS símanúmer
• Með innbyggðri vekjaraklukku
• Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
• Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
• GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
• Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
• App í boði fyrir iOS og Android
7.990
WONLEX GPS KRAKKAÚR!
25% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 12.990
2 LITIR
ID107
HEILSUÚR
FRÁBÆRT HEILSUÚR FRÁ WONLEX!
Frábært heilsuúr frá Wonlex með innbyggðum púlsmæli sem telur skrefin þín, vegalengdir, kaloríubrennslu ofl. Öflugt hjálpartæki sem hjálpar þér að ná þínum markmiðum.
• Frábært heilsuúr frá Wonlex
• Vandaður innbyggður púlsmælir
• Fylgstu með hvenær/hversu vel þú sefur
• Klukka, dagsetning caller ID, hitamælir ofl.
• Allt að 7 daga rafhlöðuending
• Þolir raka, rigningu og vökvaslettur
• Sérstaklega mjúk og þægileg silicon ól
• App í boði fyrir iOS og Android
WONLEX
9.740
FULLKOMINN FÉLAGI Í RÆKTINA:)
ENGIR TOLLAR VERÐ ÁÐUR 2.990
P40 4400mAh
2.490
SP Silicon Power
FERÐARAFHLAÐA
GXT 540
4.990
TRUST GXT-540
STÝRIPINNI MEÐ SNÚRU, VIRKAR MEÐ PLAYSTATION 3, PC & STEAM OS!
TRUST GAMING
GAMING STÝRIPINNI
ENGIR TOLLAR VERÐ ÁÐUR 7.990
CRUZ 16"
6.990
3 LITIR
Trust
FARTÖLVUBAKPOKI
2TB 12.990
1TB EXPANSION
7.990
4TB 21.990
SEAGATE
1TB FERÐAFLAKKARI
* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
HRAÐSENDUM 500KR
ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*
acer
SP Silicon Power
SEAGATE
plantronics
PS4
SALORA
Trust
WONLEX
XBOX ONE







Góða skemmtun í bíó!


# Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. JANÚAR 2017

### Tónleikar

**Hvað?** Saariaho og Sibelius
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Kaija Saariaho er eitt dáðasta samtímatónskáld Finnlands og margverðlaunuð fyrir list sína. Tónlist hennar einkennist af dulúð og fingerðum blæbrigðum enda hefur hún verið kölluð „töframaður hljóðsins“. Hún samdi klarínettkonsertinn handa samlanda sínum, Kari Kriikku, árið 2010.

**Hvað?** Allur lurkum laminn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Páll Rósinkrans, Jóhanna Vigdís og hljómsveitin Skepnan flytja lögin sem Bubbi Morthens og Edda Heiðrún Backman gerðu ódauðleg í kvikmynd Hilmars Oddssonar, Eins og skepnan deyr, og hljómsveitin Melchior flytur mörg af eftirminnilegustu lögunum sem Hilmar hefur samið fyrir sveitina á undanförnum 40 árum.

**Hvað?** Tappi Tíkarrass á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22
Tappi Tíkarrass tók til starfa árið 1981 og var í upphafi skipaður fjórum piltum sem nú eru orðnir menn. Söngkonan Björk gekk fljótlega til liðs við sveitina og voru þá söngvarar tveir, Björk og Eyþór Arnalds. Aðrir meðlimir voru þeir Guðmundur Gunnarsson, kallaður Frændi, og Oddur Sigurbjörnsson sem léku á trommur, þó ekki samtímis heldur hvor á fætur öðrum. Oddur fyrst og síðan Guðmundur. Eyjólfur Jóhannsson spilaði á gítar og Jakob Smári Magnússon á bassa.



Dansverkið Girrrrls eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og stóran hóp af unglingsstelpum verður sýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Í verkinu leitar Ásrún svara við spurningum um unglingsár stúlkna. MYND/STEVE LORENZ

### Uppákomur

**Hvað?** B'CHU & Kvæðamannafélagið Iðunn: Rokk og rímur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Tónleikar með Kvæðamannafélaginu Iðunni, Tríóinu B'CHU, sem skipað er Erik DeLuca, Birni Jónssyni og Þorsteini Gunnari Friðrikssyni, og franska listamanninum Anthony Plasse. Tónleikar hefjast í kvöld klukkan 21.00. Miðaverð: 2.000 krónur.

**Hvað?** Grrrrls!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Við það að verða 13 ára breyttist allt. Við urðum unglingar, við fengum vandamál, við urðum elskaðar og svo urðum við elskaðar aftur af einhverjum öðrum. Við fengum að vita hluti um hluti sem þú munt aldrei fá að vita, af því að við erum unglingsstelpur og það er ekki eitthvað sem hver sem er getur sagt. Af því það eru bara við sem getum verið unglingsstelpur og bara við sem vitum hvað það þýðir.

**Hvað?** Félagsvist Skaftfellingafélagsins og Rangæinga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skaftfellingabúð, Laugavegi 178
Skaftfellingafélagið og Rangæingar blása til félagsvistar í kvöld í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178 í Reykjavík. Herlegheitin byrja klukkan 20.00 en um 21 leytið verður gert hlé á spilamennsku og boðið upp á kaffi og kökur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Atrenna að söguskilningi – Heimildamynd
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41
Komið er að fyrsta fyrirlestri vormisseris 2017 í fyrirlestraröð RIKK fimmtudaginn 19. janúar, en að þessu sinni verður boðið upp á kvikmyndasýningu. Notes on a History er verk Francescu Soans sem mun einnig kynna myndina og spjalla við áhorfendur. Myndin verður sýnd í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands í dag klukkan 11.30 og stendur sýningin til klukkan 13.00.

### Fundir

**Hvað?** Spurt og svarað um vídeólist, leiðsagnir og sýningarlok á Erró
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Viktor P. Hannesson sýningarstjóri gengur um Ásmundarsafn og leiðir umræður um sjónrænar tengingar abstraktlistar við algóriþma í tengslum við sýningu Ásmundar Sveinssonar og Þorvalds Skúlasonar: Augans börn. Viðmælandi Viktors er myndlistarmaðurinn Kristleifur Daðason. Hann hefur rannsakað stafræna myndgreiningu og margmiðlunarleit og er einn af stofnendum Videntifier Technologies sem valdið hefur straumhvörfum á þessu sviði. Viktor og Kristleifur ræða möguleikann á að nota slíkan greiningarbúnað við listfræðilegar rannsóknir. Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt fyrir handhafa Menningarkorts Reykjavíkur og Árskorts Listasafns Reykjavíkur.











Kjötsmiðjan ehf
KJÖTVINNSLA
Íslenskar gæðakjötvörur
Netgíró
BÓNDADAGSTILBOÐ
Tilboðin gilda til 22. janúar
BITASTÆTT
FYRIR BÓNDANN
Al Capone 120 g hamborgari,
stökkar franskar og ísköld Pepsi.*
1.200 kr.
pepsi
BAD BOYS
BURGERS & GRILL
*Gildir ekki með tvöföldum borgara.
Fjölskyldutilboð
4 grillaðir hamborgarar, stökkar franskar
og ísköld 2L Pepsi.*
3.990 kr.
Hagasmári 9 | Grjótháls 8

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**2**

## FLÚR OG FÓLK

Við fylgjumst með 12 einstaklingum sem allir uppfylla eitt af þremur skilyrðum: Að vera með gamalt húðflúr sem þeir vilja láta flúra yfir að nýju, að vera með ör sem þeir vilja láta þekja með flúri eða bara að vera tilbúin að setjast í tattústólinn sér til fegrunar!

SPENNANDI
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is **365**




**2**

## HOMELAND

Glæný sería af þessum mögnuðu þáttum þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín. Hörkuspennandi þættir!

**2**

## MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**2**

## THE BLACKLIST

Raymond Reddington er hvergi banginn þegar hann og snillingarnir hjá FBI leysa stórglæpamál í sameiningu. Hörkuspennandi þættir!




## CHANGELING

Einstæð móðir verður fyrir því að syni hennar er rænt. Eftir mikla leit finnst strákurinn en hún sér strax að þetta er ekki sonur hennar.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Brother vs. Brother
**11.25** The Goldbergs
**11.45** Grantchester
**12.35** Nágrannar
**13.00** Steel Magnolias
**14.55** The Age of Adeline
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.45** Masterchef Professionals – Aus
**20.30** Flúr & fólk
**21.00** NCIS
**21.45** The Blacklist Fjórða spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**22.30** Lethal Weapon Spennandi framhaldsþáttur sem byggður er á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**23.15** Rizzoli & Isles Sjöunda og jafnframt síðasta serían af þessum vinsælu þáttum Stöðvar 2 um lögreglukonuna Rizzoli og réttarmeinafræðinginn Isles.
**00.00** The Secret
**00.50** Humans
**01.40** Person of Interest
**02.25** Camp X-Ray
**04.20** Scary Movie 5

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45** Spænski boltinn
**09.25** Spænski boltinn
**11.05** Spænsku mörkin
**11.30** Football League Show
**12.00** Premier League
**13.45** Premier League
**15.25** Premier League
**17.05** Messan
**18.35** Premier League World
**19.05** Domino's-deild karla
**21.10** NFL Gameday
**21.40** UFC Unleashed
**22.30** Premier League
**00.10** Domino's-deild karla

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05** FA Cup
**08.45** Premier League
**10.30** Premier League
**12.15** Premier League
**13.55** Premier League
**15.40** Premier League
**17.20** FA Cup
**19.00** NFL
**21.20** NFL
**00.00** NFL Gameday
**00.30** Premier League World

## STÖÐ 3

**17.45** Married
**18.10** Raising Hope
**18.30** The New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** Tekinn
**19.45** Veistu hver ég var?
**20.30** Six Puppies and Us
**21.30** Supergirl
**22.15** Angie Tribeca
**22.40** Klovn
**23.05** The New Adventures of Old Christine
**23.30** Gilmore Girls
**00.15** Tekinn
**00.40** Veistu hver ég var?
**01.20** Six Puppies and Us
**02.20** Supergirl
**03.00** Angie Tribeca
**03.25** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Zigby
**07.25** Strumparnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Stóri og litli
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.13** Zigby
**11.25** Strumparnir
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.36** Stóri og litli
**14.48** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.13** Zigby
**15.25** Strumparnir
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.36** Stóri og litli
**18.48** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Hótel Transylvania 2




## GOLFSTÖÐIN

**08.05** Sony Open in Hawaii
**12.25** PGA Highlights
**13.20** 2016 PGA TOUR Champions Year in Review
**14.10** BMW South African Open
**18.40** 2016 FedExCup Playoffs Official Film
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** CareerBuilder Challenge

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** The Class of '92
**14.00** Cheaper By The Dozen 2
**15.35** Sumarlandið
**16.55** The Class of '92 Stórgóð heimildarmynd sem fjallar um það hvernig sex knattspyrnumenn hjá Manchester United urðu að þeim goðsögnum sem þeir eru í dag. Þetta eru þeir David Beckham, Nicky Butt, Ryan Giggs, Phil og Gary Neville. Farið er yfir tímabilið frá 1992 til 1999, þegar þeir unnu Meistaradeildina.
**19.00** Cheaper by the Dozen 2
**20.35** Sumarlandið
**22.00** Changeling Dramatísk og spennandi mynd með Angelinu Jolie í aðalhlutverki. Myndin gerist á þriðja áratug síðustu aldar og segir frá einstæðri móður sem verður fyrir því að syni hennar er rænt. Eftir mikla leit segjast yfirvöld hafa fundið strákinn og láta hann í hendur móðurinnar en hún sér strax að þetta er ekki sonur hennar. Yfirvöld segja hana vera með ofskynjanir og neita að trúa framburði hennar en hún gefst ekki upp á að finna son sinn.
**00.20** Hot Tub Time Machine 2
**01.55** Need for Speed
**04.05** Changeling

## RÚV

**12.50** Rússland – Brasilía
**14.40** Ekki bara leikur
**15.10** Íþróttaafrek sögunnar
**15.35** Miranda
**16.05** Táknmálsfréttir
**16.15** Makedónía – Ísland
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Andri á flandri í túristalandi
**20.35** Best í Brooklyn
**21.00** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM í handbolta: Samantekt
**22.45** Lögregluvaktin
**23.30** Fangar
**00.20** Kastljós
**00.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Bachelor
**10.30** Síminn + Spotify
**12.10** Dr. Phil
**12.50** American Housewife
**13.10** The Voice Ísland
**14.15** Survivor
**15.35** The Voice Ísland
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man With a Plan
**20.35** The Mick
**21.00** MacGyver
**21.45** The Truth About Charlie
**23.30** The Tonight Show
**00.10** The Late Late Show
**00.50** 24
**01.35** Sex & the City
**02.00** Law & Order: Special Victims Unit
**02.45** The Affair
**03.30** MacGyver
**04.15** The Tonight Show
**04.55** The Late Late Show
**05.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LITRÍKT SKIPULAG!

35% afsláttur




**Dagbók 2017**
**TILBOÐSVERÐ: 1.234.-**
Verð áður: 1.899.-




**Áherslupenni mjór**
**TILBOÐSVERÐ: 227.-**
Verð áður: 379.-

30% afslætti

MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI!




**Magnetic Notes**
**Tilboðsverð frá: 489,-**

MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI!

30% afsláttur




**Gulir minnismiðar og ZIG ZAG**
**Tilboðsverð frá: 83,-**

# ALLT BLEK OG DUFT Á

25% afslætti

47% afsláttur



**Fjölnotapappír Pennans**
**A4 80 gr. (500 bl.)**
**TILBOÐSVERÐ: 497.-**
Verð áður: 938.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Fyrirtækjasvið - 540 2050

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð til og með 22.janúar, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Ferilstónleikar Ladda fara fram í Eldborgarsal Hörpu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Blásið til tónleika á afmælisdaginn

Stórleikarinn **Þórhallur Sigurðsson**, eða Laddi eins og flestallir þekkja hann, heldur upp á sjötíu ára afmælið sitt á morgun með stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu þar sem farið verður yfir feril hans með myndum og tónlist.

Allt sem ég hef gert hefur verið skemmtilegt, það er ótrúlega skemmtilegt að gera sjónvarpsþætti, eins og t.d. Heilsubælið, Spaugstofuna, og fá að skapa skemmtilega karaktera. Laddi 6-tugur og Laddi lengir lífið standa svona helst upp úr,“ segir Þórhallur Sigurðsson, eða Laddi eins og við öll þekkjum hann, spurður út í hvað stendur upp úr á löngum og farsælum ferli.

Laddi ólst upp í Hafnarfirði og lærði húsgagnasmíði í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Húsgagnasmíði átti hug hans allan framan af en fljótlega fór Laddi yfir á aðra braut og fór að gera það sem hann gerir best, skemmta þjóðinni. Það er óhætt að segja að Laddi hafi komið víða við á ferli sínum og meðal annars gefið út fjöldann allan af plötum.

„Það er mjög erfitt að gera upp á milli laganna sinna, en Austurstræti kemur strax upp í hugann, svo eru það Búkolla, Sandalar, Mamma og ég, Með nesti og nýja skó, Gibba gibb, Freknótta fótstutta mær, svo öll hin,“ segir Laddi og bætir við að hann hafi því miður ekki töluna á

**ÞAÐ ERU NOKKRIR KARAKTERAR SEM MÉR FINNST SKEMMTILEGT AÐ LEIKA, TIL DÆMIS EIRÍKUR FJALAR, SKÚLI RAFVIRKI, MAGNÚS BÓNDI, OG MARTEINN MOSDAL OG ELSA LUND.**

því hversu mörg lög hann hafi samið í gegn um tíðina.

Laddi hefur leikið í mörgum af vinsælustu kvikmyndum okkar Íslendinga og gert fjöldann allan af skemmtiþáttum, til dæmis Heilsubælið, Imbakassann og leikið í Áramótaskaupum. Á ferli hans hafa ófáir karakterar sprottið upp og orðið stór partur af grínsögu Íslendinga sem mun lifa um aldir.

„Það eru nokkrir karakterar sem mér finnst skemmtilegt að leika, til dæmis Eiríkur Fjalar, Skúli rafvirki, Magnús bóndi, og Marteinn Mosdal og Elsa Lund,“ segir hann og bætir við að sennilega sé Eiríkur Fjalar líkastur sér.

Spurður að því hvort fólk hafi tekið einhverjum karakter illa segir Laddi ekki svo vera. „En aftur á móti heyrði ég að Grínverjinn hefði ekki fallið í góðan jarðveg hjá Kínverjum á Íslandi, en ég fann aldrei neitt fyrir því sjálfur.“

Á morgun, á sjálfan afmælisdag Ladda, verður blásið til ferilstónleika í Eldborgarsal Hörpu, þar sem stór hljómsveit stígur á svið með Ladda ásamt gestasöngvurum.

„Þetta eru tónleikar sem byggðir eru á mínum tónlistarferli, og mínum laga- og textasmíðum. Æfingaferlið hefur gengið alveg ljómandi vel. En ég verð þó að játa það að ég er ansi spenntur, en ekki beint stressaður,“ útskýrir Laddi.

gudrunjona@frettabladid.is

## Stiklað á stóru á ferli Ladda



**1965**
Hljómsveitin Faxar var stofnuð austur á Seyðisfirði og þar sat Laddi við trommur og var aðalsöngvarinn í bandinu, hljómsveitin var að öllum líkindum fyrsta meikhljómsveit Íslands, en hún spilaði víða um Noreg og Svíþjóð.

**1969**
Laddi starfaði við leikmyndadeild Sjónvarpsins.



**1969**
Bræðurnar Glámur og Skrámur leiknar af þeim Halla og Ladda komu fram í Stundinni okkar.

**1970**
Flosi Ólafsson fékk þá bræður til að leika í tveimur atriðum í Áramótaskaupi 1970 og þar með hófst ferillinn fyrir alvöru.



**1976**
Bræðurnir og tvíeykið Halli og Laddi, Haraldur og Þórhallur Sigurðssynir voru vinsælustu skemmtikraftar áttunda áratugarins á Íslandi, og fram á þann níunda. Þeir skemmtu landanum í sjónvarpi, tróðu upp á sviði og gáfu út plötur með grínefni, sem náðu miklum vinsældum.



**1982**
Laddi fór til Los Angeles og lærði leiklist í University of California.



**1986**
Stella í orlofi frumsýnd 18. október.

**1986**
Heilsubælið.

**1991-2000**
Á þessu tímabili lék Laddi í fjölda kvikmynda ásamt því að skapa tugi karaktera meðal annars **Þórð húsvörð**, sem var fastur gestur í Stundinni okkar. Mófreð, Grínverjann, Júlíus Sauðdal, Hallgrím Ormar, Magnús bónda, Saxa og Leif óheppna.

**1997**
Fornbókabúðin.

**1996**
Áramótaskaup.

**1994**
Bíódagar.

**1992**
The Men's Choir.

**1992**
Ævintýri á norðurslóðum.



**2002**
Stella í framboði.



**2007**
Laddi 6-tugur, fjöldi sýninga var í Borgarleikhúsinu.

**2009**
Kvikmyndin Jóhannes, með Ladda í aðalhlutverki, kemur út.

**2011**
kvikmyndin Okkar eigin Osló.



**2013**
Kvikmyndin Ófeigur.

**2017**
Laddi sjötugur. Laddi heldur ferilstónleika á afmælisdaginn sinn á morgun í Eldborgarsal Hörpu.

# OUTLET

AUKA **30%** AFSLÁTTUR*

# Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM

DAGANA 2.-31. JANÚAR

*Gildir ekki af snyrtivörum, ritföngum og DVD.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Þóra Hrund Guðbrandsdóttir er þeirrar skoðunar að gott skipulag sé lykillinn að velgengni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Er „sökker“ fyrir hvatningarorðum

**Þóra Hrund Guðbrandsdóttir**, annar eigandi Munum útgáfu, hefur tileinkað sér gott skipulag enda rekur hún bæði heimili og fyrirtæki ásamt því að starfa sem verkefnastjóri hjá þjónustufyrirtækinu CP Reykjavík. Þóra lumar á ýmsum góðum ráðum sem tryggja hámarksafköst og góða nýtingu tímans og þannig verður til meiri frítími.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



Það hefur reynst verkefnastjóranum Þóru Hrund Guðbrandsdóttur vel að skipuleggja árið lauslega fram í tímann í janúar. „Þá finnst mér gott að hugsa um það sem mig langar til að gera það árið, bæði hvað varðar mig persónulega og í tengslum við atvinnu. Það er svo gaman að hafa eitthvað til að hlakka til. Síðan skipulegg ég hvern mánuð, viku og dag fyrir sig lauslega,“ segir Þóra sem hefur lagt mikla áherslu á að skipuleggja sig vel síðustu tíu ár. „En svo hef ég lagt enn þá meiri áherslu á það síðan ég eignaðist barn. Fyrir mér er markmiðasetning, gott skipulag og góð tímastjórnun lykillinn að öllu. Ef ég er ekki að passa upp á þessa þætti þá finnst mér ég mjög týnd og dagarnir geta liðið án þess að ég hafi afkastað neinu,“ segir Þóra sem vann Munum-dagbókina ásamt Erlu Björnsdóttur.

Þóra er þeirrar skoðunar að fólk sé í auknum mæli farið að spá í tímastjórnum og gott skipulag. „Já, nútímasamfélagið krefst mikils hraða og fólk er sífellt að gera sér meiri væntingar um að ná að sinna

**MEÐ GÓÐU SKIPULAGI OG AUKINNI TÍMASTJÓRNUN ER HÆGT AÐ BÚA TIL MEIRI TÍMA FYRIR FJÖLSKYLDU, VINI OG SKEMMTUN.**

vinnu, fjölskyldu, vinum, áhugamálum og líkams- eða heilsurækt. Það er mikil pressa á fólki að nýta tímann sinn vel. Með góðu skipulagi og aukinni tímastjórnun er hægt að búa til meiri tíma fyrir fjölskyldu, vini og skemmtun. Þegar upp er staðið er þetta það sem veitir manni mestu hamingjuna.“

Í bókinni Munum eru hvatningarorð sem eiga að veita innblástur. Þóra segir slík orð gefa henni „spark í rassinn“ og hvatningu. „Persónulega er ég algjör „sökker“ fyrir svona tilvitnunum og hef safnað góðum hvatningarorðum í mörg ár. Mér finnst skemmtilegt að lesa þau og þau gefa mér oft spark í rassinn eða veita mér áminningu. Þess vegna langaði okkur Erlu að hafa vel valin orð í Munum.“

Í sambandi við líkamsrækt segir Þóra ómissandi fyrir sig að vera með niðurnegldan tíma fyrir æfingar. „Það að ákveða fastan tíma eða skipuleggja æfingar fram í tímann er mun vænlegra til árangurs. Þess vegna ákváðum við að hafa æfingaramma í Munum-bókinni, hann á ekki að vera kvöð heldur hvatning. Ég hef sjálf verið að glíma við tímaskort og hef því ekki komist eins mikið í ræktina og ég vildi því að ég reyni að verja tímanum eftir vinnu með syni mínum frekar en að setja hann í barnagæslu eftir að hann hefur verið allan daginn á leikskólanum. En markmiðið er að bæta úr þessu með því að fara oftar fyrir vinnu,“ útskýrir Þóra. Meðfylgjandi eru svo góð tímastjórnunar- og skipulagsráð í boði hennar.

## 6 GÓÐ RÁÐ FYRIR ÞÁ SEM VILJA NÝTA TÍMANN BETUR

1. Skipuleggðu tímann þinn vel og gerðu plan fyrir daginn og vikuna svo að þú sért ekki að eyða tímanum í ómerkilega hluti.
2. Forgangsraðaðu verkefnum og flokkaðu eftir því hvaða verkefni verður að klára strax og hvaða verkefni mega bíða.
3. Gerðu to-do-lista yfir það sem þú þarft að gera í upphafi dags eða daginn áður.
4. Farðu aldrei í verkefni tvö á listanum fyrr en þú ert búin með verkefni númer eitt o.s.frv.
5. Ég mæli með smáforriti sem heitir 25 minutes, þá einbeitirðu þér að einu verkefni í einu í 25 mínútur án þess að gera neitt annað, svo tekur þú pásu í 5-10 mínútur og byrjar svo upp á nýtt.
6. Taktu þér tíma til að setjast niður og setja þér markmið. Veltu þá fyrir þér hvað þig virkilega langar til að gera í lífinu og finndu leiðina til að láta það verða að veruleika.




Þóra segir Munum-dagbókina vera frábært verkfæri til að hjálpa við markmiðasetningu, tímastjórnun og að efla jákvæða hugsun.

# Útsala í Módern

## 10–50% afsláttur af öllum vörum

## 22.–30. janúar

OPNUNARTÍMI ÚTSÖLU

MÁNUD. – FÖSTUD. 11–18
LAUGARDAG 11–16
SUNNUDAG 12–16



**AFSLÁTTUR**
AF SÉRPÖNTUNUM
MEÐAN Á ÚTSÖLUNNI
STENDUR

AFSLÁTTURINN
GILDIR EINNIG
Í VEFVERSLUN

PIPAR\TBWA • SÍA

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
11.01.17 – 17.01.17



1 8 vikna blóðsykurkúrinn
Michael Mosley



2 Ný tölfræði fyrir framhaldsskóla
Björn Einar Árnason



3 Almanak Háskóla Íslands 2017
Þorsteinn S. / Gunnlaugur B.



4 Synt með þeim sem drukkna
Lars Mytting



5 Aflausn
Yrsa Sigurðardóttir



6 Stúlkan sem enginn saknaði
Jónína Leósdóttir



7 Drungi
Ragnar Jónasson



8 Petsamo
Arnaldur Indriðason



9 Heiða
Steinunn Sigurðardóttir



10 Ómótstæðileg Ella
Ella Mills Woodward

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




**Barði Jóhannsson er orðinn markaðsstjóri Íslandshótela.** MYND/JEANEEN LUND

# Ætlar að halda áfram að skapa samhliða markaðsstjórastarfinu

Tónlistarmaðurinn **Barði Jóhannsson** tók nýverið við starfi markaðsstjóra Íslandshótela og segir hann starfið leggjast vel í sig og veita sér innblástur fyrir listræna sköpun sem hann mun sinna samhliða.

Sem tónlistarmaður hefur Barði Jóhannsson töluverða reynslu af markaðssetningu en hann hefur aldrei verið með umboðsmann og því séð um öll praktísk atriði sem fylgja útgáfu, viðburðum og tónlistarsköpun sjálfur. Hann er vel í stakk búinn fyrir nýja starfið sem markaðsstjóri Íslandshótela. „Ég hef unnið við markaðssetningu út um allan heim sem tónlistarmaður, framleiðandi og útgefandi. Eins hef ég skipulagt og fjármagnað stóra viðburði, sem og rekið mitt eigið fyrirtæki í 17 ár auk þess að hafa verið í ýmsum nefndum og stjórnum á vegum Reykjavíkurborgar. Þá hef ég einnig staðið að fjármögnun verkefna, verkefnastjórnun, fjárhagsáætlanagerð og unnið að fjölda verkefna í samvinnu við útflutningsskrifstofur, sendiráð, kynningarfyrirtæki og fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi og erlendis,“ útskýrir Barði sem gjarnan er kenndur við hljómsveitina Bang Gang.

„Ég held að fólk vanmeti oft þá reynslu sem listamenn sem hafa náð langt erlendis búa yfir. Fyrir utan hreint landkynningargildi, fæst mikil og víðtæk reynsla á fjölmörgum sviðum.

Sem markaðsstjóri sé ég um uppbyggingu vörumerkja Íslandshótela, auglýsingaherferðir, viðburðastjórnun, vöruþróun, markhópagreiningu auk fjölda annarra verkefna sem falla til. Þetta er stór keðja og mikið af verkefnum sem liggja fyrir, stór og smá,“ segir Barði aðspurður hvað hans helstu verkefni fyrir Íslandshótel feli í sér.

Þó að Barði sé kominn í þetta nýja og krefjandi starf mun hann þó áfram gefa sér tíma til að búa til tónlist. „Ég er alltaf að skapa. Áður en ég ákvað að ganga til liðs við Íslandshótel, bjó ég þannig um hnútana að ég væri með samninga við tvö fyrirtæki um alheimsdreifingu á öllu sem ég gef út. Eftir að hafa unnið einn í langan tíma saknaði ég þess að vinna með fólki. Samvinna veitir innblástur og hjá Íslandshótelum er fjöldi af fagfólki sem er hressandi og mjög gefandi. Mér finnst frábært að vinna að krefjandi verkefnum á daginn og leyfa svo huganum að ferðast á kvöldin,“ segir Barði.



**Fosshótel Jökulsárlón.** MYND/BENJAMIN HARDMAN

Að lokum er Barði spurður út í sín uppáhaldshótel sem heyra undir Íslandshótel en á erfitt með að gera upp á milli hótela. „Hvert hótel hefur sinn sjarma. Fosshótel Hellnar hefur mikinn sjarma vegna staðsetningarinnar og útlit hótelsins fellur vel í umhverfið. Fosshótel Jökulsárlón á Hnappavöllum er mjög fallega hannað og eins frábær staðsetning ef maður vill komast frá amstri dagsins. Fosshótel Austfirðir hefur svakalega mikinn karakter enda gamall spítali sem hefur verið gerður upp á einstakan og fallegan hátt. Svo er alltaf gaman að koma á Fosshótel Reykjavík sem er með veitingastaðinn Haust Restaurant og Björgarðinn. Ekki má gleyma Grand Hóteli Reykjavík en þar eru skrifstofurnar og allt nánasta samstarfsfólkið. Þar er alltaf gaman að mæta, ekkert nema snillingar sem taka á móti manni daglega. Einnig er mjög gefandi að starfa með hótelstjórum út um allt land og í raun gæti ég talið upp öll hótelin sem uppáhalds.“

**gudnyhronn@365.is**

## UM ÍSLANDSHÓTEL

- Íslandshótel rekur 17 hótel; Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum og Fosshótelin sem eru staðsett víðs vegar um landið.
- Innan hótel keðjunnar munu starfa um 1.000 manns í sumar
- Mikil uppbygging á sér stað, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni.
- Sumarið 2015 var nýtt Fosshótel Reykjavík opnað, í því eru 320 herbergi.
- Sumarið 2016 var Fosshótel Jökulsárlón tekið í notkun, hótelið er á Hnappavöllum í Öræfasveit og hefur 104 herbergi.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




## 25 HOT WINGS

Við elskum HM í handbolta! Þess vegna er tilboð á Hot Wings meðan á mótinu stendur. 25 funheitir Hot Wings á aðeins:

**2.799 KR.**




Mundu eftir Hot Wings sósunni!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Tómasar Þórs Þórðarsonar




## Hættulegur hvíslleikur

Íslenska þjóðin er ein stór fjölskylda. Við rífumst innbyrðis en þegar einhver gerir eitthvað á okkar hlut rísum við upp á afturlappirnar, sameinuð, og verjum okkur með kjafti og klóm.

Þetta erum við að sjá núna, einu sinni sem oftar, í kringum óhugnaðinn sem er hvarf Birnu Brjánsdóttur. Við erum svo einhuga um að finna stúlkuna eða þá sem mögulega hafa gert eitthvað á hennar hlut að mörgum okkar halda engin bönd. Þetta getur verið fallegt en líka stórhættulegt.

Samfélagsmiðlar hafa spilað stóra rullu í þessum harmleik. Þar hafa flestir, sem betur fer, einungis sagt fallega hluti um Birnu og vottað aðstandendum hennar samúð á meðan stúlkan finnst hvergi. Aðrir hafa, eins og samfélagsmiðla er von og vísa, opinberað sig sem fávita og enn aðrir því miður gert illt verra með því að dreifa sögum sem lögreglan hefur þurft að elta.

Lögregla þurfti til dæmis í tvígang að eltast við eina gróusögu byggða á almannarómi. Þar var mikilvægum tíma og mannafla eytt í að gera nákvæmlega ekki neitt vegna þess að saga fór af stað sem varð alltaf ýktari og ýktari í hvert skipti sem hún var sögð.

Því miður er þetta orðinn stórhættulegur hvíslleikur. Saklaus saga, oftast byggð á sandi, fer í gegnum nokkra aðila á samfélagsmiðlum og er orðin margfalt ótrúlegri þegar búið er að hvísla henni áfram nokkrum sinnum. Fjölmiðlar sem og lögreglan eru látin vita þegar sagan á að heita heilagur sannleikur og þannig vandast verk beggja aðila. Við öll viljum Birnu það besta, en pössum okkur.

Þetta er ekki leikur heldur grimmur raunveruleikinn.








